# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

301. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 22. DESEMBER 2016




Birkir Jónsson og Ylfa dóttir hans stóðu í jólainnkaupum á Skólavörðuholtinu í snjókomunni í gær. Fyrir þá sem hyggja á búðaráp í dag má benda á að spáð er snjókomu í Reykjavík og hita við frostmark. Fjögurra til sex stiga frosti er spáð á Akureyri, Bolungarvík og Egilsstöðum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Jón Kalman Stefánsson skrifar um dularfullan sjúkdóm stjórnmálamanna. 33

**SPORT** Vildi gera stærri og meiri kröfur til mín, segir Sara Björk sem hefur átt annasamt ár. 42

**MENNING** Börn sem hafa gott aðgengi að bókum eru líklegri til að lesa. 50

**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

# Loksins kominn tími til að halda gleðileg jól

**Samherji tilkynnti í gærkvöldi að 60 mánaða rannsókn Seðlabankans á dótturfélagi fyrirtækisins hefði verið hætt. Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, viðurkennir að málið hafi tekið á. Hann er ósáttur við framgöngu bankans.**

**SAMFÉLAG** „Það var kominn tími til að fara ekki í gegnum enn ein jólin með þetta yfir sér,“ segir Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, en fyrirtækið tilkynnti í gærkvöldi að Seðlabankinn hefði látið mál sitt gegn Kaldbaki ehf., dótturfyrirtæki Samherja, niður falla eftir 60 mánaða langa rannsókn. Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri vildi ekki tjá sig um málið.

Samkvæmt tilkynningu Samherja um niðurfellinguna snerist málið um tvær bankafærslur, þar af var önnur upp á 1.500 norskar krónur eða um 20 þúsund íslenskar.

Í tilkynningunni kemur fram að það sé von Samherja að menn verði látnir axla ábyrgð á tilhæfulausum og afar kostnaðarsömum aðgerðum undanfarinna ára og breytingar verði gerðar í stjórnsýslunni þannig að slíkt geti ekki endurtekið sig.

„Hjartað segir manni að það sé lítil von um að einhver axli ábyrgð í þessu máli, því miður. Það verður að hafa í huga hvernig Seðlabankinn er búinn að haga sér, sem er búið að hafa áhrif á gríðarlega marga. Þegar búið er að fella niður á annað hundrað kærur á fyrirtæki og einstaklinga þá verður að álykta að eitthvað sé að í stjórnsýslunni.“

> Þegar maður er hafður fyrir rangri sök svona lengi þá er það erfitt og ég skal viðurkenna það að þetta er búið að vera erfitt.



Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja

Við ætlum að berjast gegn því að svona geti gerst aftur og það hefði átt að vera búið að stoppa þennan leik fyrir löngu,“ segir hann.

Þorsteinn viðurkennir að á þessum 60 mánuðum hafi komið stundir þar sem hann velti fyrir sér hvort hann hefði jafnvel gert mistök. „Að sjálfsögðu spurðum við okkur að því, við erum ekkert óskeikulir. Við vorum líka að reka fyrirtæki á erfiðum tíma eftir hrun og við útilokuðum ekkert að við hefðum gert mistök. Við förum að sjálfsögðu yfir okkar mál en það gekk erfiðlega að fá upplýsingar um hvað við áttum að hafa gert – því var haldið frá okkur mjög lengi.“

Hann bendir á að nánast allar fullyrðingar Seðlabankans um Samherja hafi reynst rangar og málatilbúnaður bankans hafi oft breyst frá upphafi málsins. Hann segir að málið hafi tekið á, enda sé erfitt að vera hafður fyrir rangri sök svona lengi. „Að hafa svona yfir sér er þungt og þetta snerti marga. Svona lagað á ekki að geta gerst og að rannsóknin taki svona langan tíma, eins og Seðlabankinn tók sér, er algjörlega óásættanlegt. Það á ekki að vera hægt að fara með fólk á svona hátt.

Þegar maður er hafður fyrir rangri sök svona lengi þá er það erfitt og ég skal viðurkenna það að þetta er búið að vera erfitt.“

benediktboas@365.is



Magnús Sigurðsson með barnabörnum við húsið sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Skreytir húsið hátt og lágt

**LÍFIÐ** „Þetta hefur nú bara verið að þróast alltaf meira og meira í 20 ár,“ segir Magnús Sigurðsson rafvirkjameistari, en hann skreytir hús sitt og lóðina í kring hátt og lágt fyrir jólin með þúsundum ljósapera. „Þetta eru einhver nokkur þúsund. Átta, níu þúsund myndi ég halda,“ áætlar Magnús sem kaupir jólaskrautið í Ameríku. „Það munar slatta á verði og oft eru þetta skemmtilegri ljós.“

– gha / sjá síðu 68





HNÍFAPARATÖSKUR

12 MANNA ÁSAMT FYLGIHLUTUM YFIR 15 TEGUNDIR

VERÐ FRÁ KR.24.990



Tékk KRISTALL 45 ÁRA

LAUGAVEGI 178 – SÍMI 568 9955

SMÁRALIND



OPIÐ TIL 22 Í KVÖLD

OPIÐ TIL 22 Í KVÖLD

2 DAGAR TIL JÓLA



## Veður




Suðvestankaldi með éljaveðri, en úrkomulaust norðaustanlands. Talsvert frost um land allt. SJÁ SÍÐU 48



**Hamborgarhryggurinn er enn vinsælasta jólamáltíð Íslendinga.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Hamborgarhryggur enn vinsælastur

**SAMFÉLAG** Tæplega helmingur Íslendinga, eða um 46 prósent, hyggst borða hamborgarhrygg í aðalrétt á aðfangadag samkvæmt nýrri könnun MMR. Vinsældir hamborgarhryggjarins dala örlítið á milli ára en í fyrra neyttu 50 prósent Íslendinga hamborgarhryggs á aðfangadag.

Niðurstöður könnunarinnar gefa einnig til kynna að Íslendingar yngri en 50 ára séu töluvert líklegri til að borða hamborgarhrygg í ár en þau sem eldri eru.

Næstvinsælustu aðalréttirnir á boðstólum Íslendinga á aðfangadag eru lambakjöt og kalkúnn en um tíu prósent Íslendinga hyggjast neyta þess á jólunum. Átta prósent hyggjast borða rjúpur og um fjögur prósent svínakjöt.

Líklegast er að rjúpur séu á boðstólum Framsóknar- og Sjálfstæðismanna en um tólf prósent þeirra sem studdu Sjálfstæðisflokkinn og þrettán prósent þeirra sem studdu Framsóknarflokkinn ætla að borða rjúpur á aðfangadag, borið saman við eitt prósent Pírata og þrjú prósent Bjartrar framtíðar. **– þh**

**46%**

**hyggjast borða hamborgarhrygg um jólin sem er örlítil minna en í fyrra.**

## Blótað að heiðnum sið



**Hilmar Örn Hilmarsson allsherjargoði fer fyrir jólablóti Ásatrúarfélagsins, en það var haldið á vetrarsólstöðum í Öskjuhlíð í gær. Eftir jólablótið var veisla í sal Flugvirkjafélagsins í Borgartúni 22 þar sem félagsmenn skemmtu sér yfir mat og drykk.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Nokia og Apple í hár saman

**TÆKNI** Hið finnska Nokia ætlar í mál við tæknirisann Apple vegna meintra höfundarréttarbrota. Apple lagði hins vegar fram kæru á hendur nokkrum aðilum í gær sem fyrirtækið telur kúga sig með því að rukka um stjarnfræðilegar upphæðir fyrir slík afnot.

Hefur Nokia lagt fram kærur bæði í Þýskalandi og Bandaríkjunum vegna þessa en fyrirtækið á höfundarrétt á fjölda þátta sem þarf til þess að framleiða snjallsíma, spjaldtölvur og sambærilega tækni.

„Nokia hefur skapað átt þátt í sköpun mikilvægrar tækni sem notuð er í snjallsímum nútímans, þar á meðal vörum Apple. Eftir nokkurra ára samningaviðræður þar sem við höfum reynt að fá Apple til að greiða fyrir afnot af tækninni erum við nú að grípa til aðgerða,“ sagði Ikka Rahnasto hjá Nokia í yfirlýsingu í gær. **– þea**

# Foreldrar bíðu í röð eftir vinsælustu gjöfinni

**Íslensk börn taka þátt í sannkölluðu heimsæði fyrir þessi jólin en leikfangið Hatchimals er uppselt á heimsvísu. Foreldrar bíðu í röð fyrir utan Toys'R'us til að kaupa leikfangið sem gengur kaupum og sölum á netinu fyrir háar fjárhæðir.**

**VIÐSKIPTI** Vinsælasta leikfang þessara jóla er uppselt fyrir löngu og borin von að verða sér úti um það fyrir aðfangadag. Í byrjun mánaðarins stóðu foreldrar í röð fyrir utan leikfangaverslanir Toys'R'us eftir að hreppa alls 250 eintök sem bárust þá til landsins. Síðasta sendingin fyrir jól seldist upp á klukkustund.

„Á hverju ári er eitthvert leikfang vinsælasta leikfangið. Í ár var það Hatchimals. Við seldum miklu minna en við hefðum getað selt. Framleiðandinn hafði einfaldlega ekki undan og leikfangið er uppselt um allan heim,“ segir Örvar Birkir Eiríksson, verslunarstjóri Toys'R'us á Korputorgi. Hann segir leikfangið höfða bæði til stráka og stelpna. Engar sölutölur eru til um fjölda eintaka sem seld voru hér á landi en ljóst er að að minnsta kosti mörg hundruð ef ekki þúsundir leikfanga voru seldar fyrir þessi jól. Hvert Hatchimal-leikfang kostaði tæpar tólf þúsund krónur.

„Fólk hefur verið að kaupa leikfangið á netinu en mér skilst að verðið sé orðið ansi hátt. Við erum að fá símtöl frá hinum og þessum löndum og fyrirspurnir í tölvupóstum um hvort við eigum fleiri. Menn eru að leita að þessu þvert á landamæri. Þetta er ekki bara einhver íslensk sérviska heldur leikfang sem hitti í mark víða um heim,“ segir Örvar.

Sé Hatchimals skráð inn í leitarglugga Facebook sést að mörg þúsund manns eru skráð í sölu- og skiptihópa fyrir leikfangið. Erlendir fjölmiðlar hafa margir hverjir fjallað um æðið sem gripið hefur um sig og jafnan greint frá því ef ný sending er að berast í verslanir svo foreldrar geti verið tilbúnir í röð fyrir utan með peningaveskin.



**Örvar Birkir Eiríksson verslunarstjóri Toys'R'us á Korputorgi. Foreldrar hafa beðið fyrir utan verslunina í von um að geta glatt börn sín á aðfangadag.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Gagnvirki bangsinn Hatchimal

Leikfangið sem á hug og hjarta barna um allan heim var fyrst opinberað þann 7. október síðastliðinn með umfangsmikilli auglýsingaherferð. Leikfangið var markaðssett fyrir stúlkur á aldrinum sex til átta ára en hefur náð víðfeðmum vinsældum hjá strákum líka og eldri aldurshópum.

Leikfangið kemur í raun sem egg sem hjálpa þarf að klekjast út. Ætlast er til þess að egginu sé klappað og sýnd athygli þar til úr því klekst lítill ungi. Eggið sýnir viðbrögð við atlætinu og augu þess lýsa. Mjúkdýrið heldur svo áfram að vera gagnvirkt eftir að það er komið úr egginu og þroskast og breytir um persónueinkenni eftir því sem því er sýnd meiri athygli.

„Það má segja að þetta sé svona leikfang sem fæðist,“ segir Örvar Birkir.




„Við vissum að þetta yrði vinsælt. Fyrir rúmri viku fengum við svo að vita að það kæmi ekkert fyrir jól. Flestir áhugasamir eru núna búnir að frétta af því en það kemur einhver fjöldi fyrirspurna á hverjum degi frá fólki.“ Toys'R'us á Íslandi fékk tækifæri til að gefa fjögur leikföng sem ætluð voru sem sýniseintök. Dregið verður úr leiknum í dag en tæplega tvö þúsund manns hafa skrifað athugasemd við færslu verslunarinnar á Facebook í þeirri veiku von að hreppa hnossið.

**snaeros@frettabladid.is**

Eldstæði
LANDMANN
Er frá Þýskalandi

VERÐ ÁÐUR 29.900
JÓLATILBOÐ
19.900

grillbudin.is
Opið virka daga kl. 11-18
Opið aðfangadag kl. 10-12
Grillbúðin
Smiðjuvegi 2, Kópavogi - (við hliðina á Bónus) - Sími 554 0400


HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
blómaval
JÓLATRÉ
ALLAR STÆRÐIR
EITT VERÐ
NORMANNSÞINUR • STAFAFURA • RAUÐGRENI
4.900 kr
TILBOÐIÐ HEFST Í DAG OG GILDIR
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
Opið til
22:00
SKÚTUVOGI
Alla daga
til jóla
40%
AFSLÁTTUR
ALLAR
SERÍUR
OG JÓLAVÖRUR*
Jólatúlipanar
10 stk
1.490 kr
1.990 kr
*Afsláttur gildir ekki af jólatrésfótum og jólaskreytingum
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.

# Fjárlaganefnd setur 12 milljarða ofan á fjárlögin

**ALÞINGI** Samkomulag hefur náðst milli flokka á Alþingi um að ljúka vinnu við fjárlög. Haraldur Benediktsson, formaður fjárlaganefndar, segist vongóður um að hægt verði að samþykkja fjárlög fyrir jól og ganga inn í jólafrí með það að markmiði að mynda starfhæfan meirihluta á þingi.

Mikið hefur mætt á fjárlaganefnd síðustu daga og fundað hefur verið stíft til að ná niðurstöðu í nefndinni um að ljúka fjárlögum í sem mestri sátt. Þar sem enginn eiginlegur meirihluti er á þingi hafa allir flokkar lagst á árarnar um að koma til móts hver við annan.

**4,6** milljarðar fara aukalega til samgöngumála.

„Þar sem lítill tími er til stefnu sammælast flokkarnir um að núverandi ríkisstjórnarflokkar, Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur, greiði atkvæði með fjárlagafrumvarpinu en aðrir flokkar sitja hjá við afgreiðslu þess. Menn eru sammála um að aðstæðurnar sem uppi eru nú kalli á samstöðu um málið,“ segir Haraldur.

**5,2** milljarðar renna aukalega til heilbrigðismála.

„Hins vegar munu allir flokkar standa saman að breytingartillögum á frumvarpinu þess efnis að bæta í útgjöld til fjögurra megin málaflokka.“

Málaflokkarnir sem Haraldur bendir á eru heilbrigðismál, samgöngumál, menntamál og löggæslumál. Fjárlagafrumvarpið gerði ráð fyrir 36 milljarða útgjaldaaukningu en fjárlaganefnd ætlar að bæta við 12 milljörðum að auki. 5,2 milljarðar fara til heilbrigðismála, 4,6 milljarðar til samgöngumála, 1,7 til menntamála og hálfur milljarður fer til Landhelgisgæslu og til löggæslu.

„Við höfum unnið stíft síðustu daga og vonumst eftir því að frumvarpið gangi til annarrar umræðu sem fyrst,“ segir Haraldur. „Útgjaldaaukning ríkissjóðs nemur nærri fimmtíu milljörðum króna frá fyrra ári svo margir málaflokkar eru að fá aukið fjármagn sem er vel. Við vonumst svo til þess að hægt sé að samþykkja frumvarpið fyrir jól.“ **– sa**



**Haraldur Benediktsson er formaður fjárlaganefndar.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Donald Trump er hann þakkaði stuðningsmönnum sínum í Iowa.** NORDICPHOTOS/AFP

## Trump varði kjörmannakerfi

**BANDARÍKIN** Donald Trump, verðandi forseti Bandaríkjanna, sagði á Twitterreikningi sínum í gær að hann hefði getað fengið fleiri atkvæði en Hillary Clinton á landsvísu í forsetakosningunum hefði hann viljað það.

„Það er mun erfiðara og fágaðra að reyna að safna kjörmönnum en almennum atkvæðum. Hillary einbeitti sér að röngum ríkjum,“ segir í einu tísta forsetans verðandi.

„Ég mundi hafa staðið mig enn betur í kosningunum, ef það er yfir höfuð hægt, ef það hefði þurft að fá fleiri atkvæði. Þá hefði ég staðið að kosningabaráttunni á annan hátt,“ segir í öðru. **– þea**

## Íslendingur vann 53,4 milljónir

**SAMFÉLAG** Íslendingur fékk fyrsta vinning í Víkingalottói vikunnar sem að þessu sinni var106.827.900 krónur. Hann deildi vinningnum með Norðmanni og fékk því 53.413.950 krónur í sinn hlut.

Vinningstölurnar voru 2, 15, 33, 34, 36 og 38 og var miði Íslendingsins seldur í Olís í Keflavík.

Þá vann Íslendingur einnig annan vinning í Jókernum og uppskar hundrað þúsund krónur.

Sá miði var seldur í Fjarðarkaupum í Hafnarfirði. **– þea**

# Grípa inn í þegar ung börn deila klámefni sín á milli

**Fyrsta ráð foreldra við klámnotkun barna er að leita lausna til að loka á aðgengi að síðunum á internetinu. Fulltrúi SAFT netöryggisverkefnis segir að fræðsla sé besta forvörnin. Hægt sé að finna leiðir fram hjá flestum klámvörnum sem í boði eru á markaði. SAFT fræðir nemendur, foreldra og kennara um klámnotkun barna.**

**SAMFÉLAG** „Við vitum af því að börn skoða klám. Strákar skoða frekar klám og yngri krakkar eru líklegri til að lenda inni á klámsíðum óvart heldur en eldri krakkarnir,“ segir Guðberg K. Jónsson, verkefnastjóri SAFT, sem er vakningarátak um örugga tölvunotkun barna og unglinga. Í Fréttablaðinu í gær var greint frá því að fjórtán ára börn hefðu þurft að leita sálfræðihjálpar vegna klámfíknar og að börn væru sífellt að verða yngri þegar þau sjá klám í fyrsta skipti.

„Við höfum fengið fyrirspurnir frá foreldrum um hvernig þau geta lokað fyrir efnið. Það er lausnin sem öllum dettur fyrst í hug. En svo höfum við líka fengið beiðni um fræðslu frá skólum og foreldrum barna þar sem er sérstaklega farið yfir þetta. Það yngsta er hjá þriðja og fjórða bekk þar sem krakkar hafa hafa verið að deila hlekkjum á klámefni,“ segir Guðberg.

SAFT hefur gert kannanir á meðal foreldra og barna en nýjustu niðurstöður slíkrar könnunar eru frá 2013. Athygli vekur að í niðurstöðum könnunarinnar segja tæp tíu prósent foreldra að barn þeirra hafi séð klám á síðastliðnum tólf mánuðum. Í sömu könnun sögðust 29 prósent barna hafa séð klámefni á síðustu tólf mánuðum. Aukin notkun snjallsíma hjá börnum gæti haft enn frekari áhrif á þessar tölur þegar nýjar niðurstöður verða kynntar.

Guðberg segir að hægt sé að nota ýmis forrit til að koma í veg fyrir að börn rambi óvart á klámsíður. „En unglingar munu finna leiðir fram hjá þessum vörnum. Það eru til leiðbeiningar á netinu um það hvernig farið er fram hjá þessu. Ég held meira að segja að þessar leiðbeiningar séu til á íslensku.“

Hann segir að fræðslan skipti sköpum frekar en að loka á aðgengi að síðunum. „Börn þurfa snemma að vera meðvituð um að flest af því klámefni sem þau rekast á á netinu er ólíklega að endurspegla raunverulegt kynlíf. Það getur gefið þeim óraunhæfar væntingar um hvað kynlíf er.“

Símafyrirtækin bjóða upp á netvara sem hamlar aðgengi heimilisins að óæskilegu efni. Netvarinn gengur aftur á móti ekki ef símtæki barnanna eru aðeins tengd 4G neti í stað þráðlauss internets. „Fjöldi appa getur hjálpað foreldrum að vernda börnin gegn óæskilegu efni og við mælum með því að foreldrarnir stjórni ferðinni sjálfir. Vörnin er best í tækinu sjálfu og má nefna appið Save Family frá McAfee. Það er frítt. Munum samt að svona varnir eru ekki alltaf hundrað prósent en þær hjálpa,“ segir Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans. **snaeros@frettabladid.is**



**Flest börn og unglingar hafa óheftan aðgang að internetinu í gegnum snjallsímann allan sólarhringinn. Í gegnum símann er greiður aðgangur að klámi.** NORDICPHOTOS/GETTY

> **Það yngsta er hjá þriðja og fjórða bekk þar sem krakkar hafa hafa verið að deila hlekkjum á klámefni.**

Guðberg K. Jónsson, verkefnastjóri SAFT



> **Vörnin er best í tækinu sjálfu og má nefna appið Save Family frá McAfee. Það er frítt.**

Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans





SMÁRALIND

# GJAFAKORT SMÁRALINDAR

## ÓTAL MÖGULEIKAR Í EINUM PAKKA



OPIÐ TIL **22** Í KVÖLD

**ÞÚ FÆRÐ GJAFAKORTIÐ Á ÞJÓNUSTUBORÐI SMÁRALINDAR EÐA Á SMARALIND.IS**

OPIÐ TIL 22 ÖLL KVÖLD TIL JÓLA | ÞORLÁKSMESSA 11-23 | AÐFANGADAGUR 10-13 | WWW.SMARALIND.IS | FACEBOOK | INSTAGRAM | SNAPCHAT



Frá kynningu á Apple Watch. NORDICPHOTOS/AFP

# Slæmt ár fyrir snjallúr

**TÆKNI** Sala snjallúra hefur ekki gengið jafn vel á árinu og framleiðendur vonuðust eftir. Apple og Fitbit, tveir af stærstu framleiðendunum, bjuggust við sextíu prósenta aukningu á árinu en raunin varð tæp 25 prósent. Nú er stefnan sett á að halda þeirri tölu þegar litið er til næsta árs. Frá þessu er greint í úttekt eMarketer.

Nicole Perrin, greinandi hjá eMarketer, segir frá því í úttektinni að áður en Apple Watch kom á markað hafi snjallúraframleiðendur að mestu einbeitt sér að því að mæla hjartslátt, skrefafjölda og aðra sambærilega þætti. Apple Watch átti hins vegar að vera eins konar aukatæki fyrir snjallsíma.

Hún segir jafnframt að Apple hafi ekki sannfært neytendur um að þeir þurfi slíkt úr. Sérstaklega ekki þar sem þau kosti meira en hin hefðbundnu heilsutengdu úr.

„Í ljósi skorts á augljósu notagildi hafa fágaðri, dýrari snjallúr ekki orðið eins algeng og við var búist,“ segir Perrin. **– þea**



Akureyringar hafa hingað til ekki notað salt sem hálkuvörn. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Vill salta götur Akureyrar

**AKUREYRI** Gunnar Gíslason, oddviti Sjálfstæðisflokksins í bæjarstjórn Akureyrar, vill skoða þann möguleika að nota salt til hálkuvarna á Akureyri. Tíðkast hefur nær alla tíð að sanda götur bæjarins.

Gunnar bar upp tillögu í bæjarstjórn þess efnis að gerð yrði skoðanakönnun meðal íbúa um leiðir til hálkuvarna og haldinn yrði íbúafundur í kjölfarið. Vill hann losna við malarefni eins og kostur er til að minnka myndun svifryks.

Akureyringar hafa sjálfir státað af því í gegnum tíðina að nota ekki saltið sem hálkuvörn. Tillaga Gunnars var samþykkt með ellefu samhljóða atkvæðum í bæjarstjórn. **– sa**






## Snjór í Aleppo



Hermaður gengur í gegnum rústir í Aleppo í Sýrlandi en mikil snjókoma var í borginni í gær. Enn voru þúsundir almennra borgara innikróaðar í borginni í gær, en brottflutningur dróst á langinn. NORDICPHOTOS/AFP

# Héraðsdómarar hafa ekki rætt skráningu

**Hæstiréttur mun birta hagsmunatengsl dómara frá og með áramótum. Ekki er ljóst hvort eða með hvaða hætti héraðsdómarar munu fylgja í kjölfarið.**

**STJÓRNSÝSLA** Héraðsdómarar hafa ekki rætt hvort, og með hvaða hætti, gera eigi upplýsingar um hagsmunatengsl þeirra opinberar eður ei. Málið verður líklega tekið fyrir á nýju ári.

Fyrir viku tilkynntu dómarar við Hæstarétt að þeir hygðust, frá og með áramótum, gera upplýsingar um hagsmunatengsl sín aðgengilegar á vef dómstólsins. Við ákvörðunina mun rétturinn taka mið af fyrirmælum laga um dómstóla. Talsvert var rætt um hagsmunatengsl dómara í kjölfar þess að fjölmiðlar fjölluðu um hlutabréfaeign hæstaréttardómara.

Fréttablaðið sendi fyrirspurn til dómstjóra héraðsdómstóla landsins. Í svörum þeirra kom fram að ekki væri á valdi dómstjóra að taka einhliða ákvörðun um að fylgja fordæmi Hæstaréttar í þessu efni. Hins vegar voru þeir fæstir í vafa um að málefnið yrði rætt innan dómarastéttarinnar á komandi ári en þá líklega með milligöngu Dómarafélags Íslands (DÍ). Svör frá héraðsdómum



42 héraðsdómarar starfa við dómstóla landsins. Flestir starfa við Héraðsdómstólinn í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Norðurlands eystra, Vestfjarða, Vesturlands og Suðurlands höfðu ekki borist þegar fréttin fór í prentun.

Í svari Jóns Höskuldssonar, formanns dómstólaráðs, kemur fram að líklega sé aðkoma ráðsins langsótt með hliðsjón af lögbundnu hlutverki þess. Efnið hafi ekki verið rætt á vettvangi ráðsins en það verði gert á næsta fundi þess sem haldinn verður 4. janúar.

„Það þarf meðal annars að kanna hvernig þetta er gert í öðrum löndum. Í fljótu bragði virðist mér dómarar Hæstaréttar ganga mjög langt með sinni birtingu,“ segir Skúli Magnússon en hann gegnir formennsku í DÍ.

Við ákvörðun sem þessa þurfi að horfa ýmissa atriða að mati Skúla. Nauðsynlegt sé að ákveða hvort eitt skuli yfir alla dómara ganga eða hvort hæstaréttardómarar þurfi að lúta strangari reglum. Þá sé óljóst hvort setja þurfi reglur um efnið eða dómarar geti ákveðið þetta einhliða að eigin frumkvæði.

„Ég á von á því að þetta mál verði tekið upp innan Dómarafélagsins,“ segir Skúli. Ekki liggur fyrir hvernig því verður hagað, hvort boðað verði til almenns félagafundar eða hvort málið verði fyrst tekið upp í stjórn félagsins. **johannoli@frettabladid.is**



22.12.2016
OPIÐ TIL KL. 22:00
23.12.2016
OPIÐ TIL KL. 23:00
24.12.2016
OPIÐ TIL KL. 13:00*
OPIÐ TIL KL. 12:00 GLERÁRTORGI*
Allar sængur
20-40%
afsláttur
Gildir til 24.12
JÓLAGJAFIRNAR
FÆRÐU Í RÚMFATALAGERNUM
20%
afsláttur
NÝ SENDING
NÚ VERÐ FRÁ:
4.795
KÓSÝGALLAR
Flottir kósýgallar á góðu verði! Fást í nokkrum gerðum.
Barnastærðir: 105 og 125 sm. 5.995 nú 4.795
Fullorðinsstærðir: S-M-L-XL 6.995 nú 5.595
Vnr. 550-51152, 550-51154, 550-51156, 550-51160
Öll mynda-
handklæði
30%
afsláttur
Gildir til 24.12
FULLT VERÐ: 2.895
1.995
20%
afsláttur
ANDY STÓLL
Vnr. 8880000790
FULLT VERÐ: 14.950
11.950
Öll leikföng
og barnasmávara
30%
afsláttur
Gildir til 24.12
KRONBORG
OF DENMARK
GOLD
KARLSTAD HANDKLÆÐI
Einstaklega vönduð og góð handklæði úr
100% bómullarfrotté. Nokkrir litir.
Þvottastykki 30 x 30 sm. 150
Lítið handklæði 40 x 60 sm. 399
Gestahandklæði 50 x 100 sm. 749
Baðhandklæði 70 x 140 sm. 1.290
Stórt handklæði 100 x 150 sm. 2.190
Vnr. 2117200
VERÐ FRÁ:
150
Öll barna-
sængurver
25%
afsláttur
Gildir til 24.12
RÚMFATA
LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
TILBOÐIN GILDA TIL 24.12
Öll sængurver
20-50%
afsláttur
Gildir til 24.12

Mozart
við kertaljós

Dómkirkjunni
í kvöld 22. des. kl. 21.00

Camerarctica

Miðaverð 2800/2000

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...









Kosningaþátttaka var mest í aldurshópnum 65 til 69 ára þar sem 90,2 prósent komu á kjörstað. Svipað var uppi á teningnum í síðustu forsetakosningum og í sveitarstjórnarkosningum 2014. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Fólk á sjötugsaldri mætti best á kjörstað

**Eldra fólk er mun duglegra að kjósa en fólk sem nýlega hefur fengið kosningarétt. Niðurstaðan kann að hafa áhrif á fylgið. Stjórnmálafræðingur segir verkefni eins og skuggakosningar, líkt og haldnar voru í framhaldsskólum, skipta máli.**

**STJÓRNMÁL** Verulegur munur var á kosningaþátttöku í alþingiskosningunum 29. október eftir aldurshópum. Þátttakan var minnst meðal kjósenda á aldrinum 20-24 ára, eða 65,7 prósent. Mest var hún í aldurshópnum 65-69 ára eða 90,2 prósent. Svipað var uppi á teningnum í síðustu forsetakosningum og í sveitarstjórnarkosningum 2014. Kosningaþátttakan í heild, 79,2 prósent, hefur aldrei verið minni.

„Yngra fólk hefur ekki komið því upp í vana að mæta á kjörstað en kemur síðan inn um 25 til 27 ára aldurinn,“ segir Eva H. Önnudóttir, nýdoktor í stjórnmálafræði, sem hefur tekið í þátt í Íslensku kosningarannsókninni á vegum Félagsvísindastofnunar undanfarin ár. Það sé hins vegar nýtt sem sjáist núna í Íslensku kosningarannsókninni að nú sé að koma upp kynslóð fólks, sem kýs ekki þó hún hafi náð 26 til 27 ára aldri. „En þetta er bara smá trend sem maður sér og það virðist sjást betur í öðrum ríkjum þar sem kosningaþátttaka er lakari,“ segir hún.

Niðurstöður skoðanakönnunar Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis sem birt var að kvöldi 27. október bendir til þess að ólík kosningaþátttaka eftir aldurshópum kunni að hafa haft veruleg áhrif á niðurstöður kosninga. Þannig sögðust einungis 10,2 prósent kjósenda í aldurshópnum 50 ára og eldri ætla að kjósa Pírata en 23,9 prósent þeirra

**Þátttaka í alþingiskosningum 2016**






**Eva Heiða Önnudóttir,** nýdoktor í stjórnmálafræði

sem voru í aldurshópnum 18-49 ára. Píratar áttu því mikið undir því að fólk undir fimmtugu skilaði sér á kjörstað.

Eva segir að áherslur stjórnmálaflokkanna séu mikilvægar til þess að ýta undir kosningaþátttöku. „Kosningabaráttan skiptir máli og það hefur stundum verið rætt um það hvort það eigi að beina sjónum sérstaklega að augum ungs fólks. Maður hefur stundum séð það gert og það er mikilvægt,“ segir Eva. Á hinn bóginn kunni stjórnmálaflokkar að vilja beina athyglinni frekar að þeim hópi sem er líklegri til að mæta á kjörstað en aðrir hópar.

Eva segir að unga fólkið geti líka gripið til ráðstafana til þess að ýta undir áhuga ungmenna á því að kjósa. „Þessar skuggakosningar sem voru haldnar núna í framhaldsskólunum voru frábært framtak. Allt svona skiptir rosalega miklu máli til þess að ýta undir þátttöku,“ segir hún. Þar vísar hún til kosninga á vegum Landssambands æskulýðsfélaga og Sambands íslenskra framhaldsskólanema sem voru settar upp eins og almennar kosningar og fram fóru í framhaldsskólunum 13. október. Megintilgangurinn var að þjálfa þau sem ekki hafa náð kosningaaldri í að kjósa og undirbúa þau sem hafa aldur til fyrir að kjósa í fyrsta sinn. **jonhakon@frettabla-**

# Metár í sölu sannra gjafa hjá Unicef

**SAMFÉLAG** „Undanfarin tvö ár höfum við séð mikla aukningu í kaupum á sönnum gjöfum. Í fyrra voru keyptar gjafir fyrir rúmar þrettán milljónir og við erum alveg viss um að við höfum selt fyrir meira í ár,“ segir Bergsteinn Jónsson, framkvæmdastjóri Unicef á Íslandi.

Sannar gjafir eru lífsnauðsynleg hjálpargögn fyrir bágstödd börn víðsvegar um heiminn. Hlý teppi, námsgögn, bóluefni og vatnsdælur eru á meðal þeirra hjálpargagna sem hægt er að gefa til bágstaddra samfélaga.

„Við hjá Unicef störfum í 190 löndum og komum bágstöddum börnum og fjölskyldum þeirra til aðstoðar í 160 af þeim. Í fyrra sendum við til dæmis moskítónet til Kúbu og næringarmjólk til Nepals,“ segir Bergsteinn.



Bergsteinn Jónsson, framkvæmdastjóri Unicef. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hann segir sannar gjafir vera sniðugt tækifæri fyrir fólk sem er að leita að tækifærisgjöfum yfir árið. Oftast sé um jólagjafir að ræða en þær séu einnig vinsælar í jólavinaleikjum og að foreldrar gefi börnum sínum þær í skóinn. Bergsteinn bendir á að hægt sé að gefa sannar gjafir allan ársins hring fyrir hvers konar tilefni, hvort sem er fyrir jól, hjónavígslur, afmæli eða fermingar.

Gjafirnar koma í öllum stærðum og gerðum og eru í öllum verðflokkum. Gjafabréf fylgir kaupum á hjálpargögnum þar sem hægt er að skrifa persónulega kveðju sem svo er send viðtakanda gjafarinnar hér á Íslandi. – **þh**

# SKEMMTILEGRI BÓKAJÓL

ALLIR TITLAR FÁST Í SKEIFUNNI, SMÁRALIND, KRINGLUNNI OG GARÐABÆ, MINNA ÚRVAL Í ÖÐRUM VERSLUNUM OG Á HAGKAUP.IS




4.899KR
FULLT VERÐ ~~6.999KR~~




3.199KR
FULLT VERÐ ~~4.499KR~~




10.499KR
FULLT VERÐ ~~14.199KR~~




4.499KR
FULLT VERÐ ~~6.980KR~~




4.999KR
FULLT VERÐ ~~6.999KR~~




4.999KR
FULLT VERÐ ~~7.480KR~~




11.499KR
FULLT VERÐ ~~13.799KR~~




3.499KR
FULLT VERÐ ~~4.999KR~~




3.399KR
FULLT VERÐ ~~4.799KR~~




4.199KR
FULLT VERÐ ~~5.899KR~~




3.699KR
FULLT VERÐ ~~4.599KR~~




3.499KR
FULLT VERÐ ~~4.799KR~~




3.499KR
FULLT VERÐ ~~4.499KR~~




4.199KR
FULLT VERÐ ~~5.999KR~~

Gildir 22. desember. Með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl.



EINFALT
*að skila eða skipta*

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

# Bakteríur úr djúpsjó virkjaðar gegn blöðruhálskrabbameini

Ný meðferð við blöðruhálskrabbameini vekur athygli. Bakteríur úr myrkri djúpsjávar eru virkjaðar gegn krabbameininu með lasergeisla. Slá þarf ýmsa varnagla, segir yfirlæknir á Landspítalanum. Fellur undir framtíðarhugsun við meðhöndlun slíkra meina með lágmarks inngripi, í stað til dæmis skurðaðgerðar.

**HEILBRIGÐISMÁL** Ný rannsókn bendir til þess að mögulegt sé að meðhöndla blöðruhálskrabbamein á byrjunarstigi með ljósnæmum bakteríum sem eiga uppruna sinn í djúpsjó. Niðurstöður rannsóknarinnar lofa góðu en eftir sem áður eru álitamálin nokkur um hvenær og hvort meðhöndla skuli meinið.

Niðurstöður rannsóknarinnar voru nýlega birtar í hinu virta tímariti Lancet Oncology, en tæknin sem um ræðir var þróuð af Weizmann-stofnuninni í Ísrael ásamt líftæknifyrirtækinu Steba Biotech. Í umfjöllun BBC kemur fram að lyf, sem búið er til úr djúpsjávarbakteríum, er gefið í æð. Virkni þess er hins vegar á mjög afmörkuðu svæði þar sem meinið er að finna, og er lyfið gert virkt með því að beina að því lasergeisla.

Í frétt BBC kemur einnig fram að rannsóknin, sem var framkvæmd á 47 spítölum í Evrópu, náði til 413 karlmanna með blöðruhálskrabbamein á byrjunarstigi, en eftir að meðhöndlun lauk hafði tekist að uppræta meinið hjá rúmlega 200 þeirra. Vægi rannsóknarinnar er talið mikið þar sem álitamál getur verið hvort æskilegt sé að meðhöndla meinið yfirhöfuð með þekktum aðferðum – en hefðbundin meðferð getur leitt til aukaverkana eins og þekkt er, svo sem getuleysis og þvagleka.

Eiríkur Jónsson, yfirlæknir á þvagfæraskurðlækningadeild Landspítalans, segir að rannsóknin gangi út á að meðhöndla tiltekinn hóp karla með staðbundið krabbamein í blöðruhálskirtli sem uppfylla þau skilyrði að láta lítið yfir sér, og sé jafnvel hægt að fylgjast með án meðferðar.

„Sá hluti kirtilsins er meðhöndlaður með lyfi sem gefið er í æð en verður eitrað nærri laserljósi. Slíku ljósi er komið fyrir í kirtlinum með þráðum sem stungið er í kirtilinn, þar sem meinið er talið vera. Samkvæmt þessari rannsókn virðist þessi meðferð leiða til þess að færri hafa meinið greinanlegt samanborið við þá sem ekki fengu slíka meðferð,“ segir Eiríkur og slær varnagla.

Í fyrsta lagi þurfi að spyrja hvort yfirleitt þurfi að meðhöndla þessa einstaklinga. Í öðru lagi sé eftirlitstíminn sem um ræðir skammur, eða að meðaltali tvö ár, en rannsóknir á krabbameini í blöðruhálskirtli og mat á meðferð krefjist margra ára, jafnvel áratuga, eftirlitstíma.

Meinið sé í flestum tilvikum hægfara og í þriðja lagi sé erfitt að greina nákvæmlega staðsetningu þess innan kirtilsins, og fyrir það líði slík aðferð sem í rannsókninni er lýst.

„Það er þó nokkuð víst að í framtíðinni muni verða frekari framfarir í að meðhöndla krabbamein án þess að fjarlægja eða meðhöndla þurfi allt líffærið. Þá verða einnig framfarir í að styrkja okkur í því að skilja betur á milli þeirra sem þurfa á meðferð að halda og þeirra sem hlífa má við meðferð. Nefnd rannsókn er innlegg í slíka framtíðarhugsun,“ segir Eiríkur. svavar@frettabladid.is



## Um 220 greinast með meinið árlega

- Ár hvert greinast á Íslandi um 220 karlar með krabbamein í blöðruhálskirtli og um 50 látast af völdum sjúkdómsins.
- Tveir af hverjum þremur eru komnir yfir sjötugt þegar meinið greinist og sjúkdómurinn er mjög sjaldgæfur hjá karlmönnum undir fimmtugu.
- Hjá tíunda hverjum er meinið ættlægt og áhættan getur að minnsta kosti tvöfaldast ef faðir eða bróðir hefur meinið.
- Sé sjúkdómurinn staðbundinn kemur til greina að fylgjast einungis með viðkomandi einstaklingi og veita ekki meðferð nema sjúkdómurinn ágerist. Sú nálgun er kölluð vöktuð bið. Regluleg þreifing kirtilsins, PSA-mæling og jafnvel sýnataka úr kirtlinum er notuð til þess að meta framgang sjúkdómsins.

Heimild: Eiríkur Jónsson/doktor.is

Með tilkomu blóðprófsins PSA (Prostate specific antigen) fyrir um tveimur áratugum jókst fjöldi þeirra sem greinast verulega. NORDICPHOTOS/GETTY

### Lasermeðferð við blöðruhálskrabbameini




GRUNNMYND/BBC

> Sá hluti kirtilsins er meðhöndlaður með lyfi sem gefið er í æð en verður eitrað nærri laserljósi.



Eiríkur Jónsson, yfirlæknir á Landspítala



**Verðmætasta tegund okkar fer til 27 landa.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Þorskur seldur til 27 landa

**SJÁVARÚTVEGUR** Útflutningur á ferskum þorski hefur aukist um rúm 25 prósent á tveimur árum. Þetta kemur fram við skoðun Landssambands smábátaeigenda á tölum fyrir fyrstu 10 mánuði ársins í samanburði við sama tímabil árið 2014.

Á vefsíðu LS segir að útflutningurinn dreifist á 27 lönd í ár sem er tíu löndum fleiri en selt var til árið 2014. Fjórar þjóðir bera uppi 90 prósent viðskiptanna: Frakkland, Bandaríkin, Bretland og Belgía. Magn til þessara landa hefur tekið nokkrum breytingum á þessum tveimur árum.

Aukning hefur orðið á viðskiptum við Frakkland og Bandaríkin, en hlutdeild Breta og Belga hefur dregist saman. Hlutur Frakka hefur farið úr 38 prósentum í 49 og Bandaríkjanna úr 14 í 17 prósent.

Bretland hefur hins vegar fallið úr því að kaupa héðan fimmtung alls fersks þorsks í 14 prósent og sala til Belgíu fer úr 17 prósentum í tíu prósent. – shá









**0kr. Nova í alla**
fylgir í 12 mánuði



**0kr. Nova í alla**
fylgir í 12 mánuði




**0kr. Nova í alla**
fylgir í 12 mánuði

**Samsung Galaxy J3 2016** 8GB

**24.990 kr.** stgr.

**Tveir miðar á skauta fylgja!**

**Samsung Galaxy S7 edge** 32GB

**109.990 kr.** stgr.

**Tveir miðar á skauta fylgja!**

**Samsung Galaxy J5 2016** 16GB

**29.990 kr.** stgr.

**Tveir miðar á skauta fylgja!**



# 0kr. Nova í alla

## fylgir farsímum í 12 mánuði

**Ótakmarkaðar mínútur og SMS í alla farsíma og heimasíma á Íslandi.**




**Bíókort** 5x í bíó

**3.790 kr.** stgr



**Urbanista Berlin** Bluetooth

**5.990 kr.** stgr.




**JBL Pulse 2** Hátalari

**23.990 kr.** stgr.



**WeGrill One kjöthitamælir** Bluetooth

**6.990 kr.** stgr.

**Tilboð!**



**Samsung Level On** Bluetooth

**19.990 kr.** stgr.

Fullt verð: **29.990 kr.**

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is**

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

NOVA



Hillary Clinton og Bernie Sanders á góðri stundu. NORDICPHOTOS/AFP

## Vildu enga aðstoð frá Bernie Sanders

**BANDARÍKIN** Starfsfólk kosningaherferðar Hillary Clinton tók því fálega þegar starfsfólk Bernies Sanders bauð fram aðstoð sína í lykilríkjum, þar sem Clinton tapaði síðan naumlega í forsetakjörinu í nóvember.

Þetta fullyrða fyrrverandi starfsmenn á kosningaskrifstofu Sanders í viðtali á fréttavefnum The Daily Beast. Þeir segja að í herbúðum Clinton hafi þeim mætt fálæti og jafnvel hafi verið gert grín að þeim.

„Við sögðum við okkur sjálf: Hvað í fjáranum, hvers vegna eru þau að vísa okkur á bug? Þau þurfa á þessum atkvæðum að halda meira en nokkur annar,“ sögðu þau í viðtalinu.

Úrslit forsetakosninganna réðust ekki síst af því að Clinton tapaði fyrir Donald Trump í lykilríkjunum, þar sem mjótt var á mununum milli þeirra. – gb



Sölumaður telur peninga á gangstétt í Mumbai á Indlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Indland sigldi fram úr Bretum

**INDLAND** Indland er orðið sjötta stærsta hagkerfi heims, og siglir þar með fram úr Bretlandi sem er komið í sjöunda sætið.

Mikill hagvöxtur hefur verið á Indlandi í heilan aldarfjórðung, en efnahagsvandræði Breta vegna væntanlegrar útgöngu úr Evrópusambandinu vega þarna þungt.

Enn munar þó ekki miklu á stærð breska og indverska hagkerfisins, þannig að vegna gengisflökts gætu þau haldið áfram að skiptast á fimmta og sjötta sætinu á næstunni.

Bandaríkin eru sem fyrr stærsta hagkerfi heims, svo Kína, Japan, Þýskaland og Frakkland. – gb




Lögreglumenn á vakt á jólamarkaðnum á Breidscheid-torgi í Berlín þar sem tólf manns létu lífið og tugir særðust á mánudagskvöldið. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Skildi skilríkin eftir í bílnum

**Hælisleitandi frá Túnis er grunaður um árásina á jólamarkaðinn í Berlín. Daish-samtökin stæra sig af ódæðinu. Þýsk stjórnvöld hafa ákveðið að fjölga eftirlitsmyndavélum. Vísa átti árásarmanninum úr landi.**

**ÞÝSKALAND** Þýska ríkisstjórnin samþykkti í gær að auka notkun eftirlitsmyndavéla. Af persónuverndarástæðum hafa til þessa verið strangar reglur í gildi í Þýskalandi um slíkt eftirlit.

Þessi ákvörðun er tekin vegna árásarinnar á jólamarkað í Berlín á mánudaginn, sem kostaði tólf manns lífið. Við rannsókn málsins hefur lögreglan ekki haft mikið gagn af upptökum úr eftirlitsmyndavélum.

Borgarstjórnin í Berlín hefur sagt ástæðulaust að fjölga eftirlitsmyndavélum, þrátt fyrir árásina á mánudag.

Árásarmaðurinn var í gær enn ófundinn, en hann varð tólf manns að bana og særði nærri 50 manns, þar af 30 alvarlega, þegar hann ók inn á jólamarkaðinn á stórri flutningabifreið.

Lögreglan leitaði að rúmlega tvítugum manni, Anis Amri, sem hún hafði grunaðan um að vera hættulegan vegna tengsla við íslamska öfgamenn. Hann er frá Túnis og sótti um hæli í Þýskalandi í apríl síðastliðnum.

Umsókn hans var hafnað í sumar en stjórnvöld höfðu fallist á að fresta því tímabundið að vísa honum úr landi. Skilríki hans fundust undir bílstjórasæti vöruflutningabifreiðarinnar sem ekið var inn í mannfjöldann á jólamarkaðnum í Berlín síðastliðið mánudagskvöld.

> **30**
> eru alvarlega slasaðir eftir árásina í Berlín.

Árásarmaðurinn virðist hafa stolið bifreiðinni frá pólsku flutningafyrirtæki. Bifreiðarstjórinn, sem var pólskur ríkisborgari, fannst látinn í bílnum með sár eftir bæði hnífstungur og byssuskot.

Þýskir fjölmiðlar segjast hafa heimildir fyrir því að hann hafi átt í átökum við árásarmanninn þegar bifreiðinni var ekið inn á jólamarkaðinn. Árásarmaðurinn hafi skotið hann um það leyti sem bifreiðin stöðvaðist. Þetta kemur heim og saman við frásagnir vitna um að hvellur mikill hafi heyrst frá bifreiðinni þegar henni var ekið inn í mannfjöldann.




Sönghópur skipaður jafnt innflytjendum sem innfæddum Berlínarbúum hóf upp raust sína á jólamarkaðnum í Berlín og hvatti til samstöðu allra. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Vígasamtökin Íslamskt ríki, eða Daish, hafa lýst yfir ábyrgð á árásinni, en samtökin hafa ítrekað skorað á fólk um heim allan að fremja hryðjuverk. Anis Amri er sagður hafa haft tengsl við öfgaklerk að nafni Abu Walaa, sem var handtekinn í bænum Bad Salzdetfurth þann 8. nóvember síðastliðinn. Sá var ákærður fyrir að hafa reynt að fá ungt fólk til að ganga til liðs við Daish-samtökin.

Annar hælisleitandi var í fyrstu grunaður um verknaðinn en hann var látinn laus þar sem ekkert benti til sektar hans. gudsteinn@frettabladid.is



# VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

Sigrún hóf að rækta rófur árið 1985 sem sumarstarf fyrir sjálfa sig. Ræktunin vatt upp á sig og í dag er Sigrún, ásamt Þresti manni sínum, einn stærsti kálræktandi landsins. Fjölskyldan vinnur saman að ræktuninni og kalla Sigrún og Þröstur garðræktina sína fjölskyldubúskap. Þau leggja mikið upp úr gæðum og taka allt upp með höndunum.






islenskt.is

ÍSLENSKA SIA.IS SFG 50278 06/10 - Ljósmyndir: Hari


SNJALLAR
OPIÐ Í VERSLUNUM OKKAR ALLA
LASER TVÍSKORIÐ OG UPPLÝST ÍSLENSKT LETUR
JÓLA TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR 24.990
NÝ SENDING VAR AÐ LENDA
CHERRY MX SWITCHES
FÆST MEÐ BROWN, RED EÐA BLUE!
Ducky Channel
DUCKYONE
FYRIR ÞÁ KRÖFUHÖRÐUSTU
Alvöru mekanískt leikjalyklaborð frá Ducky með fjölda stillinga fyrir forritanlega baklýsingu og tvískorna ABS leturhnappa sem eyðast ekki!
• Ducky ONE mekanískt lyklaborð
• Laser tvískorið upplýst íslenskt letur
• Cherry MX bláir, rauðir eða brúnir svissar
• ABS Double-Shot hnappar sem eyðast ekki
• Flýtitakkar fyrir allar helstu aðgerðir
• Full N-Key rollover fyrir leikina
• Ótrúleg forritanleg LED baklýsing
• Mjög þægilegt að skipta um takka
• Dual Layer PCB eykur líftíma og styrkleika
19.990
SKORIÐ ÍSLENSKT LETUR!
M7410
4G
DUAL SIM
TEKUR SIMKORT FRÁ ÖLLUM SÍMAFÉLÖGUM
4G LTE
GPS
7"MOBII
• 7" IPS fjölsnertiskjár 1024x600
• Quad Core 1.3GHz A53 64-bit örgjörvi
• Hexa Core Mali T720 DX11 3D skjákjarni
• 8GB flash og allt að 32GB microSD
• 4G-LTE, 300Mbps WiFi, BT 4.0, GPS
• Li-Polymer rafhlaða allt að 4 tímar
• USB2 micro og microSD kortalesari
• 2x vefmyndavélar 2MP FHD og 0.3MP
• Android 5.1 Lollipop og fjöldi forrita
12.990
FYRIR POKÉMON GO!
ID107
2 LITIR
WONLEX
HEILSUÚR
FRÁBÆRT HEILSUÚR FRÁ WONLEX
• Frábært heilsuúr frá Wonlex
• Vandaður innbyggður púlsmælir
• Fylgstu með hvenær/hversu vel þú sefur
• Klukka, dagsetning caller ID, hitamælir ofl.
• Allt að 7 daga rafhlöðuending
• Þolir raka, rigningu og vökvaslettur
• Sérstaklega mjúk og þægileg silicon ól
• App í boði fyrir iOS og Android
12.990
FULLKOMINN FÉLAGI Í RÆKTINA!
XL2411
NVIDIA 3D LIGHTBOOST TECHNOLOGY
ZOWIE
24"3DLED
144Hz 3D SKJÁR
• Sérhannaður 144Hz 3D LED leikjaskjár
• 24" LED FULL HD 1080p 16:9 skjár
• 12 milljón:1 DCR og Senseye3 tækni
• 1ms viðbragðstími og FPS mode f/leiki
• HDMI 1.4, DVI-DL og VGA tengi
• Forstillingar fyrir helstu leiki, CS:GO ofl.
• Black eQualizer skilar hárbeittri sýn!
49.990
27" XL2720Z 144Hz 89.990
NÝTT VAR AÐ LENDA!
25SD
AMD E1
acer
ES1-523
• AMD Dual Core E1-7010 1.5GHz
• 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
• 256GB SSD ofur hraður diskur
• 15.6" HD LED AntiGlare 1366x768
• 4GB AMD R2 128GCN DX12 skjákjarni
• 2.0 hljóðkerfi með góðum hátölurum
• 867Mbps Dual WIFI AC, BT 4.0, USB 3.0
• 720p Crystal Eye HD Skype vefmyndavél
• Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum
69.990
FLOTT VÉL MEÐ 256GB SSD
GW100
GPSKRAKKAÚR
ENGAR ÁHYGGJUR MEÐ WONLEX!
Bráðsniðugt og vandað GPS krakkaúr með 1.22" LED lita snertiskjá, SOS takki fyrir neyðarsímtal og SMS sendingu með staðsetningu.
• 1.22" lita LED snertiskjár
• Allt að 10 símanúmer í símaskrá
• Hægt að velja 3 SOS símanúmer
• Með innbyggðri vekjaraklukku
• Viðvörun kemur í síma ef úr er tekið af
• Hægt að skoða ferðir barnsins yfir daginn
• GEOgirðing varar við ef úr fer út fyrir svæði
• Allar aðgerðir stjórnast úr síma foreldra
• App í boði fyrir IOS og Android
JÓLA TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR 9.990
SOS HNAPPUR
SENDIR BOÐ Í SÍMA FORELDRA!
MICRO SIM
VIRKAR MEÐ ÖLLUM SIM KORTUM:)
WONLEX
7.990
WONLEX GPS KRAKKAÚR
GEAR4U
34.990
JÓLA TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR 49.990
ÚRVAL LEIKJASTÓLA
Á VERÐI FRÁ 26.990
HÁGÆÐA LEIKJASTÓLAR
ÓTRÚLEG HLJÓMGÆÐI!
KRISTALTÆR HLJÓMUR OG DÝNAMÍSKUR BASSI!
HD4.20
9.990
SENNHEISER
HÁGÆÐA HEYRNARTÓL
KEMUR Í FJÓRUM LITUM!
1TB SLIM
11.990
SEAGATE
1TB SLIM FLAKKARI
NÝTT VAR AÐ LENDA!
PXW W GW100
1.990
3 LITIR
WONLEX HÁLSÓL
acer LogiLink Parrot plantronics PS4 SALORA Trust WONLEX XBOX ONE
OPNUNARTÍMAR
Opið alla daga til jóla :)
12-23.des 10-19
Aðfangadag Lokað
TÖLVUTEK
SENDUM FRÍTT ALLAR VÖRUR TIL JÓLA
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900


JÓLAGJAFIR
DAGA TIL JÓLA FRÁ 10:00-19:00
Allt að 100.000 með JólaGreitt, greiddu
1.FEB
Kostnaður aðeins kr. 198 :)
NÝ SENDING
PS4 STÝRIPINNI FYLGIR
PS4
500GB PS4SLIM
Ný og endurhönnuð slim útgáfa af Playstation vélinni frá Sony. Vinsælasta leikjatölva í heimi!
46.990
1TB SLIM 54.990 | 1TB PRO 66.990
VIVE
Upplifðu framtíðina með HTC VIVE VR sýndarveruleikagleraugum, einstök upplifun þar sem þú ert í þínum eigin sýndarveruleikaheim.
149.990
VERÐ ÁÐUR 179.990
PANTAÐU ÚR NÆSTU SENDINGU
PlayStation VR
64.990
VERÐ ÁÐUR 79.990
LogiLink
ÞRÁÐLAUS FJARSTÝRING FYLGIR MEÐ!
MYNDARAMMI
Glæsilegur og vandaður myndarammi með USB tengi og kortalesara ásamt fjarstýringu.
7.990
JÓLAPAKKI MEÐ MYNDUM FRÁ ÞÉR;)
FREEFLY VR
9.990
FYRIR FLESTA SNJALLSÍMA
oculus
119.990
ÓTRÚLEGT VERÐ!
50% AFSLÁTTUR
VR CARDBOARD
Stórsniðug Satzuma VR gleraugu úr pappa fyrir snjallsíma, sýndarveruleiki á ótrúlegu verði.
995
VERÐ ÁÐUR 1.990
NÝTT VR HERBERGI Í HALLARMÚLANUM KOMDU AÐ PRÓFA :)
STÆRSTA TÖLVUVERSLUN LANDSINS*
Hallarmúla 2 Reykjavík
STÆRSTA TÖLVUVERSLUN NORÐURLANDS*
TÖLVUTEK
Undirhlíð 2 Akureyri
22. DESEMBER 2016 - BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL.
*Tölvutek er stærsta sérhæfða tölvuverslun landsins í fermetrum verslunarrýmis talið, samkvæmt niðurstöðu Neytendastofu þann 10.05.2016



Jólasveinn í Kringlunni gladdi bæði börn og foreldra með glaðlegum söng með harmóníku sér til aðstoðar. Sjálfur Gluggagægir leit inn en í dag kom Gáttaþefur til byggða.

# Jólaráp í gegnum linsuna



Anton Brink
anton@365.is
ljósmyndari

Áætlað er að jólaverslunin aukist um 10,3% frá síðasta ári og að velta í smásöluverslun verði um 85 milljarðar króna án virðisaukaskatts í nóvember og desember. Þetta er mesti vöxtur í jólaverslun á milli ára frá bankahruninu, samkvæmt Rannsóknasetri verslunarinnar.



Nútíminn er stundum orðinn þannig að það þarf ekkert að segja, bara stara ofan í snjallsímann sinn og horfa.



Á Laugaveginum hefur verið iðandi mannlíf og mikið stuð enda miðbærinn fullur af fólki – víðsvegar að úr heiminum.



Kringlan er komin í jólabúning og tréð þar sem pökkum er safnað fyrir Mæðrastyrksnefnd og Fjölskylduhjálp er fallegt.



Mikið álag er á starfsfólk og gott að hvíla lúin bein og staldra við í snjallsímanum, jafnvel ofan á harðri innkaupakerru.




Greiðslukortavelta útlendinga hér á landi í nóvember nam 15,4 milljörðum sem er 68% aukning frá því í nóvember í fyrra, samkvæmt Rannsóknasetri verslunarinnar.

# GJÖF GERIR GOTT BETRA!






Star Wars - borðspil
**VILDARVERÐ: 3.749.-**
Verð: 4.999.-




Frozen - Boom Boom spil
**VILDARVERÐ: 3.374.-**
Verð: 4.499.-




Góða Risaeðlan - teningaspil
**VILDARVERÐ: 2.849.-**
Verð: 3.799.-




Finding - Dory borðspil
**VILDARVERÐ: 3.374.-**
Verð: 4.499.-




Þráðlaus heyrnartól
Ultra Slim
**VILDARVERÐ: 9.749.-**
Verð: 12.999.-




PINWORLD Iceland
**VILDARVERÐ: 6.749.-**
Verð: 8.999.-




Heyrnartól Super Style
**VILDARVERÐ: 5.249.-**
Verð: 6.999.-




Heyrnartól Color Budz
**VILDARVERÐ: 749.-**
Verð: 999.-




Þráðlaus hátalari
með hljóðnema
**VILDARVERÐ: 7.499.-**
Verð: 9.999.-




Best Lock
blandaðir kubbar
**VILDARVERÐ: 2.624.-**
Verð: 3.499.-




Skipulagstaska
**VILDARVERÐ: 6.999.-**
Verð: 9.999.-




Heyrnartól Spectrum
**VILDARVERÐ: 3.749.-**
Verð: 4.999.-




Í klóm arnarins
**VILDARVERÐ: 1.899.-**
Verð áður: 2.399.-




Öflugir strákar
**VILDARVERÐ: 3.599.-**
Verð: 4.599.-




Girl Online Going Solo
**VILDARVERÐ: 2.799.-**
Verð: 3.999.-




Institut Paul Bocuse Gastronomique
**VILDARVERÐ: 8.999.-**
Verð: 12.999.-

MUNDU EFTIR GJAFAKORTI PENNANS EYMUNDSSON!

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

VIÐ PÖKKUM INN FYRIR ÞIG OG ÞÚ KÍKIR Í TÍMARIT!

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildartilboða er 22. desember, til og með 24. desember, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



# Vinsælustu snjallsímaforrit ársins 2016

Apple hefur birt lista yfir tíu vinsælustu ókeypis snjallsímaforrit ársins sem og þau sem borga þarf fyrir. Google hefur birt lista yfir fimm bestu leikina og forritin, gefin út á árinu, að sínu mati.



Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is

## Ókeypis iPhone-forrit

**Snapchat**
Skilaboðaforritið sem gengur út á að senda myndir eða stutt myndskeið á milli vina sem eyðast eftir skoðun nýtur mikilla vinsælda.

**Messenger**
Skilaboðaforrit Facebook sem gerir notendum kleift að spjalla við Facebook-vini er orðið staðalbúnaður og kemur í stað SMS-skilaboða fyrir marga notendur.

**Pokémon GO**
Hinn gríðarlega vinsæli sýndarveruleikatölvuleikur var allsráðandi í sumar en vinsældir hans hafa dalað síðan þá. Leikurinn halar þó enn inn milljónir á dag.

**Instagram**
Fjölmargir hlaða inn ljósmyndum sínum á Instagram með hinum ýmsu filterum og deila þeim með vinum sínum.

**Facebook**
Stærsta samfélagsmiðil heims má finna innbyggðan í snjallsímum langflestra og þarf sjaldnast að hlaða honum niður.

**YouTube**
Myndbandaveita Google býr yfir heilu mannslífslengdunum af efni af ýmsum toga.

**Google Maps**
Kortaþjónusta Google nýtur vinsælda og hefur hún eflaust komið sér vel fyrir margan villtan ferðamanninn eða jafnvel heimamanninn.

**Pandora**
Stillanleg stafræn útvarpsstöð sem spilar tónlist að þínum smekk þér að endurgjaldslausu.

**Netflix**
Streymisveitan vinsæla býður notendum upp á heilu þáttaraðirnar og kvikmyndirnar gegn áskrift.

**Spotify Music**
Tónlistarveita sem hefur að geyma milljónir laga eftir gríðarlega marga tónlistarmenn. Hægt er að hlaða niður forritinu án þess að greiða fyrir það. Þó býðst notendum að borga fyrir áskrift og sleppa þar með við auglýsingar. Einnig geta áskrifendur hlaðið tónlist niður og spilað plötur í réttri röð.

## iPhone-forrit sem borga þarf fyrir

**Heads Up!**
**Verð:** 0,99$
Samkvæmisleikur frá spjallþáttastjórnandanum Ellen DeGeneres. Notendur fá úthlutað spjaldi með nafni frægrar manneskju og eiga að giska á hver manneskjan er út frá vísbendingum vina.

**Face Swap Live**
**Verð:** 0,99$
Forrit sem gerir manni kleift að skipta á andlitum við fræga og vini.

**Minecraft: Pocket Edition**
**Verð:** 8,67$
Snjallsímaútgáfa af vinsæla tölvuleiknum Minecraft þar sem notandinn getur ráfað um óbyggðirnar og byggt hvað sem hann vill.

**Facetune**
**Verð:** 5,99$
Myndvinnsluforrit sem hægt er að nota til þess að breyta myndum af sjálfum sér og breyta þar með útliti sínu eins og mann lystir.

**KIMOJI**
**Verð:** 1,99$
Emojis, eða tjákn, frá Kim Kardashian sem hægt er að nota í skilaboðum til vina og vandamanna.

**7 Minute Workout Challenge**
**Verð:** 3,71$
Líkamsræktarprógramm sem hægt er að hafa í vasanum og tekur sjö mínútur eins og nafnið gefur til kynna.

**Geometry Dash**
**Verð:** 1,99$
Snjallsímaleikur sem gengur út á að hoppa og fljúga í gegnum borð sem kassi.

**Plague Inc.**
**Verð:** 1,23$
Búðu til þinn eigin smitsjúkdóm og reyndu að tortíma heiminum.

**Akinator the Genie**
**Verð:** 1,99$
Dularfullur andi sem vinnur þig næstum alltaf í Hver er maðurinn. Meira að segja þótt maður velji persónur úr lítt þekktum kvikmyndum eða jafnvel Íslendinga.

**Bloons TD 5**
**Verð:** 2,99$
Byggðu turna sem kasta pílum til þess að skjóta illskeyttar blöðrur svo þær sleppi ekki í gegnum varnir þínar.



## Bestu forritin á Android samkvæmt Google

**Face Changer 2**
Breyttu andliti þínu eða annarra á fyndinn hátt.

**Lumyer Photo & Selfie Editor**
Létt og hraðvirkt myndvinnsluforrit.

**Castbox – Podcast Radio Music**
Podcast-veita með miklum fjölda þátta.

**Emoji Keyboard Pro**
Lyklaborð fyrir tákn til þess að auðvelda það að senda vinum slík.

**MSQRD**
Myndvinnsluforrit sem leyfir notandanum meðal annars að skipta út andliti sínu fyrir ásjónu kattar.




Kassinn í Geometry Dash hoppar á milli palla og forðast þær hættur sem verða á vegi hans.



Minecraft fyrir snjallsíma nýtur mikilla vinsælda.



Snapchat var vinsælasta forritið fyrir iPhone.




Þessi notandi MSQRD grætur ekki í alvörunni.




Kimoji býður upp á fjölmörg tjákn.




Charmander bíður átekta í hinum feykivinsæla tölvuleik Pokémon GO.




Men without hats er ein þeirra hljómsveita sem má hlusta á með forriti Spotify.

## Bestu leikirnir á Android samkvæmt Google

**Pokémon GO**
Sama forrit og er á lista Apple.

**Clash Royale**
Herkænskuleikur þar sem notendur kljást hverjir við aðra um yfirráð.

**Traffic Rider**
Kappakstursleikur þar sem notandinn þeysist um á mótorhjóli.

**slither.io**
Reyndu að verða lengsti snákurinn með því að éta snáka annarra leikmanna.

**Dream League Soccer**
Fótboltaleikur, ekki ósvipaður FIFA-leikjunum, þar sem notandinn getur búið til sitt eigið knattspyrnulið.






DRAMATÍSKASTA SJÓSLYSASAGA SEINNI TÍMA

Illugi Jökulsson fer á kostum í spennandi, hrífandi frásögn.

★★★★
BGS / PRESSAN
um Háska í hafi



Sögur útgáfa






**Íshellaferðum í Vatnajökulsþjóðgarði hefur fjölgað gífurlega síðustu ár og gera nú á annan tug fyrirtækja út á slíkar ferðir.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Senda fólk á skriðjökla án mannbrodda

**Ferðaþjónustufyrirtækin sjálf þurfa að tryggja öryggi viðskiptavina í jökla- og íshellaferðum. Dæmi eru um ferðamenn í íshellaferðum í Skaftafelli án mannbrodda. Framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar segir slys óásættanleg.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Dæmi eru um að vanbúnir ferðamenn á vegum fyrirtækja í ferðaþjónustu sæki íshella og skriðjökla heim, án mannbrodda eða aðeins búnir hálkubroddum í Skaftafelli. Vitað er um á annan tug ferðaþjónustufyrirtækja sem gera út á íshellaskoðanir í Skaftafelli innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Þjóðgarðurinn hefur hins vegar ekki nægilega yfirsýn yfir fjölda fyrirtækjanna.

Regína Hreinsdóttir, þjóðgarðsvörður í Skaftafelli, segir fyrirtækjum í íshellaferðum og öðrum ferðum á Skaftafellsjökul hafa fjölgað upp á síðkastið. „Við höfum séð vanbúna ferðamenn en það heyrir til undantekninga. Hins vegar er það svo að við verðum að geta tryggt öryggi ferðamanna,“ segir Regína. „Það er því á herðum ferðaþjónustufyrirtækjanna sjálfra að tryggja öryggi þeirra.“

Á þessu ári hafa komið upp dæmi um ferðaþjónustufyrirtæki með stóra hópa ferðamanna uppi á skriðjöklum án mannbrodda og inni í íshellum. Gæta þarf fyllstu varúðar á slóðum sem þessum. Nýsamþykkt lög um Vatnajökulsþjóðgarð munu hjálpa til við að kortleggja ferðaþjónustuna í Skaftafelli að mati Regínu. „Nú þurfa ferðaþjónustufyrirtækin að sækja um leyfi til að starfa innan þjóðgarðsins og því getum við fengið mun skýrari yfirsýn yfir þá starfsemi sem þar fer fram. Einnig getum við komið upplýsingum betur til fyrirtækja, bæði um vegi á svæðinu og hættur við jökul,“ segir Regína.

> **Við hjá SAF teljum eðlilegt að fyrirtæki tileinki sér núllsýn í öryggismálum þar sem slys og óhöpp eru óásættanleg.**
>
> 
>
> Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar

Innan Samtaka ferðaþjónustunnar er unnið að því að bæta öryggi ferðamanna á öllum sviðum ferðaþjónustunnar. „Öryggi ferðamanna er forsenda þess að gæði geti skapast og á það sérstaklega við þegar unnið er við erfiðar aðstæður. Við hjá SAF teljum eðlilegt að fyrirtæki tileinki sér núllsýn í öryggismálum þar sem slys og óhöpp eru óásættanleg,“ segir Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri SAF.

„Ekki er síður mikilvægt að gerðar séu kröfur um öryggisáætlanir ferðaþjónustuaðila með áhættumati ferða. Hvað varðar heimildir til að sinna starfsemi innan þjóðgarða sjáum við fyrir okkur að fyrirtæki geti verið krafin um aðild að Vakanum, gæða- og umhverfiskerfi ferðaþjónustunnar,“ bætir Helga við.

**sveinn@frettabladid.is**

# Ósáttir við nýtt frumvarp til fjárlaga

**STJÓRNSÝSLA** Bæjarstjórn Akureyrar gerir alvarlegar athugasemdir við frumvarp til fjárlaga ársins 2017. Furðar bæjarstjórnin sig á því að í frumvarpinu sé ekki tekið tillit til nýrrar samgönguáætlunar sem samþykkt var á Alþingi þann 12. október síðastliðinn.

„Af því leiðir að ekki er gert ráð fyrir fjármagni frá ríkinu til kaupa á nýjum hafnsögubáti fyrir Hafnasamlag Norðurlands, þrátt fyrir að nú liggi fyrir tilboð í smíði bátsins sem búið er að samþykkja og bíður undirritunar,“ segir í bókun bæjarstjórnar.

Þá segir einnig að ekki sé gert ráð yfir fjármagni til að ljúka við gerð flughlaðs við Akureyrarflugvöll. Það sé mikilvægt verkefni vegna flugöryggis yfir Íslandi og atvinnuuppbyggingar á Akureyri.



**Í fjárlagafrumvarpinu er ekki gert ráð fyrir fjármagni til að ljúka við gerð flughlaðs við Akureyrarflugvöll sem hér má sjá.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Það er algjörlega óviðunandi að ekki sé staðið við fyrri ákvarðanir Alþingis um að fjármagna þessar framkvæmdir í fyrirliggjandi frumvarpi til fjárlaga 2017,“ segir í niðurlagi bókunarinnar sem var samþykkt með ellefu samhljóða atkvæðum. **– þea**

# Ákvörðun ógilt og vatnstaka í Vatnsendakrikum í umhverfismat

**STJÓRNSÝSLA** Ákvörðun Skipulagsstofnunar um að aukin vatnsvinnsla Orkuveitu Reykjavíkur í Vatnsendakrikum skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum hefur verið felld úr gildi af úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Orkuveitan kynnti Skipulagsstofnun í júní 2014 áform um að auka vatnsvinnslu í Vatnsendakrikum í áföngum frá 190 lítrum á sekúndu upp í 300 lítra á sekúndu árið 2030. Samhliða sótti Vatnsveita Kópavogs um að auka sína vatnstöku í Vatnsendakrikum úr 210 lítrum á sekúndu í 350 lítra á sekúndu Skipulagsstofnun kvað upp úr með að framkvæmdirnar væru metnar hvor í sínu lagi og þyrftu ekki að fara í umhverfismat.

Hafnarfjarðarbær taldi framkvæmdina eiga að fara í mat á umhverfisáhrifum og kærði ákvörðun Skipulagsstofnunar. Bentu Hafnfirðingar á að á sömu skoðun væru Reykjavíkurborg, Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Orkustofnun og Umhverfisstofnun. Aukin vinnsla vatns í Vatnsendakrikum gæti haft áhrif á vatnsvinnslu Hafnarfjarðar í Kaldárbotnum.

> **Að hafinni vinnslu beggja framkvæmdaraðila yrði samanlagt magn vatnstöku tæplega helmingi meira en matsskylt er.**
>
> Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála

„Það er álit úrskurðarnefndarinnar að ekki beri einungis að líta til stakra framkvæmda að þessu leyti, heldur verði jafnframt að huga að samhengi þeirra við framkvæmdir sem þegar hafa átt sér stað og fyrirhugaðar eru á sama svæði, óháð því hvort um einn eða fleiri framkvæmdaraðila er að ræða,“ segir í niðurstöðu úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

„Að hafinni vinnslu beggja framkvæmdaraðila yrði samanlagt magn vatnstöku tæplega helmingi meira en matsskylt er. Að teknu tilliti til fyrri vinnslu Orkuveitu Reykjavíkur að auki er um ríflega tvöfalt magn vatnsvinnslu að ræða miðað við þau tölulegu viðmið sem lögð eru til grundvallar matsskyldu,“ segir úrskurðarnefndin. **– gar**



**Vatnsvinnslu Hafnfirðinga í Kaldárbotnum var jafnvel talið ógnað af vatnstöku Kópavogs og Reykjavíkur í Vatnsendakrika.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHEM



**Réttindalausir ollu yfir 10 prósentum banaslysa í Noregi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Banaslys vegna hraða og áfengis

**NOREGUR** Yfir 10 prósent banaslysa í umferðinni í Noregi á árunum 2005 til 2014 urðu þegar réttindalaus ökumaður var undir stýri eða bílaþjófur. Norska samgöngustofan gerði úttekt á rúmlega 1.800 banaslysum á fyrrgreindu tímabili, að því er segir í frétt frá fréttaveitunni NTB.

Í um 80 prósentum banaslysanna sem réttindalausir ökumenn voru valdir að höfðu þeir ekið of hratt eða undir áhrifum áfengis. **– ibs**

**80%**

**réttindalausra ökumanna sem ollu banaslysum óku of hratt eða voru undir áhrifum.**



**Foreldrar í Danmörku kröfðust bóta vegna erfðagalla í gjafasæði.** NORDICPHOTOS/AFP

## Sleppur við bætur vegna erfðagalla

**DANMÖRK** Eystri landsréttur í Danmörku hefur úrskurðað að sæðisbankinn Nordic Cryobank þurfi ekki að greiða foreldrum bætur þótt þeir hafi fengið gjafasæði með erfðagalla.

Sæðisbankinn fann erfðagallann þegar foreldrar greindu frá því að barnið þeirra væri með erfðagallann NF1, að því er segir á fréttavef danska ríkisútvarpsins. Það er mat foreldranna að sæðisbankinn hefði átt að skoða erfðaefni sæðisgjafans fyrirfram. Eftir á hefur komið í ljós að sæðisgjafinn var með sýnilega bletti sem geta verið einkenni fyrrgreinds erfðagalla. **– ibs**


**Jól2016**

**Hjá okkur færðu þýsk gæðatæki frá Siemens, Bosch og Gaggenau. Fyrir jólin bjóðum við fjölda glæsilegra tækja á sérstöku jólaverði. Komdu til okkar og gerðu frábær kaup þér og öðrum til ánægju.**



**SIEMENS Ryksuga**
VS 01E1550
3 lítra poki. Vinnuradíus: 8 metrar.
Jólaverð:
**10.900 kr.**
Fullt verð: 14.900 kr.



**Bosch Töfrasproti**
MSM 66020
Kraftmikill, 600 W. Hljóðlátur og laus við titring. Losanlegur neðri hluti sem má þvo í uppþvottavél. Skál með loki og stór hakkari fylgja með.
Jólaverð:
**6.900 kr.**
Fullt verð: 9.900 kr



**Bosch Blandari**
MMB 42G0B
Einstaklega hljóðlátur. 700 W mótor.
Jólaverð:
**11.900 kr.**
Fullt verð: 16.900 kr.



**SIEMENS Espressó-kaffivél**
TE 607203RW
Hraðvirk upphitun. Einstök bruggtækni. Bruggar og útbýr tvo bolla í einu af kaffi, cappuccino og latte macchiato. 19 bara þrýstingur.
Jólaverð:
**139.900 kr.**
Fullt verð: 189.900 kr.




**Bosch Þvottavél**
WAB 28296SN
1400 sn./mín. Tekur mest 6 kg. Orkuflokkur A+++.
Jólaverð:
**59.900 kr.**
Fullt verð: 79.900 kr.



**Rommelsbacher Vöfflujárn**
WA 1000/E
Glæsilegt 1000 W vöfflujárn úr burstuðu stáli. Viðloðunarfrítt yfirborð.
Jólaverð:
**10.900 kr.**
Fullt verð: 13.900 kr.



SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

# Ástand heimsins
















**1.** Skólakrakkar í Seúl, höfuðborg Suður-Kóreu, komu fagnandi úr skólanum í gær því þá hófst vetrarfrí þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**2.** Meira en þrjátíu manns fórust í eldsvoða í einu úthverfa Mexíkóborgar á þriðjudag eftir að sprenging varð á flugeldamarkaði í bænum Tultepec. Um sjötíu manns hlutu misalvarleg meiðsli. NORDICPHOTOS/AFP

**3.** Jólafagnaður var haldinn í Malabon-dýragarðinum á Filippseyjum þar sem eigandi garðsins hafði sett jólasveinahúfu á sig, órangútaninn Pacquiao og tígrishvolpinn Duterte, sem nefndur er í höfuðið á hinum umdeilda forseta landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**4.** Lemúr baðar sig í sólskininu í dýragarðinum í Melbourne í Ástralíu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**5.** Vetrarsólstöðum var fagnað í Stonehenge á Englandi í gær. Þúsundir manna komu þar saman eins og undanfarin ár og biðu þess spenntar að sólin kæmi upp klukkan 13 mínútur yfir átta að staðartíma. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA






# Létt og leikandi Óskajógúrt
## í jólaundirbúningnum

Óskajógúrt hefur verið sjálfsagður hluti af matarmenningu íslensku þjóðarinnar í rúm 40 ár. Þín óskastund getur verið hvenær sem er en næsta Óskajógúrt er sjaldan langt undan.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA


KRÓNAN
499 kr. pk.
Bláber 125 g, Suður Afríka
549 kr. pk.
Hindber Driscolls 125 g, Marokkó
699 kr. pk.
Jarðarber 250 g, Egyptaland
499 kr. pk.
Rifsber Driscolls 125 g, Holland
1199 kr. stk.
Bláberjafata 300 g, Chile
499 kr. pk.
Brómber Driscolls 125 g, Mexíkó
Gleðileg jól
769 kr. pk.
Kirsuber 200 g, Chile
KIRSUBER
Opið í dag og Þorláksmessu
9–22
í öllum Krónuverslunum
*Reyðarfjörður opið 9-20 í dag
Tilboðin gilda til 26. desember. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# KRÓNAN

1 Sæti
Árleg könnun DV

TVÍREYKT HÚSAVÍKUR Hangilæri Úrbeinað

**3999** kr. kg
Húsavíkur tvíreykt hangilæri úrbeinað

Krónan mælir með!

Nóatúns hamborgarhryggur
NÓATÚN

**1899** kr. kg

Krónan mælir með!

BERBERIE ANTON

Heil fransk and af berberi

## Frönsk Aliönd

**5999** kr. stk.
Anton Berberie önd, 3,2 kg, Frakkland

Ódýrt

Krónan mælir með!

FRIÐRIK V Veislumatur

Lambalæri með sveppum og púrtvíni, úrval fyllinga

**3199** kr. kg

Ódýrt

Krónu hamborgarhryggur

**1399** kr. kg

Tilboðin gilda til 26. desember. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is


KRÓNAN
GERÐU ÞÍNA EIGIN
Beef Wellington
HREINSUÐ 100% UNGNAUTALUND
6999 kr. kg
Hreinsuð ungnautalund, Nýja Sjáland
+
999 kr. stk.
Duxelle fylling fyrir Wellington, 350 g
+
Butterdej
289 kr. stk.
Smjördeig utan um kjötið, 275 g
Krónan mælir með!
3499 kr. kg
Kalkúnaskip með salvíusmjöri
FRIÐRIK V Hátíðarpaté
799 kr. stk.
Friðrik V - Hátíðarpaté
Tilboðin gilda til 26. desember. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is


KRÓNAN
ódýrt
599 kr. stk.
Celebrations 380 g - 1576 kr/kg
540 kr. stk.
Toblerone 360 g
ódýrt
979 kr. stk.
After Eight 800 g
Ódýrt
Mackintosh 265 g
399 kr. stk.
Tilboðin gilda til 26. desember. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# Hagkerfinu verður ekki handstýrt

Flækjustigið á skattkerfinu er of hátt, segir Halldór Benjamín Þorbergsson, nýráðinn framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. Hann segir sterka krónu vissulega vera áhyggjuefni fyrir ferðaþjónustuna og aðrar útflutningsgreinar en vill ekki handstýra genginu.

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@365.is



Hagfræðingurinn Halldór Benjamín Þorbergsson tekur við starfi framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins um næstu áramót. Hann er framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar hjá Icelandair Group og er búinn að starfa í sjö ár hjá fyrirtækinu. Hann ræðir við Fréttablaðið um starfið hjá Icelandair Group, áhugann á opinberri stefnumótun, verkefnin fram undan hjá Samtökum atvinnulífsins og margt fleira.

**Var ekki að leita að vinnu**

„Ef þú hefðir spurt mig fyrir nokkrum mánuðum hvort ég væri að leita að nýju starfi þá væri svarið nei. Og ég hef ekkert verið að leita að nýju starfi. Hins vegar þegar ég sá þetta auglýst þá kviknaði einhver neisti og ég ákvað með mjög skömmum fyrirvara að stökkva á þetta," segir hann og tekur fram að hann hafi fylgst lengi með þjóðmálum og fylgst vel með starfi Samtaka atvinnulífsins og einnig Viðskiptaráðs. Hann var raunar framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs til skamms tíma. Að auki hefur Halldór Benjamín starfað sem ráðgjafi fyrir stjórnvöld við ýmis verkefni, meðal annars við framkvæmd skuldaleiðréttingar heimilanna.

Halldór Benjamín segist því hafa innsýn í opinbera stefnumótun og reynslu af því að hrinda stefnumálum í framkvæmd. „Ég hef verið svo heppinn að koma að nokkrum málum og ég finn að þetta kallar sterkt á mig. Mér finnst þetta skemmtilegt og áhugavert og mig langar til að gera meira af þessu," segir hann og bendir á að störf á vettvangi Samtaka atvinnulífsins snúist meðal annars um opinbera stefnumótun. Það að geta haft skoðun, hrint málum í framkvæmd og sett þau á dagskrá höfði vel til hans. Hann minnist tímans hjá Viðskiptaráði með hlýju. „Það var frábært starf og hollt fyrir þá sem hafa áhuga á þessum vettvangi að byrja snemma hjá Viðskiptaráði. Ég hins vegar fann að ég vildi ekki vera þar alla ævi. Ég vildi fara út í atvinnulífið og gerði það. Ég held að það sé hollt að þekkja báða heima," segir Halldór. Hann bendir á að félagsmenn Samtaka atvinnulífsins séu fyrirtækin í landinu. Því sé mikilvægt fyrir þá sem þar starfa að hafa skilning á viðskiptalífinu.

Halldór Benjamín segir Björgólf Jóhannsson, formann SA og forstjóra Icelandair Group, ekki hafa hvatt hann til að sækja um starfið hjá SA. „Þetta er bara sjálfsprottin ákvörðun mín og ég held mínu fyrir mig. Þetta kom held ég flestum hér í opna skjöldu," segir Halldór um viðbrögð samstarfsmanna sinna hjá Icelandair Group. Hann muni hins vegar sakna samstarfsmannanna enda sé þetta frábær vinnustaður.

**Vantaði afþreyingu**

Halldór situr í stjórn Iceland Tourism Fund, um fjögurra milljarða sjóðs Landsbréfa sem fjárfestir í ferðaþjónustutengdri afþreyingu. „Við sáum hér ásamt fleiri aðilum upp úr árunum 2010 og 2011 að ferðaþjónustunni var farinn að vaxa fiskur um hrygg. Það vantaði hins vega einn anganna. Það var fullt af fólki að fjárfesta í hótelum, bílaleigubílum og fleiru en það vantaði hins vegar afþreyingu," segir Halldór. Vandinn hafi hins vegar verið sá að það hafi verið erfitt að fjármagna uppbyggingu í afþreyingu.



Halldór Benjamín Þorbergsson hefur unnið hjá Icelandair Group í sjö ár. Samhliða því hefur hann unnið ýmis störf fyrir hið opinbera. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Það var því markaðsbrestur í eðli sínu. Við ákváðum að stíga inn í þetta með fjárframlögum, vera stofnaðilar sjóðs með Landsbréfum, fá aðra fagfjárfesta að sjóðnum, selja hugmyndina og hrinda þessu í framkvæmd. Núna, þremur árum síðar, erum við með um tug verkefna víðsvegar um land sem hefðu aldrei orðið að veruleika nema fyrir tilstilli sjóðs eins og þessa," segir Halldór Benjamín og nefnir ísgöngin í Langjökli sem eitt þeirra verkefna sem fjármögnuð hafa verið. „Það er frábært verkefni sem verður til úr engu og gengur glimrandi vel," segir hann. Á meðal annarra verkefna eru Fákasel, Hvalasafnið á Granda, Eldfjallasetrið á Hvolsvelli og uppbygging Perlunnar. „Hugsunin var sú að vera með landfræðilega dreifingu. Það er rosalega auðvelt að fjárfesta bara í 20 mínútna fjarlægð frá Reykjavík en það er kannski minnst vöntunin þar."

**Frábært kreppumeðal**

Halldór Benjamín segist ekki hafa áhyggjur af því að uppgangurinn í ferða- og flugþjónustunni sé of hraður. „Ferðaþjónustan og flugið hefur verið frábært kreppumeðal hér á Íslandi," segir Halldór Benjamín. Hann hafi reiknað út fyrir tveimur árum eða svo hver áhrif flug- og ferðaþjónustu hafi haft á hagvöxt á Íslandi frá árinu 2011. Niðurstaðan sé mjög áþekk þeirri niðurstöðu sem Hagfræðideild Landsbankans birti á dögunum. „Ef þú tekur þessa liði út, þá hefur hagvöxtur verið lítill á þessu tímabili á Íslandi."

Halldór Benjamín segir að ➡

Glæsilegt úrval á pier.is



50% AFSLÁTTUR AF JÓLAVÖRU

# ÞAÐ ER GOTT AÐ GEFA

## 20% AFSLÁTTUR AF GJAFAVÖRU

Gildir 22.– 24. des



SPEGILL
Áður 25.900,-
**NÚ 20.720,-**



DJÚSKANNA
Áður 4.990,-
**NÚ 3.992,-**

SPEGILL
Áður 15.990,-
**NÚ 12.792,-**





KERTASTJAKI
Áður 3.990,-
**NÚ 3.192,-**



KLUKKA
Áður 4.990,-
**NÚ 3.992,-**



HARRY HIPPO
Áður 15.990,-
**NÚ 12.792,-**



KERTASTJAKI
Áður 9.990,-
**NÚ 7.992,-**



BÚDDASTYTTA
Áður 12.990,-
**NÚ 10.392,-**

the PIER

**OPNUNARTÍMI 19.– 24. DESEMBER**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 22. DES. | Opið | 11-22 | í öllum verslunum |
| 23. DES. | Opið | 11-23 | á Smára- og Glerártorgi |
| | Opið | 11-22 | á Korputorgi |
| 24. DES. | Opið | 9–13 | á Smáratorgi |
| | Opið | 9–12 | á Korputorgi |
| | Opið | 10–12 | á Glerártorgi |

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880



Halldór Benjamín segir mikilvæg tækifæri felast í tengiflugi milli vesturs og austurs. Lega Íslands skipti miklu máli fyrir framtíðina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

➡ Ísland eigi hins vegar ekki að stefna að því að fjölga ferðamönnum sem mest heldur verðleggja sig rétt og ná til betur borgandi ferðamanna. „Kjarninn í þessu öllu er hins vegar Ísland sem tengistöð milli austurs og vesturs,“ segir hann og bætir við að þetta tengiflug milli Ameríku og Evrópu sé spennandi viðskiptatækifæri fyrir Ísland í heild sinni sem þyrfti að hlúa að, m.a. með aukinni innviðauppbyggingu í flugvöllum.

### Mikilvægt að byggja upp innviði

Halldór segir stóru áskorunina í ferðaþjónustu vera þá að byggja upp innviði um allt landið. „Ísland er uppselt hluta ársins sums staðar. Það er nú allur vandinn,“ segir hann og bætir við að áskoranirnar felist þá í því að dreifa ferðamönnum um landið. Þar skipti fyrrnefndur fjárfestingarsjóður máli. „Við gerum það með því að byggja upp áhugaverða segla alls staðar um landið.“ Halldór segir innviðauppbygginguna vera aðalatriðið. „Þegar þú ert kominn með innviði geturðu farið að stýra verðinu betur. Á meðan þú ert að elta skottið á sjálfum þér til að ná betur utan um þessa grunninnviði þá er vöxturinn sem þú getur tekið við takmarkaður,“ segir hann.

Halldór segir líka mikilvægt að gera sér grein fyrir því hvernig eigi að greiða fyrir innviðauppbygginguna. „Ég hef verið talsmaður þess að við tökum upp bílastæðagjöld á fjölförnum stöðum,“ segir hann. Það sé mun eðlilegra að tekjur verði til á þeim stað þar sem eftirspurnin er í stað þess að safna í sameiginlegan sjóði og endurdreifa svo fjármagninu. „Þetta mun ekki þykja fréttnæmt eða vekja eftirtekt úti í heimi. Vegna þess að þetta er bara það sem gerist og gengur annars staðar. Verð hefur áhrif á eftirspurn.“

Halldór segir sterka krónu vissulega vera áskorun fyrir ferðaþjónustu eins og aðrar útflutningsgreinar og geta haft áhrif á vöxt hennar. „En ég er ekki talsmaður þess að við förum að handstýra gengi krónunnar. Það er ekki hægt að handstýra hagkerfinu en það er hægt að hafa áhrif til þess að það séu ekki endalausar sveiflur fram og til baka. Til dæmis er hægt að stuðla að aukinni fjárfestingu innlendra aðila erlendis, sér í lagi lífeyrissjóðanna,“ segir Halldór. Vaxtastefnan skipti líka máli, lækka þurfi vexti.

### Breytingar á skattkerfinu

Halldór sat í verkefnastjórn Samráðsvettvangs um aukna hagsæld sem hafði það hlutverk að móta tillögur um endurbætur á skattkerfinu. „Hugsunin var að skoða skattkerfið út frá hagkvæmni og skilvirkni,“ segir hann. Verkefnið hafi verið að finna út hvernig sníða megi helstu vankantana af skattkerfinu.

„Þetta snerist ekki um það að auka eða minnka tekjurnar. Við hugsuðum okkur bara að þær væru fasti. Það væri síðan stjórnmálanna að ákveða hvort tekjurnar ættu að vera hærri eða lægri,“ segir hann. Sumar tillögurnar séu algjörlega borðleggjandi, til dæmis þær sem snúa að skattaeftirliti og úrvinnslu innan kerfisins. „Síðan eru tillögur um breytingar á tekjuskattskerfinu og virðisaukaskattskerfinu þar sem mælt er með einni virðisaukaskattsprósentu með fáum undanþágum,“ segir hann. Þá séu einnig tillögur að einföldun á barnabóta- og vaxtabótakerfinu.

Halldór segir þetta hafa verið góðan vettvang til að varpa fram, ekki endilega byltingarkenndum hugmyndum, en vel unnum og ígrunduðum hugmyndum sem eigi að vera raunhæfar í þeim skilningi að það eigi að vera hægt að nota þær við opinbera stefnumótun.

Halldór segir flækjustigið á skattkerfinu vera of hátt. „Ef ég spyr þig hvaða skattprósentu þú ert að borga þá þarftu að vera með Excel-skjal til að útskýra það. Ég velti fyrir mér hvort það sé æskilegt. Er ekki fínt að fólk skilji þetta betur? Erum við búin að flækja kerfið um of? Ég er allavega þeirrar skoðunar að einfaldir skattar séu plús.“ Hann bendir á að skattkerfið geti haft vinnuhvetjandi og vinnuletjandi áhrif.

### Horft verði til langs tíma

Halldór segir mikilvægt að við opinbera stefnumótun, eins og í skattamálum, breyti menn ekki um kúrs í einu vetfangi heldur verði það að liggja fyrir hvert langtímamarkmiðið sé. Menn verði að hafa sameiginlegt langtímamarkmið, sameiginlegan skilning á því hvert eigi að stefna.

„Þetta yrði stórkostleg breyting frá því sem nú er, menn eru ekki að vinna á þennan hátt núna,“ bætir hann við og tekur jafnframt fram að Salek-samkomulagið byggi á þessari hugsun. Með því samkomulagi er með nokkurri einföldun verið að leggja áherslu á að laun verði ekki hækkuð umfram framleiðniaukningu í samfélaginu. Halldór segir að það muni taka tíma að róa í þessa átt en við verðum öll betur sett ef það tekst.

Hann segir að það þurfi að vinna að því að fræða fólk um það hvað breytt samningalíkan á vinnumarkaði hefur í för með sér. „Ekki að ræða meðaltölin heldur ræða hvaða áhrif þetta hefur á mig og þig,“ segir hann.

Ný vinnubrögð í kjarasamningum séu eitt stærsta hagsmunamál almennings. „Vegna þess að ef okkur tekst það ekki tekst ekki að lækka vexti. Það liggur bara fyrir. Ég geri ráð fyrir að þitt heimilisbókhald sé bara eins og mitt og 99,9 prósenta Íslendinga. Við skuldum í húsnæði. Það að ná niður greiðslubyrðinni á húsnæðisláninu er besta kjarabót sem við getum náð fram,“ segir Halldór og bætir því við að forsendan fyrir því að ná niður greiðslubyrði lána sé að ná stöðugu verðlagi. Og til þess að ná stöðugu verðlagi þurfi að vera stöðugleiki á vinnumarkaði.

„Þetta helst allt í hendur, fjármál hins opinbera, vinnumarkaður og peningastefnan. Það verða allir að standa sína plikt,“ segir Halldór. Hann fagnar um leið ráðstöfun á 27 milljarða arðgreiðslu Íslandsbanka til ríkissjóðs. „Hún fer beint í að borga niður skuldir. Mjög skynsamleg ráðstöfun að mínu mati. Það er frábært að taka þetta bara til hliðar. En auðvitað er freistnivandinn gríðarlegur. Það vilja auðvitað allir allt fyrir alla gera,“ segir Halldór.

### Fimm barna faðir úr Seljahverfi

Halldór Benjamín Þorbergsson er 37 ára gamall. Hann er alinn upp í Seljahverfi og gekk í Ölduselsskóla. Hann útskrifaðist sem stúdent úr MR og lauk B.Sc.-gráðu í hagfræði frá Háskóla Íslands. Hann lauk svo MBA-gráðu frá Oxford-háskóla árið 2011. „Konan mín lærði læknisfræði í Bretlandi og ég var orðinn þreyttur á að fljúga á milli. Þannig að ég ákvað að flytja til Bretlands, auðvitað til að mennta mig, en ekki síður vegna samvista við hana,“ segir hann. Halldór Benjamín og Guðrún Ása Björnsdóttir búa í Seljahverfinu og eiga þrjú börn, það elsta fimm ára. „Það er líf og fjör meðan á þessu stendur.“



VERUM, VERSLUM OG NJÓTUM ÞAR SEM MIÐBORGARHJARTAÐ SLÆR

# Kláraðu listann í miðborginni

---

**22. DESEMBER – OPIÐ 10–22**
**23. DESEMBER – OPIÐ 10–23**
**24. DESEMBER – OPIÐ 10–12**

---

Fáðu hátíðarskapið beint í æð og gerðu jólainnkaupin í skemmtilegu umhverfi. Nýtt Gjafakort Miðborgarinnar okkar er fáanlegt í öllum bókaverslunum miðborgarinnar.

Þá minnum við á ratleik Jólavættanna og ævintýri Aðventuapans, þar sem þú getur unnið Gjafakort Miðborgarinnar okkar. Sjá nánar á facebook.com/midborgin.

**Jólasveinar, kórar og harmonikkuleikarar verða á röltinu og heimsækja Jólatorgið við Hljómalind og skautasvellið á Ingólfstorgi á milli kl. 20 og 22.**








MIÐBORGIN OKKAR

MIDBORGIN.IS
FACEBOOK.IS/MIDBORGIN

NÆG BÍLASTÆÐI OG MUNIÐ BÍLASTÆÐAHÚSIN

ALMENNA LEIGUFÉLAGIÐ

P BÍLASTÆÐASJÓÐUR

# Æðri máttur



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Steve Jobs, einn mesti frumkvöðull sinnar kynslóðar, segir í ævisögu sinni sem Walter Isaacson skrásetti að ólík trúarbrögð séu í grunninn margar dyr að sama húsi. Stundum taldi hann húsið vera þarna. Aðra daga efaðist hann um tilvist þess. Í því væri hin stóra ráðgáta fólgin, skortur á vitneskjunni.

Trúleysingjar trúa því að þeirra eigin mannlega hugsun hafi síðasta orðið. Hún sé upphaf og endir alls. Það er skiljanlegt, því að trúa á annað en það sem er hægt að færa sönnur á með rökum og vísindum, hvort sem þau eru áþreifanleg eða ekki, gengur í berhögg við skynsemina. Það er samt mjög sjálfhverf afstaða að mannleg hugsun sé upphaf og endir alls. Hún miðast við einhvers konar yfirburði mannlegrar vitundar. Að eingöngu maðurinn geti útskýrt heiminn. Ef menn gefa sér í þágu efans að æðri máttur sé til þá á hann sér eflaust rætur í lögmálum sem nútímavísindin geta ekki útskýrt. Það má ímynda sér að þessi óáþreifanlegi æðri máttur sé með okkur öllum stundum, alla sólarhringa ársins en á sama tíma er hann svo fjarlægur. Vísindi eiga erfitt með að útskýra margt í efnisheiminum. Jafnframt er sumt, sem er viðurkennt í vísindum okkar daga, svo flókið og langsótt að það er næstum ómögulegt að útskýra það. Hér má nefna skammtaeðlisfræði. Danski eðlisfræðingurinn Niels Bohr sagði að maður sem væri ekki í áfalli yfir skammtaeðlisfræði og hvernig hún virkaði, hefði ekki öðlast skilning á henni.

Það verður verkefni afkomenda þeirra sem þetta lesa, mörg hundruð ef ekki þúsund ár inn í framtíðina, að beisla vísindaþekkingu sem getur útskýrt þennan æðri mátt og búið til einhvers konar umgjörð undir skilning á honum. Hver veit nema eðlisfræðingar framtíðarinnar muni þá setja fram vísindakenningar um virkni hans? Hvað sem þessum vangaveltum líður er það heilbrigð afstaða að líta svo á að ólík trúarbrögð séu mismunandi dyr að sama húsi. Að trúarbrögðin séu tæki mannsins til að setja hugmyndir sínar um æðri mátt í samhengi. Þær séu aðferð til að skapa vettvang til að rækta sambandið við þennan æðri mátt. Því tilhugsunin um tilvistarleysi hans er of dapurleg.

**Hvað sem þessum vangaveltum líður er það heilbrigð afstaða að líta svo á að ólík trúarbrögð séu mismunandi dyr að sama húsi.**

Hin evangelísk-lútherska kirkja, ein af mörgum dyrum að þessu sama húsi, er ríkiskirkja á Íslandi. Stjórnarskráin áskilur að breyta megi þessu með lögum. Blessunarlega hefur sambúð ólíkra trúarbragða ekki verið stormasöm hér á landi. Jafnræðisreglan tryggir síðan jafna stöðu einstaklinga af ólíkri trú, þótt ríkisvaldið styrki og verndi eitt trúfélag fram yfir önnur. Í ljósi brýnna verkefna, meðal annars á sviði velferðarþjónustu og vegagerðar, er endurskoðun þessa sambands ríkisins og þjóðkirkjunnar ekki aðkallandi. Ef aðskilnaður á að vera raunhæfur þarf jafnframt að eiga sér stað fjárhagslegt uppgjör á kirkjujarðasamkomulaginu frá 1997 sem verður bæði flókið og kostnaðarsamt. Við sem samfélag þurfum samt í fyllingu tímans að ákveða hvernig sambandi ríkisins og kirkjunnar skuli háttað, hvaða sambúðarform sé eðlilegt og endurspegli þau gildi sem við viljum standa fyrir.






## Halldór




## Frá degi til dags

**Sama formúlan**

Fjárlagafrumvarpið var afgreitt út úr nefnd í gær með tillögu upp á tólf milljarða króna aukningu í innviðauppbyggingu, heilbrigðiskerfi og menntakerfi. Afgangur af fjárlögum er þó áfram 24 milljarðar króna. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra hefur áður sent frá sér slík fjárlagafrumvörp þar sem mikils aðhalds er gætt við fyrstu drög en svo er gefið rækilega í við afgreiðslu á Alþingi. Þetta er góð væntingastjórnun hjá Bjarna en almenningur getur ekki verið annað en sáttur við tólf milljarða króna innspýtingu. Þannig hefur Bjarni enda haldið á þjóðarbúinu undanfarið, eins og strangur faðir sem börnin kvarta ekki undan því hann á alltaf eitthvert smotterí uppi í erminni.

**Blokkin**

Á þessum vettvangi í gær var sagt altalað á Alþingi að í störfum þingsins myndu blokkir myndast sem auðveldað gætu stjórnmálaflokkunum að mynda ríkisstjórn. Það sannaðist þegar Viðreisn og Björt framtíð mynduðu meirihluta í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis með Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokki. Flokkarnir vilja samþykkja frumvarp um jöfnun lífeyrisréttinda nánast óbreytt frá frumvarpsdrögum sitjandi ríkisstjórnar. Píratar segja Viðreisn og Bjarta framtíð standa gegn kerfisbreytingum með afstöðu sinni. Fari svo að þessir flokkar myndi ríkisstjórn gæti hún heitið stafrófsstjórnin enda eru listabókstafir flokkanna jú A, B, C og D.

snaeros@frettabladid.is

# Fékkstu fjólubláa umslagið?



Sigurður Yngvi Kristinsson
prófessor í blóðsjúkdómum við Háskóla Íslands

Blóðskimun til bjargar – þjóðarátak gegn mergæxlum hófst fyrir einum mánuði þegar Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, skráði sig til þátttöku. Markmið þess er að rannsaka áhrif skimunar fyrir forstigi mergæxlis til þess að bæta líf þeirra sem greinast með mergæxli og leita um leið lækninga við sjúkdómnum. Við höfum nú sent öllum sem búsettir eru á Íslandi og fæddir eru árið 1975 eða fyrr fjólublátt umslag með boði um þátttöku ásamt upplýsingum um rannsóknina.

Á aðventunni er að mörgu að hyggja og líklega berst aldrei jafn mikill póstur heim til landsmanna og þá. Því er hætt við að fjólubláa umslagið hafi farið í bunkann með öðrum pósti. Mikilvægt er að þeir sem vilja leggja Blóðskimun til bjargar lið með þátttöku sinni gæti að því hvort fjólubláa umslagið hafi skilað sér.

**Mikilvægt er að þeir sem vilja leggja Blóðskimun til bjargar lið með þátttöku sinni gæti að því hvort fjólubláa umslagið hafi skilað sér.**

Þeim sem ekki hafa fengið umslagið er bent á hafa samband við okkur með því að senda tölvupóst á upplysingar@blodskimun.is eða með því að hringja í 896-0022. Á heimasíðu verkefnisins blodskimun.is er einnig hægt að finna þær upplýsingar sem eru í umslaginu.

Til þess að taka þátt í verkefninu þarf að veita upplýst samþykki. Það er hægt að gera með því að senda undirritaða samþykkisyfirlýsingu, sem er í fjólubláa umslaginu, gjaldfrjálst með pósti eða á blodskimun.is með því að nota lykilorðið sem kemur með fjólubláa umslaginu, Íslykli eða rafrænum skilríkjum. Næst þegar þátttakandi fer, einhverra hluta vegna, í blóðprufu, hvar sem er á landinu, mun Blóðskimun til bjargar fá hluta af blóðsýninu til rannsóknar. Því þarf ekki að fara í sérstaka blóðprufu til þess að taka þátt.

Forsenda þess að rannsóknin skili árangri er góð þátttaka og það er óhætt að segja að við höfum fengið góðar viðtökur frá landsmönnum öllum. Þær benda til þess að markmið um þátttöku muni nást og fyrir það erum við afar þakklát. Því fleiri sem skrá sig, því betri möguleika höfum við til að svara lykilspurningum um mergæxli og gagnið af átakinu meira. Með því að bæta þínu nafni í hóp þátttakenda getur þú stuðlað að því að blóðskimun komi til bjargar.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is,* Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is,* Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Þagnarskylda eða yfirhylming?

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Í 22. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 segir: „1. Lögreglumönnum og öðrum starfsliði lögreglu ber þagnarskylda um þau atvik sem þeim verða kunn í starfi sínu eða vegna starfs síns og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna. … 2. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.“ Svipuð lagaákvæði gilda um þagnarskyldu annarra opinberra starfsmanna og einnig bankamanna.

### Misbeiting þagnarskyldu

Þagnarskylda er því háð skv. laganna hljóðan að um lögmæta hagsmuni sé að ræða. Sé ekki um lögmæta hagsmuni að ræða gildir þagnarskyldan ekki. Sé lögreglumaður í vafa er líklegt að hann geti fengið þagnarskylduna aflétt hjá yfirmanni þeirrar lögreglu sem hann heyrir undir, t.d. lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Ákvörðun hans mætti líklega skjóta til innanríkisráðherra ef með þyrfti. Einnig væri hægt að leggja málið fyrir innanríkisráðherra og láta hann um að afla afstöðu lögreglustjórans.

Lögin eru skýr. Lögreglumönnum og öðrum opinberum starfsmönnum ber ekki skylda til að þegja um ólöglegt athæfi, öðru nær. Þegi þeir um ólöglegt athæfi tilkvaddir í máli sem er í rannsókn snýst meint þagnarskylda upp í yfirhylmingu og skálkaskjól.

### Hleranir

Þessi greinarmunur á þögn um löglegt athæfi og ólöglegt skiptir sköpum, t.d. í tengslum við símahleranir. Sé sími manns hleraður skv. dómsúrskurði, þ.e. með lögmætum hætti, ber lögreglu skv. lögum að þegja um málið. Yfirvöldum ber þó skylda til að gera þeim sem símar voru hleraðir hjá grein fyrir hleruninni að nokkrum tíma liðnum.

Vitað er að margir Íslendingar telja sig hafa orðið fyrir símahlerunum án dómsúrskurðar og hafa vitnað um þá skoðun sína opinberlega, t.d. Jón Baldvin Hannibalsson, fv. ráðherra, og Ómar Ragnarsson fréttamaður. Lögreglumönnum ber engin skylda til að þegja um vitneskju sína um slíkar hleranir, öðru nær. Lögreglumenn sem þegja um brot sem snerta mál í rannsókn, eins og t.d. þegar sýslumaðurinn á Akranesi rannsakaði meintar símahleranir hjá Jóni Baldvini Hannibalssyni 2006, gera sig í reyndinni seka um yfirhylmingu, en þó varla af ásettu ráði. Heldur virðist vandinn vera sá að þeir kunna að telja þagnarskylduna fyrirvaralausa án þess að átta sig á muninum á þagnarskyldu varðandi löglegar og ólöglegar hleranir. Það átti við um gamalreyndan lögreglumann sem sagði mér sjálfur að hann hefði talið sig bundinn þagnarskyldu í vitnastúkunni á Akranesi 2006. Af þessum sökum hafa yfirvöld ekki fengizt til að staðfesta grun Jóns Baldvins um að sími hans hafi verið hleraður í ráðherratíð hans.

### Dómsmorð? – af gáleysi

Nýrra dæmi kemur í hugann. Málsvörn Gunnars Þ. Andersen, fv. forstjóra Fjármálaeftirlitsins, þegar honum var gefið að sök að hafa lekið trúnaðargögnum úr Fjármálaeftirlitinu, gögnum sem höfðu aldrei þangað komið, var að hann hefði verið að reyna að vernda Fjármálaeftirlitið og þá um leið almannahagsmuni gegn atlögu þingmanns að Fjármálaeftirlitinu með því að afla upplýsinga um meint brot þingmannsins í bankaviðskiptum. Réttarkerfið braut gegn Gunnari með því að dæma hann sekan (og annan mann fyrir brot gegn þagnarskyldu) án þess að verða við ósk hans um rannsókn á meintu broti þingmannsins. Hefði rannsókn á því máli leitt brot í ljós hefði gagnalekinn horft öðruvísi við.

### Hljóðritunin í Seðlabankanum

Seðlabanki Íslands ber við þagnarskyldu þegar hann neitar að láta af hendi hljóðrit af símtali þv. seðlabankastjóra og forsætisráðherra 6. október 2008. Sjónarmið bankans ætti rétt á sér ef málið varðaði lögmæta hagsmuni. Nú hefur Kastljós RÚV afhjúpað hluta af lekinni útskrift símtalsins þar sem kemur í ljós að Seðlabankinn ákvað að lána Kaupþingi 500 milljónir evra og bankastjórinn lýsti því jafnframt yfir í hinu hljóðritaða símtali, skv. eiðsvörnum vitnisburði embættismanns Seðlabankans sem var viðstaddur símtalið, að lánið væri tapað. Seðlabanka er ekki síður en ríkisviðskiptabanka óheimilt í skilningi laga að ráðstafa almannafé með svo gáleysislegum hætti, og gildir þá væntanlega einu hvort veð var tekið enda hefði slíkt lán án veðs verið skýlaust lögbrot. Málið hefði átt og ætti enn að réttu lagi að koma til kasta dómstóla.

> **Nú liggur því fyrir að ekki aðeins Seðlabankinn heldur einnig fv. nefndarmenn í fjárlaganefnd Alþingis virðast ekki hafa áttað sig á að þagnarskylda gildir því aðeins að um lögmæta hagsmuni sé að ræða.**

Fyrir þrábeiðni þv. formanns fjárlaganefndar Alþingis féllst Seðlabankinn á að leyfa nefndarmönnum að lesa útskrift af símtalinu. Í bréfi Seðlabankans til formanns nefndarinnar segir að „ekki sé tilefni til að víkja frá lögákveðinni þagnarskyldu með því að láta nefndarmönnum samtalið í té“. Samt mátti Seðlabankanum vera ljóst að samtalið vitnaði um að því er virðist óheimila ráðstöfun fjármuna bankans. Ljóst mátti a.m.k. vera að það var ekki í verkahring Seðlabankans heldur dómstóla að skera úr vafanum og hefði bankinn því að réttu lagi átt að vísa málinu til dómstóla. Nú liggur því fyrir að ekki aðeins Seðlabankinn heldur einnig fv. nefndarmenn í fjárlaganefnd Alþingis virðast ekki hafa áttað sig á að þagnarskylda gildir því aðeins að um lögmæta hagsmuni sé að ræða.

### Lögbrot sem verzlunarvara

Fjárlaganefndarformaðurinn fv., Björn Valur Gíslason, nú varaformaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og fulltrúi flokks síns í bankaráði Seðlabankans, hefur lýst þessum atburðum opinberlega. Hann segir á vefsetri sínu 14. október 2014 undir yfirskriftinni „Tvö símtöl úr Seðlabankanum“ og á þá við hitt símtalið: „Nefndarmenn í fjárlaganefnd lásu síðan útskrift af símtalinu og um það ríkir enn trúnaður. Eftir það þagnaði krafa sjálfstæðismanna um að opinbera símtalið. Einhverra hluta vegna.“

# Hinn dularfulli sjúkdómur



Jón Kalman Stefánsson
rithöfundur

Er ekki lýjandi að vera stjórnmálamaður? Hvernig ætli þeim gangi almennt í hversdeginum, ég á við: tekur einhver mark á þeim þar? Er óhætt að lána þeim bók, treystir Visa þeim fyrir kortinu? Er kannski best, ef við skyldum óvart lenda við hlið einhvers þeirra í veislu, að hunsa hann alveg, eða umgangast mjög varlega, eins og um væri að ræða einstakling með dularfullan sjúkdóm?

Stjórnmálamenn eru auðvitað mismunandi, þó það nú væri, en næstu daga fáum við að njóta þeirra forréttinda að fylgjast með, gott ef ekki í beinni útsendingu, hvar í flokk má setja þá 63 einstaklinga sem nú sitja á þingi. Hvort það sé vinnandi vegur að taka mark á þeim, treysta þeim fyrir visakorti, lána þeim bók, penna – hvort hægt sé að ræða við þá eins og venjulega manneskju.

### Um mikilvægi þess að hafa sjúklinga á göngum spítalans

Hér er naglföst staðreynd: í nýafstaðinni kosningabaráttu lofuðu langflestir þingmenn bót og betrun í málefnum Landspítalans og heilbrigðiskerfisins. Þeir beygðu sig, misviljugir kannski, undir kröfu rúmlega 86 þúsund Íslendinga um að fjárlög til heilbrigðismála skyldu nema 11 prósentum af landsframleiðslu. Báðir flokkar sitjandi starfsstjórnar, sem nú leggja fram fjárlagafrumvarpið, tóku undir þessa kröfu. „Á þessu kjörtímabili“, segir í einni yfirlýsingu Sjálfstæðisflokksins, „komum við ríkisfjármálunum í það lag að innistæðan væri til frekari uppbygginga á hinu næsta. Það tókst og þess vegna er uppbygging heilbrigðiskerfisins höfuðatriði í kosningabaráttu okkar nú.“ Og formaður flokksins, og fjármálaráðherra, sagði í DV undir lok október að flokkurinn ætli að „… hlúa vel að heilbrigðiskerfinu og styrkja innviðina“.

Samt leggur Bjarni nú fram fjárlagafrumvarp þar sem hann, án nokkurra skýringa, gengur augljóslega á bak orða sinna. Allir flokkar, skrifar Páll Matthíasson forstjóri Landspítalans, „sóru og sárt við lögðu að nú væri upp runninn tími endurreisnar heilbrigðiskerfisins … Í þessu ljósi er óhætt að segja, þegar horft er til fjárlagafrumvarpsins, að fjallið tók jóðsótt og fæddist lítil mús.“

Var Bjarni þá, flokkssystkini hans, og þingmenn Framsóknar, einfaldlega að ljúga að okkur? Finnst þeim þá alls ekki tími til kominn að leggja allt í að endurreisa laskað heilbrigðiskerfið? Einn af þingmönnum Sjálfstæðisflokksins, Ásmundur Friðriksson, heldur því raunar fram að það sé ekki hægt að treysta starfsfólki Landspítalans – það ljúgi. Hann fullyrðir að starfsfólki þyki mikilvægara að hafa sjúklingana „á göngunum svo sjónvarpsvélarnar og fréttamennirnir geti flutt ljótar sögur úr heilbrigðiskerfinu“.

Ásmundur er næstefstur á lista Sjálfstæðismanna í Suðurkjördæmi, og hlýtur því að teljast hafa vigt innan flokksins. Búum við í þannig samfélagi að það þykir í fínu lagi að þingmaður ásaki starfsfólk Landspítalans um fals og lygar? Lygur þá einnig, að hans mati, Páll Matthíasson, forstjóri spítalans, þegar hann fullyrðir að verði fjárlagafrumvarpið „samþykkt óbreytt verða afleiðingarnar mjög alvarlegar fyrir stóran hóp sjúklinga og aðstandendur þeirra. Ekki verður komist hjá uppsögnum, lokunum deilda og annarri skerðingu á þjónustu sjúkrahússins …“?

Eða er Ásmundur kannski á dapurlegan og ósmekklegan hátt að reyna að réttlæta svikin loforð með því draga úr trúverðugleika Landspítalans og starfsfólks hans? Draga úr trúverðugleika spítalans sem samkvæmt nýlegri skýrslu erlendra sérfræðinga er vel rekinn, og hefur náð merkilega vel að halda uppi gæðum þrátt fyrir viðvarandi fjársvelti. En starfsfólkið hefur líka keyrt sig svo hart áfram að nú er komið að þolmörkum þess. Þingmaður Sjálfstæðisflokksins heldur kannski að það harða starfsumhverfi sem fólk býr þar við, með tilheyrandi hættum á kulnun í starfi og mistökum – og mistök á spítölum geta verið banvæn – sé bara uppspuni, leikrit, sett upp fyrir sjónvarpsmyndavélar. Ég held að þar eigi hann fáa skoðanbræður. Ríflega 40 prósent þjóðarinnar, rúm 86 þúsund manns, skrifuðu undir ákall um að framlög til heilbrigðiskerfisins yrðu stóraukin strax. Það ákall varð óumdeilanlega að helsta kosningamálinu. Um það efast enginn. Nema kannski Ásmundur. Nema kannski formaður hans og fjármálaráðherra, Bjarni Benediktsson. Og aðrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins. Og kannski starfandi forsætisráðherra, Sigurður Ingi, ásamt hans flokksmönnum.

### Er erfitt að standa með þjóð sinni?

Guðlaugur Þór, varaformaður fjárlaganefndar, sagði nýverið að fjármagn væri ekki allt, og þótt staða ríkissjóðs væri góð þá ylti framhaldið á því að „menn hagi sér skynsamlega í efnahagsmálum“.

Skynsemi í efnahagsmálum: fjármagn er ekki allt. Nokkuð athyglisverð staðhæfing í ljósi þess að stjórnvöld hafa svelt heilbrigðiskerfið árum saman – raunframlög til heilbrigðisþjónustu umtalsvert lægri á þessu ári en árið 2008; hefur landsmönnum þó fjölgað síðan, sem og öldruðum og ferðamönnum, sem þurfa auðvitað á þjónustunni að halda.

Skynsemi

Hér er upprifjun á einni birtingarmynd hennar: alfyrsta verkefni sitjandi stjórnar var að lækka skatt á hátekjufólk og stórlækka veiðileyfagjöldin, þrátt fyrir að hagnaður stærstu sjávarútvegsfyrirtækja væri í sögulegu hámarki; í dag hafa 30 stærstu kvótafyrirtækin hagnast um 230 milljarða frá hruni. Hagnaður af sameign þjóðar. Er þá skynsemi að snarlækka veiðileyfagjöldin og tryggja að svimandi gróðinn sneyði hjá samfélaginu en lendi í vasa fárra einstaklinga? Á meðan sveltur heilbrigðiskerfið. Og biðlistar lengjast. Á meðan morknar bygging Landspítalans. Á meðan kulnar fólk þar hratt í starfi vegna of mikils álags, og íslenskir læknar erlendis hika við að snúa heim, vilja ekki lenda í þrælakistunni.

Það er erfitt að skilja hvers vegna.

Eða hvað?

Í áðurnefndri skýrslu erlendu sérfræðinganna um íslenska heilbrigðiskerfið segir meðal annars:

„Umfang starfsemi sérfræðilækna á einkastofum hefur aukist hratt á síðustu árum án skýrrar stefnu, stjórnunar, stýringar verkefna eða eftirlits með gæðum þjónustunnar.“

Afhverju læðist að manni sá óþægilegi grunur að þingmenn sitjandi starfsstjórnar hafi síðustu fjögur ár daufheyrst við ákalli heilbrigðiskerfisins um aukin framlög, vegna þess að þeir hafi lítinn áhuga á að bæta það? Þess vegna stinga þeir glóðvolgum kosningaloforðum í vasann og leggja fram svikna eiða – vegna þess að það er draumur Sjálfstæðismanna, Framsókn virðist dingla viljalaust með, að efla einkarekstur heilbrigðiskerfisins. Eins og þeir hafa leynt og ljóst gert síðustu árin. Þess vegna tala þeir um að peningar séu ekki allt, og það þurfi að sýna skynsemi; þeirra draumur er að herða áfram að Landspítalanum til að tryggja vöxt einkageirans. Það er þeirra pólitíska sýn. Sýn frjálshyggjunnar.

Það er hugsanlega eina ályktunin sem hægt er að draga af málinu.

En það er hátíð í bæ – flokkarnir tveir geta ekki keyrt frumvarpið hjálparlaust í gegn. Og bráðum sjáum við kjósendur, og þar með þau rúm 86 þúsund sem skrifuðu undir ákallið um stóraukin framlög til heilbrigðiskerfisins, hvaða manneskjur aðrir þingmenn hafa að geyma. Standa þeir með þjóð sinni? Standa þeir við eigin orð; eða eru þeir líka sýktir af þeim dularfulla sjúkdómi sem knýr þingmenn svo oft til að ganga á bak orða sinna?



netto

markhönnun ehf



# Gott og ódýrt fyrir jólin...

GOÐI

**Hátíðarlambalæri**
Hátíðarlambalæri marinerað - Goði
**1.594 KR/KG**
Áður: 1.898 kr/kg




GOÐI



20%

**Goði Pítubuff**
með 6 brauðum
**1.278 KR/PK**
Áður: 1.598 kr/pk

22%



**Lambahryggur**
frosinn heill
**1.778 KR/KG**
Áður: 2.279 kr/kg




**Humar VIP**
millistærð 800 gr.
**5.898 KR/PK**

HUMARSALAN

## Humar er ómissandi á veisluborðið!



NÝTT Í netto



HUMARSALAN

**Hátíðarsúpa Humarsölunnar,**
850 ml
**1.298 KR/PK**

20%




**Okkar Laufabrauð**
8 stk.
**1.094 KR/PK**
Áður: 1.367 kr/pk

okkar

20%




**Coop Loftkökur**
Tylstrup 200 gr.
**199 KR/PK**
Áður: 249 kr/pk

23%




**X-tra Tartalettur**
10 stk
**199 KR/PK**
Áður: 259 kr/pk

**Tilboðin gilda 21. – 24. desember 2016**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Opnun verslana yfir hátíðarnar

| Verslun: | 23.12 Þorláksmessa | 24.12 Aðfangadagur | 25.12 Jóladagur | 26.12 Annar í jólum | 27.12 – 29.12 | 30.12 | 31.12 Gamlársdagur | 01.01 Nýársdagur | 02.01 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Höfuðborgarsv:** | | | | | | | | | |
| Grandi | 24 klst | – 13:00 | Lokað | Opnar 10:00 | 24 klst | 24 klst | – 15:00 | Lokað | Opnar 10:00 |
| Mjódd | 24 klst | – 13:00 | Lokað | Opnar 10:00 | 24 klst | 24 klst | – 15:00 | Lokað | Opnar 10:00 |
| Hafnarfjörður | 10:00 – 23:00 | 10:00 – 13:00 | Lokað | 10:00 – 21:00 | 10:00 – 21:00 | 10:00 – 22:00 | 10:00 – 15:00 | Lokað | 10:00 – 21:00 |
| Búðakór | 10:00 – 23:00 | 10:00 – 13:00 | Lokað | 10:00 – 21:00 | 10:00 – 21:00 | 10:00 – 22:00 | 10:00 – 15:00 | Lokað | 10:00 – 21:00 |
| Salavegur | 10:00 – 23:00 | 10:00 – 13:00 | Lokað | 10:00 – 21:00 | 10:00 – 21:00 | 10:00 – 22:00 | 10:00 – 15:00 | Lokað | 10:00 – 21:00 |
| **Norðurland:** | | | | | | | | | |
| Glerártorg | 10:00 – 23:00 | 10:00 – 13:00 | Lokað | Lokað | 10:00 – 19:00 | 10:00 – 22:00 | 10:00 – 15:00 | Lokað | 10:00 – 19:00 |
| Hrísalundur | 10:00 – 23:00 | 10:00 – 13:00 | Lokað | Lokað | 10:00 – 21:00 | 10:00 – 22:00 | 10:00 – 15:00 | Lokað | 10:00 – 21:00 |
| Húsavík | 10:00 – 23:00 | 10:00 – 13:00 | Lokað | Lokað | 10:00 – 19:00 | 10:00 – 22:00 | 10:00 – 15:00 | Lokað | 10:00 – 19:00 |
| **Suðurland:** | | | | | | | | | |
| Krossmói | 10:00 – 23:00 | 10:00 – 13:00 | Lokað | Lokað | 09:00 – 20:00 | 10:00 – 22:00 | 10:00 – 15:00 | Lokað | 09:00 – 20:00 |
| Grindavík | 10:00 – 23:00 | 10:00 – 13:00 | Lokað | Lokað | 10:00 – 19:00 | 10:00 – 22:00 | 10:00 – 15:00 | Lokað | 10:00 – 19:00 |
| Iðavellir | 10:00 – 23:00 | 10:00 – 13:00 | Lokað | Lokað | 10:00 – 21:00 | 10:00 – 22:00 | 10:00 – 15:00 | Lokað | 10:00 – 21:00 |
| Selfoss | 10:00 – 23:00 | 10:00 – 13:00 | Lokað | Lokað | 10:00 – 21:00 | 10:00 – 22:00 | 10:00 – 15:00 | Lokað | 10:00 – 21:00 |
| **Austurland:** | | | | | | | | | |
| Egilsstaðir | 10:00 – 23:00 | 10:00 – 13:00 | Lokað | Lokað | 10:00 – 19:00 | 10:00 – 22:00 | 10:00 – 15:00 | Lokað | 10:00 – 19:00 |
| Höfn | 10:00 – 23:00 | 10:00 – 13:00 | Lokað | Lokað | 10:00 – 19:00 | 10:00 – 22:00 | 10:00 – 15:00 | Lokað | 10:00 – 19:00 |
| **Vesturland:** | | | | | | | | | |
| Borgarnes | 10:00 – 23:00 | 10:00 – 13:00 | Lokað | Lokað | 10:00 – 19:00 | 10:00 – 22:00 | 10:00 – 15:00 | Lokað | 10:00 – 19:00 |



## Skrautlegu jólapeysurnar

2.249 kr.
Áður: 2.998 kr/stk



25%




**Mackintosh**
1,3 kg.
**1.798 KR PK**




**Celebrations**
750 gr.
**1.999 KR PK**
Áður: 2.398 kr/pk




**Lindor Mjólkursúkkulaði**
200 gr.
**699 KR PK**




25%

**Eplaskífur Coronet**
20 stk 560 gr.
**299 KR PK**
Áður: 398 kr/pk




**Daisy Ísterta**
2 tegundir - 1100 ml.
**1.398 KR PK**
Áður: 1.598 kr/pk

34%




**Annas Piparkökuhús**
300 gr.
**395 KR STK**
Áður: 599 kr/pk

nettó

# Jólakjötið færðu í Nettó



KJÖTSEL

**Hangiframpartur**
úrbeinaður - Kjötsel
**2.294 KR/KG**
Áður: 2.798 kr/kg



22%

KJÖTSEL

**Hangilæri**
úrbeinað - Kjötsel
**2.962 KR/KG**
Áður: 3.798 kr/kg

Viltu hafa það hefðbundið um jólin...



**Kalkúnn heill**
Frosinn - Allar stærðir
**998 KR/KG** ❄

Franskur gæðakalkúnn á betra verði!



40%

KJÖTSEL

**Hamborgarhryggur**
snyrtur og úrbeinaður - Kjötsel
**1.739 KR/KG**
Áður: 2.898 kr/kg



**Rjúpubringur**
400 gr.
**1.998 KR/PK**



KJÖTSEL

**Hangilæri**
með beini - Kjötsel
**2.146 KR/KG**
Áður: 2.384 kr/kg



40%

KJÖTSEL

**Bayonneskinka**
Kjötsel
**1.198 KR/KG**
Áður: 1.996 kr/kg



40%

HUMARSALAN

**Humar**
án skeljar 800 gr. poki.
**2.999 KR/PK** ❄
Áður: 4.998 kr/pk

HUMARSALAN



**HS Skelbrot**
blandað - 1 kg
**3.469 KR/KG** ❄
Áður: 3.895 kr/kg



KEA

**Hamborgarhryggur**
KEA
**1.798 KR/KG**

**Tilboðin gilda 21. - 24. desember 2016**
Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



20%

Dádýralundir
frá Nýja Sjálandi
**5.838 KR/KG**
Áður: 7.298 kr/kg



20%

Kálfalundir
frá Holland
**3.998 KR/KG**
Áður: 4.998 kr/kg

## ...eða viltu hafa það framandi



20%

Nautalundir
Danish Crown 1,2 - 1,5 kg
**3.438 KR/KG**
Áður: 4.298 kr/kg



Hreindýralundir
**7.910 KR/KG**
Áður: 8.989 kr/kg



20%

Dádýravöðvar
frá Nýja Sjálandi
**3.198 KR/KG**
Áður: 3.998 kr/kg



Kalkúnabringur
Erlendar
**2.098 KR/KG**
Áður: 2.498 kr/kg



20%

Kengúru fille
Frosið
**3.198 KR/KG**
Áður: 3.998 kr/kg



Nautalundir
frá Nyja-Sjálandi, 1,8 - 2,2 kg.
**3.998 KR/KG**



Nauta T-bone steik
1 stk.
**3.993 KR/KG**
Áður: 4.698 kr/kg



Nautamjaðmasteik
Roastbeef 600 - 800 gr.
**2.998 KR/KG**

# Tækifæri úr greipum gengið?



Davíð Ingason


Friðfinnur Hermannsson


Árni Sverrisson

áhugamenn um ristilskimun.


Eftir áratuga umræður um að hefja beri skipulagða leit að krabbameini í ristli og endaþarmi hillir nú kannski undir að aðgerðir hefjist. Krabbameinsfélagið hefur að undirlagi ráðuneytisins gert tillögu að því hvernig þetta beri að framkvæma, en tvær tillögur bárust ráðuneytinu á sínum tíma um framkvæmd verkefnisins. Landlæknisembættið virðist hafa á endanum skorið úr um hvor leiðin yrði farin.

Niðurstaða Krabbameinsfélagsins er að framkvæma þetta á svipaðan máta og t.d. Bretland og Finnland hafa valið að gera, með leit að blóði í hægðum sem oft er ávísun á að krabbamein sé til staðar. Engin trygging er fyrir hendi um þátttöku þessa tiltekna hóps sem valinn er og fær sendingu frá Krabbameinsfélaginu, auk þess sem hægðasýnið sem viðkomandi þarf að senda inn gefur einungis vísbendingu um hvernig staðan er á þessum tiltekna tíma, en segir ekkert til um hvort ástandið geti verið allt annað og alvarlegra eftir eitt ár, sem gerir það að verkum að endurtaka verður prófið, en gert er ráð fyrir að það verði gert á tveggja ára fresti.

Þetta eru óneitanlega mikil vonbrigði fyrir okkur sem höfum fylgst með þessum málaflokki um árabil að þessi leið skuli verða fyrir valinu en ekki sú sem við áhugafólk um ristilskimun lögðum til. Hér er verið að missa af stórkostlegu tækifæri til að fyrirbyggja og fækka tilfellum þessa sjúkdóms. Á meðan tillaga Krabbameinsfélagsins felur vissulega í sér að við munum finna sjúkdóminn á fyrri stigum, að því gefnu að landsmenn muni taka vel undir aðferðafræði þá sem stungið er upp á, verðum við að benda enn og aftur á eins og við höfum gert í ræðu og riti mörg undanfarin ár að hér má gera betur með svipuðum tilkostnaði og mun meiri ávinningi.

Aðferðafræðin sem við áhugafólk höfum ásamt mörgum læknum talað fyrir er að kalla inn landsmenn á tilteknum aldri í ristilspeglun til að útiloka að sjúkdómurinn sé til staðar og/eða að fjarlægja forstig sjúkdómsins, svokallaða sepa, sem síðar geta valdið krabbameini. Með því má eins og flestir hljóta að gera sér grein fyrir spara líf og langvarandi veikindi og ekki síst fjármagn í heilbrigðiskerfi sem sífellt kallar á meira fé sakir hlutfallslegrar öldrunar þjóðarinnar annars vegar og fjölgunar íbúa landsins hins vegar. Þá er jafnframt komin skráning yfir þá einstaklinga sem hafa greinst með forstigseinkenni og hægt að gera ráðstafanir til þess að þeir verði í reglubundnu eftirliti í framhaldinu.

**Meiri ávinningur**

Að finna sjúkdóminn fyrr getur vissulega hjálpað mörgum verðandi fórnarlömbum þessa sjúkdóms en augljóst ætti að vera að ávinningurinn er meiri af að fyrirbyggja sjúkdóminn. Það þýðir færri skurðaðgerðir og eftirmeðferðir. Þetta hafa fróðir menn sýnt fram á mörgum sinnum á undanförnum árum með reiknisdæmum og sannfærandi málflutningi sbr. grein læknanna Ásgeirs Theodórs og Tryggva Stefánssonar í desemberblaði Læknablaðsins. http://www.laeknabladid.is/tolublod/2016/12/nr/6153.

**Við eigum eins og sakir standa nógu marga meltingarsérfræðinga sem geta framkvæmt þann fjölda speglana sem nauðsynlegt er að framkvæma og góð aðstaða er fyrir hendi.**

Sú aðferðafræði sem við tölum fyrir að ristilspegla alla í ákveðnum árgangi er möguleg á Íslandi vegna hagkvæmni smæðarinnar. Við eigum eins og sakir standa nógu marga meltingarsérfræðinga sem geta framkvæmt þann fjölda speglana sem nauðsynlegt er að framkvæma og góð aðstaða er fyrir hendi.

Sú afturhaldsemi og skortur á framsýni þeirra aðila sem talað hafa fyrir hinni hefðbundnu aðferð ber vitni um sorglega minnimáttarkennd. Það eru vissulega ýmsir ókostir sem fylgja því að vera lítil þjóð en því fylgja líka kostir. Hér er samkvæmt okkar skilningi gullið tækifæri til að nýta kosti smæðarinnar sem við ættum ekki að láta okkur úr greipum ganga. Það er hægt að fækka tilfellum krabbameins í ristli og endaþarmi og sjá til þess að þjóðfélagið muni ekki bera aukinn kostnað af í hinu stóra samhengi og þegar til lengri tíma er litið. Það er vilji margra þjóða að fara þá leið sem við höfum lagt til hér, en íbúafjöldinn gerir það að verkum að það er ekki framkvæmanlegt.

# Frá öðru landi



Veronika Ómarsdóttir

nemi í Vínarborg


Núna er ég búin að búa næstum fjögur ár í öðru landi. Viðmótið sem ég fæ frá fólki þegar ég nefni það er virkilega jákvætt. Oftast er haft á orði, bæði hér úti sem og heima á Íslandi, hversu hugrökk ég sé og hvað það hljóti að vera æðislegt að fá að búa annars staðar, fá að upplifa nýja menningu og læra nýtt tungumál. Sem það jú er. Þetta er mikil upplifun og rosalega þroskandi. Ég get ekki annað en verið þakklát landinu sem ég bý í og fólkinu fyrir að hafa tekið svona vel á móti mér. Ég hef aldrei fundið fyrir fordómum, fólkinu hérna úti finnst það yfirhöfuð bara vera frekar magnað, að ég hafi bara flutt til annars lands til að læra og að ég hafi náð tungumálinu svona vel á svona stuttum tíma.

En ég er auðvitað hvít ung kona frá Íslandi. Ég er ekki að flýja stríð. Ég fór ekki til landsins nauðug og allslaus. Ég er ekki flóttamaður.

Þar sem ég bý á meginlandi Evrópu, nánar tiltekið í Austurríki, hefur flóttamannastraumurinn ekki farið fram hjá mér. Ég ferðast á hverjum einasta degi með lest í skólann og hef oftar en ekki deilt þeirri lest með fólki sem er að flýja stríðsátök og brjálæði. Mæður með lítil börn og bugaðir feður að passa upp á fjölskylduna sína, langflestir búnir að missa ástvini og eru að leita að betra lífi. Þreytt, svöng og skítug á leið í óvissuna, oft í marga mánuði.

Ég hef oft setið við hliðina á „þessu fólki“ í hálftíma í senn á leiðinni í skólann og það er meira en nóg til þess að finna fyrir döpru andrúmsloftinu sem ríkir í kringum þau. Það er ekki vottur af spennu né eftirvæntingu, að sjá nýja staði, upplifa nýja borg og nýja menningu, svona eins og mér leið þegar ég flutti út. Það ríkir hræðsla og óvissa, þau vita ekki hvort þau fái hæli eða hvar og hvernig það verður tekið á móti þeim. Depurðin í augum þeirra er ólýsanleg. Þriggja ára strákurinn sem sat á móti mér fyrir nákvæmlega ári síðan, þegar ferðamannastraumurinn var sem mestur á meginlandi Evrópu, horfði með tárin í augunum út um gluggann, fimm ára bróðir hans hélt í höndina á honum til að hughreysta hann og áhyggjufull 12 ára systir þeirra passaði upp á þá.

**Döpur og áhyggjufull börn**

Ég hef aldrei séð jafn döpur og áhyggjufull börn og núna ári síðar man ég enn svo greinilega tilfinninguna sem ég fékk þegar ég horfði í augun á börnunum. Mig gjörsamlega sveið um allan líkamann og langaði mest til að taka utan um þau og segja þeim að það yrði allt í lagi. Ég hefði samt ekki getað sagt þeim það, því það er ekkert víst að það verði allt í lagi, ekki ef þú ert innflytjandi. Þessi litlu saklausu börn sem hafa gengið í gegn um erfiðleika sem ekki nein einasta manneskja ætti að þurfa að upplifa. Ég hugsa oft til þeirra. Hvar ætli þau séu niðurkomin? Ætli það sé í lagi með þau? Ætli öll fjölskylda þeirra hafi komist lífs af?

**Ég get ekki með nokkru móti skilið af hverju ég fæ annað viðmót en þær manneskjur sem eru að berjast fyrir lífi sínu og eiga engra annarra kosta völ en að flýja til annars lands. Erum við ekki öll eins, erum við ekki öll manneskjur?**

Ég vona auðvitað það besta, ég vona að þau hafi fengið hæli í landi þar sem vel var tekið á móti þeim og að þau séu í faðmi fjölskyldu sinnar, byrjuð í skóla og búin að eignast marga vini. Það dapurlega er að hugsa til þess hversu mörg „svona“ börn og manneskjur hafa farist á leið sinni í leit að „betra lífi“, lífi sem er svo að mörgu leyti ekki betra því þeim líður aldrei eins og þau séu velkomin, þeim líður aldrei eins og þau séu heima.

Ég get ekki með nokkru móti skilið af hverju ég fæ annað viðmót en þær manneskjur sem eru að berjast fyrir lífi sínu og eiga engra annarra kosta völ en að flýja til annars lands. Erum við ekki öll eins, erum við ekki öll manneskjur?

Ég er heppin. Ég fæddist á Íslandi. Ekki þau.

# VIÐ GETUM – ÉG GET Lífið og líknarmeðferð



Lóa Björk Ólafsdóttir

hjúkrunarfræðingur


**Líknarmeðferð er orð sem margir hræðast og setja í samhengi við það að lífinu fari senn að ljúka. Staðreyndin er þó sú að líknarmeðferð er gjarnan beitt samhliða annarri læknisfræðilegri meðferð.**

Alþjóðasamtökin gegn krabbameini (UICC) skora nú á þjóðir heims að taka þátt í að vekja athygli á baráttunni gegn krabbameini undir slagorðunum We Can – I Can eða VIÐ GETUM – ÉG GET. Mikilvægt er að samfélög og einstaklingar leggi sitt af mörkum til að draga úr tíðni krabbameina og áhrifum sjúkdómsins. Fagdeild krabbameinshjúkrunarfræðinga á Íslandi fagnar í ár 20 ára starfsafmæli sínu og stendur fyrir greinaskrifum, í samvinnu við Krabbameinsfélag Íslands, undir heitinu VIÐ GETUM – ÉG GET. Fyrsta greinin birtist í Fréttablaðinu 4. febrúar sem er alþjóðlegi krabbameinsdagurinn. Í þessari síðustu grein af átta, sem hafa birst á árinu, er fjallað um lífið og líknarmeðferð.

**Gott samtal getur veitt ákveðna líkn. Orðið „líkn“ er gamalt og rótgróið í íslenskri tungu og þýðir samkvæmt skilgreiningunni að hjálpa eða lina þjáningu. Sem sagt, að bæta líðan sem er slæm.**

Hvenær erum við best í stakk búin til að takast á við hið daglega líf með öllum sínum áskorunum? Sennilega eru flestir sammála um að það er auðveldara þegar okkur líður almennt nokkuð vel. Það er eðlilegt að í mannlegri tilveru komi dagar eða tímabil þar sem okkur líður ekki sem best. Aðferðir okkar til að takast á við slæma líðan eru sennilega mismunandi. Stundum getur samtal við góðan vin til að mynda gert gæfumuninn. Gott samtal getur veitt ákveðna líkn. Orðið „líkn“ er gamalt og rótgróið í íslenskri tungu og þýðir samkvæmt skilgreiningunni að hjálpa eða lina þjáningu. Sem sagt, að bæta líðan sem er slæm.

Líknarmeðferð er orð sem margir hræðast og setja í samhengi við það að lífinu fari senn að ljúka. Staðreyndin er þó sú að líknarmeðferð er gjarnan beitt samhliða annarri læknisfræðilegri meðferð. Nýlegar rannsóknir sýna fram á bætt lífsgæði og lengri lífshorfur hjá þeim einstaklingum sem fá líknarmeðferð samhliða krabbameinslyfjameðferð sem beinist að því að halda sjúkdómnum í skefjum.

**Nokkrar staðreyndir um líknarmeðferð**

- Líknarmeðferð byggir á hugmyndafræði og aðferðum sem miðast við að fyrirbyggja eða draga úr líkamlegum, sálrænum eða sálfélagslegum einkennum sem sjúkdómur leiðir af sér eða meðferð vegna hans.
- Í líknarmeðferð er horft á einstaklinginn sem hluta af stærri heild og því er stuðningur og fræðsla mikilvægur þáttur hennar, bæði fyrir þann einstakling sem veikist og þá sem eru honum nákomnir.
- Líknarmeðferð miðast við að hjálpa fólki að lifa eins eðlilegu og innihaldsríku lífi og hægt er miðað við aðstæður á hverjum tíma, óháð því hver staða sjúkdómsins er.
- Líknarmeðferð á ekki eingöngu við í lokastigum veikinda, heldur er mikilvægt að veita hana snemma í veikindaferlinu, samhliða annarri meðferð.
- Líknarmeðferð á ekki bara við þegar um krabbameinssjúkdóm ræðir, heldur alla alvarlega og ólæknandi sjúkdóma.
- Líknarmeðferð kemur inn á mörg svið mannlegrar tilveru og krefst aðkomu og samvinnu margra fagstétta.

**Af hverju líknarmeðferð?**

Mörgum reynist erfitt að taka það skref að þiggja aðkomu heilbrigðisstarfsfólks sem sérhæfir sig í líknarmeðferð. Ef til vill vegna þeirrar merkingar sem orðið líknarmeðferð hefur fyrir marga. Þetta gæti valdið því að oft þiggi sjúklingar meðferðina seint og nái ekki að nýta alla þá kosti sem hún býður upp á. Í kjölfar framfara á sviði læknavísinda tekst oft að halda sjúkdómum mun lengur í skefjum en áður þekktist, jafnvel þótt sjúkdómurinn teljist ólæknandi. Það er því viðbúið að margir standi frammi fyrir því að lifa til lengri tíma með einkennum sem sjúkdómur eða meðferð vegna hans leiðir af sér. Rétt og markviss meðhöndlun einkenna, í samvinnu við þann einstakling sem við þau glímir, skiptir gríðarlegu máli. Það skiptir máli af þeirri ástæðu að það er erfitt að eiga sér lífsgæði og von þegar sú líðan litar tilveruna.

VIÐ GETUM sem samfélag uppfrætt hvert annað um þá breidd sem felst í líknarmeðferð og þannig upprætt lífseigan misskilning um að hún eigi einungis við þegar lífslokin nálgast.

ÉG GET tekið skrefið og leitað upplýsinga um þau úrræði sem gætu hjálpað mér og fjölskyldu minni að lifa við sem besta líðan þrátt fyrir erfiðan sjúkdóm. Ég get leitað eftir upplýsingum um þá aðila sem veita líknarmeðferð innan Landspítala og í heimahúsum.

Kynntu þér vefsíðu Lífsins – samtaka um líknarmeðferð á vefsíðunni www.lsl.is

*Höfundur starfar sem hjúkrunarfræðingur hjá Heimahlynningu Landspítala og Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins.*


**Heimildir:**

*http://www.landspitali.is/library/Sameiginlegar-skrar/Gagnasafn/BRUNNURINN/Kliniskar-leidbeiningar/Liknarmedferd/klin_leid_liknarmedferd_1109.pdf*

*Early Palliative Care for Patients with Metastatic Non Small Cell Lung Cancer. https://www.ncbi.nlm.nih.gov/pubmed/20818875*

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
22. DESEMBER 2016 FIMMTUDAGUR

# SPÁIR EKKI MIKIÐ Í LITUNUM

Helstu áhugamál **Péturs Kiernan** eru tíska, matur og markaðsmál. Hann rekur fatamerkið CHILD í samvinnu við þrjá félaga sína og vinnur nú að stofnun eigin fyrirtækis sem tengist öllum áhugamálum hans. »




Hér klæðist Pétur Kiernan Supreme Box Logo hettupeysu og Jökla Parka úlpu frá 66°Norður sem er uppáhaldsflíkin hans. MYNDIR/ERNIR














Hér klæðist Pétur Kenzo hettupeysu og Jordan XI Gamma Blue skóm.



Pétur hér í Supreme x Champion hettupeysu. Skórnir eru Jordan 1's Bred.

Fatastíll Péturs Kiernan er nokkuð einfaldur að hans sögn. Hann er ekki mikið fyrir liti nema þegar kemur að skósafni hans. „Hversdagslega klæði ég mig í einhverja hettupeysu og svo para ég hana við jakka eða úlpu, svartar gallabuxur og svo bara einhverja skó en skóvalið fer mjög oft eftir veðri eða því hvort ég nenni að reima eða ekki."

Pétur ólst upp í mið- og vesturbæ Reykjavíkur og útskrifaðist úr Verzlunarskólanum. Eftir útskrift hefur hann unnið að ýmiss konar verkefnum en helstu áhugamál hans eru tíska, matur og markaðsmál. „Ég hef alltaf haft áhuga á tísku upp að vissu marki. Það var þó ekki fyrr en á síðasta ári sem ég fór að fylgjast betur með tískunni úti í heimi, þá helst gegnum Instagram og Twitter. Það sem hefur helst breyst undanfarið ár er að ég er hættur að kaupa mér nokkrar flíkur, í t.d. Urban Outfitters, og kaupi í staðinn eina dýra flík."

Hann rekur fatamerkið CHILD í samvinnu við þrjá félaga sína en þeir hafa m.a. framleitt boli sem eru til sölu í JÖR: „Benedikt Andrason (@thewifiguy) stofnaði fatamerkið í apríl þegar hann bjó til nokkrar peysur sem seldust upp strax. Svo tók hann mig, Jóhann Kristófer og Sigurð Ými inn og erum við um þessar mundir að vinna að nýrri fatalínu sem á að koma út í byrjun næsta árs."

**Hvað einkennir klæðnað karla í dag?** Það eru eiginlega bara tvær týpur í dag. Önnur sem heldur í „basic bro" herramanns-lúkkið (Húrra Reykjavík, Akkeri) og svo þeir sem herma eftir brettagaurum og röppurum eins og ég.

**Áttu þér uppáhaldsverslanir?** Ég versla nánast ekki neitt á Íslandi en í uppáhaldi er þó 66°Norður og Húrra Reykjavík. Erlendis eru það Selfridges og Nike.

**Hvernig byrjaði skóáhugi þinn?** Hann byrjaði með fyrstu skókaupunum mínum í Japan á síðasta ári. Þá lenti ég í vítahring fyrir tilviljun á Instagram-síðu minni og hef þurft að halda henni gangandi.

**Bestu og verstu kaup þín?** Bestu kaupin eru örugglega Jordan XI Gamma Blue skórnir mínir. Verstu kaupin gerði ég á Grailed.com og hef aldrei notað þá flík.

**Notar þú fylgihluti?** Í rauninni ekki. Ég er með tvö lítil sæt gullhjörtu sem eyrnalokka, nota lyklakippu um hálsinn og ber úr.

**Hvað er helst fram undan?** Ég er að stofna núna á nýju ári fyrirtæki sem tengist öllum áhugamálum mínum. Einnig mun ég halda áfram að þróa CHILD með strákunum.



Yeezy Boost v2 Oreo skór.



Langermapeysa og stuttermabolur yfir frá CHILD, fatamerki þeirra félaga.



Puma x Ronnie Fieg Disc Blaze skór.



Fyrstu skókaup Péturs í Japan árið 2015 voru Nike Air Mowabb skórnir.



Yeezy Boost 350 v1 og v2.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI:** 365 MIÐLAR | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Lilja Björk Hauksdóttir, liljabjork@365.is, s. 512 5372 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, atlib@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433



-20%
Jólagjöfin hennar
GJAFAKORTIN OKKAR
ERU VINSÆL JÓLAGJÖF!
20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM SKÓM!
hjá Hafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is














Lilja Björk Runólfsdóttir segist ómeðvitað fylgja tískustraumum, þó reyni hún að stíga úr út hringnum. MYND/GVA

# MEÐ ANNAN FÓTINN ÚT ÚR HRINGNUM

**Lilja Björk Runólfsdóttir**, nemi í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands og einn eigandi VEGG, lýsir stíl sínum sem ristuðu brauði með smjöri, osti og bláberi. Hún spilar með hljómsveit sinni Swing Kompaníinu í kvöld í Hlégarði og á Þorláksmessu á Café Rosenberg.


Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is




**Spáir þú mikið í tísku?** Ekkert svakalega mikið. Mér finnst þó áhugavert að skoða hvernig fólk klæðir sig, þá sérstaklega týpur sem klæða sig algjörlega eftir eigin höfði. Það finnst mér alltaf mjög skemmtilegt. Sjálf reyni ég að vera ekki alveg inni í kassanum en ómeðvitað fylgi ég þó yfirleitt þeim tískustraumum sem eru í gangi hverju sinni. Ég verð gjarnan fyrir áhrifum frá vinkonum mínum og öðrum smekklegum konum sem rata í sjónlínuna. Mér finnst virkilega gaman að klæða mig flott upp og vil helst hafa fötin í svolítið persónulegum stíl.

**Hvernig myndir þú lýsa þínum stíl?** Ég myndi segja að minn stíll væri svolítið eins og ristað brauð með smjöri, osti og bláberi. Grunnurinn frekar hefðbundinn en toppaður með einhverju óvanalegu tvisti. Ég er svona kassi með annan fótinn út úr hringnum.

**Hvernig klæðir þú þig hversdags?** Ég á það oft til að ætla mér stóra hluti þegar ég klæði mig á morgnana en enda svo á því að taka þægindin fram yfir smartheitin. Ég er líka algjör kuldaskræfa svo klæðnaðurinn er gjarnan í takt við það. Ég elska hlýjar peysur og trefla. Svo á ég eitt uppáhaldseyrnaband, loðið, sem ég nota nánast alltaf þegar ég fer út í kuldann, hvort sem er yfir eyrun eða sem hálskraga. Mínar uppáhaldsflíkur eru þær sem eru þægilegar, hlýjar og töff allt í senn.

> Þegar föt í stórum verslunarkeðjum eru hlægilega ódýr er yfirleitt eitthvað slæmt sem liggur að baki, einhver sem lifir við bág kjör og fær ekki sanngjörn laun fyrir vinnu sína. Fyrir utan það myndast meira rusl í heiminum þegar fólk kaupir mikið af ódýrum fötum sem endast stutt.
>
> Lilja Björk Runólfsdóttir

**Hvar kaupir þú fötin þín?** Þegar ég var yngri setti ég verðmiðann ofarlega á forgangslistann. Mér fannst best að komast í verslanir erlendis sem seldu flott tískuföt mjög ódýrt. Í dag er ég hins vegar orðin meira meðvituð og reyni að láta ekki neysluhyggjuna fara með mig. Þegar föt í stórum verslunarkeðjum eru hlægilega ódýr er yfirleitt eitthvað slæmt sem liggur að baki, einhver sem lifir við bág kjör og fær ekki sanngjörn laun fyrir vinnu sína. Fyrir utan það myndast meira rusl í heiminum þegar fólk kaupir mikið af ódýrum fötum sem endast stutt. Ég reyni núna að kaupa mér færri en vandaðri flíkur sem ég veit að ég muni nota og fíla mig í. Mér finnst mjög gaman þegar ég finn einhverjar gersemar í „second hand“ búðum. Uppáhaldsbúðin mín hér heima er sennilega Geysir. Mér finnst fötin þar svakalega flott.

**Notar þú fylgihluti?** Ég nota ekki mikið af skarti en á þó nokkra uppáhaldsskartgripi. Kærastinn minn gaf mér t.d. mjög fallegt hálsmen í fyrra sem ég hef nánast ekki tekið af mér. Það er í mjög látlausum stíl, bara einfaldur gylltur hringur á keðju. Mér finnst líka gaman að kaupa skart af íslenskum hönnuðum. Bláu Varp-eyrnalokkarnir mínir frá Telmu Magnúsdóttur eru í miklu uppáhaldi.

**Hvað er annars fram undan hjá þér?** Það er ýmislegt skemmtilegt fram undan. Ég er alltaf mikið að syngja á þessum tíma og í kvöld er ég að syngja á tónleikum með hljómsveitinni minni, Swing Kompaníinu, á tónleikum í Hlégarði í Mosfellsbæ. Við verðum svo með mjög skemmtilega Þorláksmessutónleika á Rosenberg annað kvöld og hvetjum alla til að mæta. Þar verðum við með létta og skemmtilega jólastemningu. Jólalög í bland við ójólalegra swing.

VIÐ LÆKKUM VERÐIN Á CANADA GOOSE
VEGNA GÓÐS GENGIS!

CANADA GOOSE®
ARCTIC PROGRAM

Sportís ehf hefur verið viðurkenndur söluaðili
Canada Goose síðan árið 1996.
Verið velkomin til okkar í Mörkina 6!

SPORTÍS

MÖRKIN 6 - 108 REYKJAVÍK - S:520-1000 - SPORTIS.IS
OPIÐ: 10-18 MÁN.-FÖS. - 12-16 LAUGARDAGA






Leikkonan Amy Adams var ein af mörgum sem klæddust buxnadragt.



Víðir stuttermabolir voru áberandi á árinu.



Bomber-jakkinn var heitasta trendið á árinu 2016.

# HEITUSTU TRENDIN

Hvað var vinsælast í tískunni á árinu og hvaða flíkur voru áberandi? Það sem fyrst kemur upp í hugann er bomber-jakki og hvítir strigaskór.

Það var ýmislegt í tískunni sem mun einkenna árið 2016 þegar frá líður. Nokkur trend voru meira áberandi en önnur og einhver hafa haldist á milli ára. Bomber-jakkarnir hafa til dæmis verið inn í nokkur ár núna og virðast enn vera á flugi. Að minnsta kosti var jakkinn sú flík sem oftast var flett upp á Google á árinu. Á vefsíðunni Edited kemur fram þann 8. desember síðastliðinn að síðustu tólf mánuði hafi fleiri en 61 þúsund bomber-jakkar verið seldir í Bandaríkjunum og Bretlandi einum.

Önnur trend sem voru áberandi á árinu, bæði hér heima og um flestallan heim, og settu svip sinn á bæði tískupallana og götur borga og bæja, voru þessi:

**Hvítir strigaskór.** Það var nóg að fara einu sinni út fyrir hússins dyr til þess að taka eftir hvítu strigaskónum sem voru á flestum fótum. Strigaskór eru löngu hættir að vera bundnir við íþróttir og eru orðnir að tískufyrirbrigði.

**Berar axlir.** Kjólar sem eru með þannig sniði að önnur öxlin eða báðar eru berar voru vinsælir á árinu.

**Samfestingar.** Þessi þægilega flík var afar áberandi á árinu og klæddust konur samfestingum í öllum útgáfum við flest tilefni.

**Kringlótt sólgleraugu.** Allir sem vildu vera eitthvað í sumar og á meðan sólar naut vörðu augun fyrir geislum hennar með kringlóttum sólgleraugum.

**Stuttermabolir.** Gamaldags stuttermabolir nutu vinsælda á árinu – helst áttu þeir að vera víðir og síðir.



Samfestingur er þægileg flík sem var áberandi á árinu.

**Netsokkabuxur.** Þetta trend gæti hafa farið fram hjá mörgum en pantanir á netsokkabuxum í netversluninni Lyst jukust um heil 96 prósent á árinu.

**Sundbolir.** Heilir sundbolir komu sterkir inn á árinu á kostnað bikiníbaðfata. Það má líklega þakka þeim Taylor Swift, Cöru Delevingne og Gigi Hadid sem allar sáust í slíkri flík í sumar.

**Flauel.** Flauelið er á uppleið og hefur bæði verið oftar leitað eftir flíkum úr efninu mjúka á leitarsíðum og meira keypt af þeim í netverslunum seinnihluta árs en áður. Í nóvember tók flauelið fram úr blúndu yfir þau efni sem helst er leitað að í kjólum.

**Beinar gallabuxur.** Þrátt fyrir að niðurmjóar gallabuxur haldi vinsældum sínum urðu gallabuxur með beinu sniði meira áberandi á árinu en áður. Vinsældir þeirrar týpu halda ef til vill áfram á nýju ári?

**Stórar hettupeysur.** Vel stórar hettupeysur sem hægt er að nota sem kjóla sáust víða á árinu sem er að líða.

**Buxnadragtir.** Dragtin gekk í endurnýjun lífdaga á árinu og þá sérstaklega buxnadragtin. Vinsældirnar má rekja til forsetaframbjóðandans Hillary Clinton sem mætti á landsþing Demókrataflokksins í sumar í glæsilegri hvítri buxnadragt.



Hvítu strigaskórnir voru gríðarlega áberandi.



Gamaldags, kringlótt sólgleraugu nutu vinsælda í sólinni.



Netsokkabuxurnar komu á óvart með vinsældum sínum.








CAT S60
Innbyggð FLIR hitamyndavél
109.900,-
LG G5 SE
56.900,-
Pixel XL
129.900,-
Pixel
109.900,-
Galaxy S7 edge
99.900,-
Galaxy S7
86.900,-
Galaxy S6 edge
79.900,-
Galaxy S6
66.900,-
PÓSTURINN
Sendum frítt
Opið 10-21
emobi.is
Krókháls 5c – Sími 5469000
bara gott verð

# SUPER MARIO HLEYPUR Í SÍMANUM

Þeir sem eru á aldrinum 25 og eldri þekkja vel Super Mario úr gömlu Nintendo-tölvunum. Þessa dagana birtist nýr Super Mario heiminum í formi apps fyrir snjallsíma. Um 20 milljónir manna bíða eftir að hlaða leiknum niður í símann en hann er væntanlegur í íslenska síma.

**Elín Albertsdóttir**
elin@365.is



Reyndar er sú kynslóð sem kynntist honum fyrst komin hátt á fertugsaldur. Þeirra á meðal er Sverrir Bergmann Magnússon, söngvari og tölvuáhugamaður, sem var aðeins tíu ára þegar hann byrjaði að spila Mario á Nintendo. Sverrir varð strax hugfanginn af leiknum, eins og aðrir krakkar. Super Mario-leikir hafa selst í meira en 210 milljónum eintaka. Í fyrsta leiknum sem kom út árið 1981 hét Mario reyndar „Jumpman“ og leikurinn nefndist Donkey Kong. Hann kom fyrst út í júlí 1981. Jumpman varð að Mario sem síðar eignaðist bróðurinn Luigi.

## HLAUPANDI MARIO

„Ég er ekki búinn að prófa nýja leikinn í símanum en ég hef alltaf haft áhuga á Super Mario,“ segir Sverrir sem var með sjónvarp og Nintendo-tölvu í herberginu sem smá polli. „Ég veit að símaleikurinn er byggður upp eins og fyrsta útgáfan af Super Mario þar sem hann er stöðugt hlaupandi yfir einhverjar hindranir. Leikurinn er ekki kominn í íslenska síma en ég mun prófa hann um leið og hann kemur í App Store. Mario á vísan stað í hjörtum minnar kynslóðar. Þetta er fyrst og fremst afþreying sem maður grípur í. Það er ekki hægt að líkja Mario við leiki eins og framleiddir eru í dag og krakkar hanga endalaust yfir. Ég á heldur ekki von á því að Super Mario run verði neitt í líkingu við Pokémon Go. Held reyndar að flestir séu hættir í þeim leik. Allt svona gengur yfir,“ segir Sverrir.



> Leikurinn er svipaður gamla Nintendo-leiknum. Það er rétti Mario-fílingurinn en það vantar nokkra töfra sem voru í tölvunni.
>
> Daníel Rósinkrans

## EINFALDUR LEIKUR

Super Mario run hleypur frá vinstri til hægri, slær niður gullpeninga og hoppar yfir hindranir. Fyrstu þrjú borðin eru frí en síðan þarf að borga um 10 dollara fyrir hvert borð. Daníel Rósinkrans, frændi Sverris, er Nintendo-sérfræðingur Íslands. Hann hefur þegar prófað leikinn Super Mario run í símanum sínum. Daníel segir að leikurinn sé einfaldur og henti öllum. Hann stóðst samt ekki 100% væntingar Daníels. „Þessi leikur getur ekki orðið vinsælli en Pokémon Go,“ segir hann aðspurður um væntanlegar vinsældir. „Leikurinn hefur fengið bæði eina stjörnu og fimm þannig að fólk er misjafnlega ánægt með hann. Hlutabréfin í Nintendo lækkuðu meira að segja þegar hann kom á markað í Bandaríkjunum,“ segir Daníel.

„Það er gaman að sjá Super Mario í farsíma, það er alveg nýtt. Leikurinn er svipaður gamla Nintendo leiknum en samt ekki. Það er rétti Mario-fílingurinn í honum en það vantar nokkra töfra sem voru í tölvuleiknum. Þetta er einfaldur leikur fyrir alla. Mario hleypur stöðugt yfir skjáinn en leikurinn felst í að láta hann hoppa eftir peningum sem þarf að safna í hverju borði fyrir sig. Maður þarf ekki að hlaupa sjálfur eins og sumir héldu. Ég býst við að hann sé gerður til að allir geti spilað hann, jafnt börn sem fullorðnir. Leikurinn hefur sína kosti og galla. Mér finnst hann fulldýr,“ segir Daníel. „Þar sem ég er Mario-sjúkur lét ég það samt eftir mér að kaupa hann. Leikinn er bara hægt að spila nettengdur,“ segir Daníel sem hefur spilað alla Super Mario leikina frá barnsaldri.



**Daníel Rósinkrans er Nintendo-sérfræðingur Íslands og hefur þegar prófað Super Mario run í símanum.**



**Sverrir Bergmann söngvari hefur mikinn áhuga á tölvuleikjum og bíður eftir Super Mario eins og jafnaldrar hans sem léku sér í Nintendo áður fyrr.**

## MARIO HEFUR SJARMA

Daniel segir að mjög margir séu aðdáendur Mario. „Mario hefur mikinn sjarma og er orðinn stórt nafn, líkt og Mikki mús.“

Super Mario run kom á markað fyrir Apple-notendur í Bandaríkjunum í september og fyrir nokkrum dögum í Danmörku. Leikinn verður hægt að fá í 151 landi á ensku, japönsku, þýsku, frönsku, spænsku, portúgölsku, ítölsku, hollensku, rússnesku og kínversku. Leikurinn er væntanlegur í Android.


MYCONCEPTSTORE

FALLEGAR JÓLAGJAFIR



Rains regnfatnaður
Verð frá 12.800,-



Loftbelgir
Verð frá 4.900,-



Úrval af ljósmyndabókum



Plötuspilari
Verð frá 29.900,-



Úr frá
Verð frá 16.900,-



Skartgripir í miklu úrvali



Rains Töskur
Verð frá 12.900,-

MYCONCEPTSTORE

Verslun: Laugavegur 45 / Sími: 519 66 99 / Vefverslun: www.myconceptstore.is

# FULL BÚÐ AF FALLEGUM JÓLAGJÖFUM!

Curvy.is býður upp á fjölbreyttan fatnaði í góðum stærðum


























## JÓLAOPNUN Í VERSLUN CURVY AÐ FÁKAFENI 9

| | |
|---|---|
| 15 - 22 desember | 11-20 |
| ÞORLÁKSMESSA | 11-21 |
| AÐFANGADAGUR | 11-13 |
| 27 - 30 desember | 11-18 |
| GAMLÁRSDAGUR | 11-13 |

SENDUM FRÍTT HVERT Á LAND SEM ER!



VERSLUNIN CURVY - Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552 | www.curvy.is




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og laugardaga 10-16

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

## Verslun




## HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Býð upp á heilnudd, slökun og dekurnudd fyrir jólin. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 22 á kvöldin einnig milli jóla og nýárs. 200 Kóp. S. 894 4817

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝSTANDSETT**

**3JA HERB. ÍBÚÐ Í HRAUNBÆ.**

Leigist frá og með 1. janúar 2017. Um er að ræða langtíma leigu. Meðmæla og trygginga er krafist.

Nánari uppl. á Bland.is, leitarorð: Hraunbæ. Tilboð óskast sent á hraunbaer34@gmail.com

## Atvinnuhúsnæði



TIL LEIGU 292 FERM. ATVINNUHÚSNÆÐI AÐ SUÐURGÖTU 10, 107 R. BAKHÚS. UPPLÝSINGAR VEITIR ÓLAFUR Í S.5511665 Á SKRIFSTOFUTÍMA

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!**

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**

Þarftu að laga til fyrir jólin. Stærðir 1,6-5,5 fm. Jólatilboð fyrir nýja viðskiptavini: Desembermánuður frír. Aðgangur 24 tíma sólarhrings, upphitað og vaktað. Smiðjuvegur 4 Kópavogi. S: 4143000.






## í jólapakkann







# Okkur langar í eitthvað gott að borða!

Við leitum að einstaklingi sem getur:
- Undirbúið og eldað fjölbreyttan, hollan og góðan hádegisverð fyrir 25-40 manns, fjóra daga í viku.
- Útbúið veitingar fyrir fundi og uppákomur.
- Elskað okkur eins og við erum og byrjað sem fyrst.

Í boði er:
- U.þ.b. 50% starf í nýju og huggulegu eldhúsi sem býður upp á ýmsa möguleika.
- Þakklátir vinnufélagar.
- Matarást að eilífu, amen.

Ef þú ert hugmyndaríkur matráður, með stórt hjarta og langar að vinna með besta fólki í heimi sendu okkur þá umsókn á hronn@sagafilm.is eða á heimilisfangið

~ Sagafilm
Urðarhvarfi 14
203 Kóp.

fyrir 31. desember næstkomandi.

~ Gleðileg jól!

# EIGNAMIÐLUN
Sala fasteigna frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

## Háaleitisbraut 24, 108 Reykjavík



**Útborgun mögul. 10 %**

5 herb. endaíbúð á 4. hæð í mikið yfirförnu frábærlega staðsettu fjölbýlishúsi ásamt bílskúr. Íbúðin er talsvert endurn. m.a. baðherb. íbúðin nýmáluð, nýyfirfarið eldhús, nýjar borðplötur, vaskur og blöndunart. o.m.fl. Svefnherb. eru fjögur. Hús viðgert og málað, nýtt járn og pappi á þaki. Skolplagnir endurn. fyrir fáum árum. **Verð 43.8 millj. Seljandi er tilb að lána allt að 4,5 milljónir á eftir 80% lánveitingu.**

## Móvað 1, 110 Reykjavík



248,9 fm mjög vel staðsett einbýlishús með tvöf. innbyggðum bílskúr við Móvað í Norðlingaholti. Fjögur svefnherb, þrjú baðherb, góðar stofur, góðar svalir og glæsilegt útsýni. **Verð 77,5 millj.** **Nánari uppl. veitir: Þórarinn M. Friðgeirsson lögg. fasteignasali í síma 899-1882, netfang: thorarinn@eignamidlun.is.**

## Þingvað 39, 113 Reykjavík



Glæsilegt 203,6 fm 6 herbergja raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr á góðum stað í Norðlingaholti. Fjögur herbergi á efri hæð. Tvö baðherbergi í húsinu. Stórar svalir. **Nánari uppl. veita Hilmar Þ. Hafsteinsson lg. fast.sali s: 824-9098, hilmar@eignamidlun.is og G. Andri Guðlaugsson s: 662-2705.**

## Eyrartröð 3, 220 Hafnarfjörður



**Tvö atvinnubil**

Höfum fengið til sölu tvö atvinnubil í húsnæði við Eyrartröð 3 í Hafnarfirði. Bilin seljast annað hvort saman eða í sitt hvoru lagi. Annars vegar er um að ræða 77,7 fm (hæð og milliloft), verð 14,9 millj. og hins vegar 75,2 fm (hæð og milliloft). **Verð: 14,9 millj.** Inngönguhurð og stór fellihurð. Hátt til lofts í mestum hluta. Laust til afhendingar við kaupsamning. **Nánari uppl. veitir: Þórarinn M. Friðgeirsson lögg. fasteignasali í síma 899-1882, netfang: thorarinn@eignamidlun.is.**

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

# Nýjar bækur í
# BÓKAHILLUNA

**Tvær frábærar bækur fyrir alla áhugamenn um fótbolta!**
Önnur þeirra er 190 blaðsíðna ljósmyndabók og hin bókin er troðfull af skemmtilegum spurningum frá EM 2016.










Oliver Twist er sannkölluð bókmenntaperla. Hér er á ferðinni stytt útgáfa byggð á sögu Charles Dickens. Dásamlegar myndir prýða bókina. Kjörið tækifæri fyrir nýja kynslóð barna til að kynnast þessu fallega ævintýri.

KRÚTTSPRENGJA!




Komdu í feluleik með hvolpinum Húna og vinum hans. Á hverri opnu er krúttlegt dýr í felum ... og börnin geta sjálf fundið það. Húni felur sig á bak við loppurnar sínar sem hægt er að fletta frá og þá kemur hvolpurinn í ljós!




**Hahahaha!** Híhíhí ...
**Stútfull bók af frábærum bröndurum. Gamlir og góðir í bland við splunkunýja.** Þetta er bók fyrir þá sem vilja veltast um af hlátri yfir jólahátíðirnar ... og kannski eitthvað fram á nýtt ár! (vonandi með einhverjum hléum samt).




Lavander á leik er splunkuný gaman-fantasía í líkingu við verk Terry Pratchett. Sagan fer með lesandann í ótrúlega reisu um furðuheim í fylgd alræmds svindlara sem lætur ekkert stöðva sig í eltingarleiknum við auðsóttann gróðann. Stórskemmtileg saga sem kitlar hláturstaugarnar.




**Hvaða þjóðþekkta skáld skrifar ástarbréfin?**
Við upphaf seinni heimsstyrjaldar á þjóðþekkt skáld ástarævintýri með einstæðri móður og reyna þau að láta ástarfundina fara leynt. Bókin Elsku Lulla hefur að geyma þessi ástarbréf, en margvíslegan annan fróðleik að auki.

Óðinsauga



VERIGA®
SINCE 1922

Veriga er öflugur framleiðandi mannbrodda sem halda okkur á réttum kili í hálkunni, þú finnur gott úrval af ís- og hálkubroddum í verslun okkar GG•Sport.

# Verum viðbúin snjó og hálku á Veriga mannbroddum



MOUNTTRACK

**Fjallgöngubroddar**
- 13 punkta broddar
- Askja fylgir með
- Soðin samskeyti
- Sterkar lamir
- Ryðfrítt stál
- Frostþolið gúmmí
- Stærðir S (33-36), M (37-40), L (41-44), XL (45-48)

**Verð 5900 kr.**



ICETRACK

**Sterkir utanslóðabroddar**
- Góðir utanslóðabroddar
- Geymslupoki með beltafestingu
- Soðin samskeyti
- Ryðfrítt stál
- Stærðir S (33-36), M (37-40), L (41-44), XL (45-48)

**Verð 5490 kr.**



CITYTRACK

**Innanbæjarbroddar**
- Henta við hálar aðstæður
- 10 punktar veita hámarks grip
- Passa á flestar gerðir skófatnaðar
- Hágæða gúmmíteygja
- Auðveldir í notkun
- Geymslupoki fylgir
- Stærðir M (36-41), L (39-46), XL (45-48)

**Verð 2890 kr.**



PROTRACK

**Grófir innanbæjarbroddar**
- Grípa vel í hálku
- Grófir án gadda
- Fara innfyrir þröskuld án þess að skemma gólf (t.d. verslanir)
- Stærðir M (36-41), L (41-44,5), XL (45-48)

**Verð 6490 kr.**

# Hafðu AKU® með í valinu

**AKU SUPERALP GTX** | **39.900 kr.**

Kaup á nýjum gönguskóm getur verið snúið ferli. Til að velja rétt þarf að vera hægt að bera saman allar helstu gerðir. Því er best að gefa sér góðan tíma, fara á alla helstu útsölustaði, prófa, máta og taka síðan upplýsta ákvörðun.

Framleiddir á Ítalíu úr100% evrópskum íhlutum og efnum




„Finndu okkur á Facebook"

GG•sport




Smiðjuvegur 8, Græn gata, 200 Kópvogi, sími: 571 1020 • www.ggsport.is

# Íslensk heimili í liði með sýrlenskum börnum



**Sunna Stefánsdóttir**
upplýsingafulltrúi SOS Barnaþorpanna á Íslandi

**Ef ég tala fyrir sjálfa mig munu hátíðahöldin í ár bera keim af hörmungum annarrar þjóðar.**

Brátt göngum við inn í hátíð ljóss og friðar þar sem náungakærleikurinn er allsráðandi. Hverjar sem aðstæður okkar Íslendinga eru getum við með nokkurri vissu horft til ársins 2017 og séð fram á frið. Líkurnar á að stríð brjótist út á Íslandi eru litlar og við getum verið nokkuð viss um að helstu ráðamenn landsins, sama í hvaða stjórnmálaflokki þeir eru, munu ekki ráðast á sína eigin þjóð með ofbeldi.

**Á flótta daginn eftir fæðingu**

Ef ég tala fyrir sjálfa mig munu hátíðahöldin í ár bera keim af hörmungum annarrar þjóðar. Heimsbyggðin horfir lömuð á meðan Sýrlendingar þjást. Ofbeldið virðist aukast með hverjum deginum þar sem saklaus börn eru helstu fórnarlömbin. Þegar ég gæði mér á jólasteikinni umvafin fjölskyldumeðlimum mun hugurinn án efa reika til Sýrlands og barnanna þar sem eru ein á flótta eða hafa misst heimili sín. Ég mun horfa á börnin mín og hugsa til þriggja barna móður sem flúði sprengingarnar í Aleppo á dögunum. Yngsta barnið var aðeins eins dags gamalt og það elsta sjö ára. Fjölskyldan náði loksins í neyðarskýli SOS Barnaþorpanna þar sem miðjubarnið, tveggja ára stúlka, leið út af vegna næringarskorts.

SOS Barnaþorpin hafa starfað í Sýrlandi í tæp fjörutíu ár og voru því viðbúin þegar stríðið hófst. Eins viðbúin og hægt var í það minnsta. Samtökin hafa síðan þá starfað í þágu barna í landinu þrátt fyrir erfiðar aðstæður. Eins og alltaf leggja SOS Barnaþorpin áherslu á aðstoð við börn en neyðaraðstoð samtakanna felst meðal annars í heitum máltíðum, þurrmjólk, hlýjum fatnaði, barnvænum svæðum og drykkjarvatni. Tugir þúsunda barna hafa fengið aðstoð frá SOS síðan stríðið hófst. Það sem SOS Barnaþorpin leggja þó mesta áherslu á er að útvega munaðarlausum og yfirgefnum börnum heimili og fjölskyldu en sem stendur eru SOS einu hjálparsamtökin í Sýrlandi sem það gera. Nú í desember var opnað nýtt SOS Barnaþorp í Damaskus þar sem pláss er fyrir 150 börn. Alls eru þrjú barnaþorp í Sýrlandi fyrir tæplega 500 börn sem öll eiga það sameiginlegt að hafa orðið viðskila við eða misst foreldra sína.

Ljósi punkturinn í sýrlenska svartnættinu er sá að starfsmenn SOS Barnaþorpanna (ásamt öðrum hjálparsamtökum) gera allt sem í þeirra valdi stendur til að verja réttindi barnanna í landinu og hafa bjargað mörgum mannslífum. Íslendingar standa líka með sýrlenskum börnum en á næsta ári munu mánaðarlegir styrktaraðilar SOS á Íslandi senda fimmtán milljónir til Sýrlands. Fimmtán milljónir frá íslenskum heimilum sem hafa ákveðið að verja sýrlensk börn. Og þá teljum við ekki með alla þá sem munu styrkja neyðaraðstoð SOS í Sýrlandi. En það er sama hvað við gerum, hvað við reynum að slökkva marga elda og hversu mörg börn fá nýjar fjölskyldur í SOS Barnaþorpi, þá er aldrei hægt að hjálpa öllum. Því miður.

Hugur minn verður hjá sýrlenskum börnum um jólin og ég óska þess innilega að hörmungunum ljúki árið 2017.

# Íslensk málfræði og alþjóðleg tækifæri



**Anton Karl Ingason**
lektor í íslenskri málfræði og máltækni við Háskóla Íslands

**Til eru stúdentar sem hafa áhuga á þessu en sumir virðast hika við að leggja fyrir sig málfræðinám vegna hugmynda um að slíkt loki dyrum að alþjóðasamfélaginu. Svo er þó ekki.**

Enginn skortur er á neikvæðum fréttum um íslenska tungu. Lesskilningur og orðaforði eru á niðurleið, afþreyingarefni á ensku tröllríður menningarneyslu landsmanna, íslensk máltækni heldur ekki í við alþjóðlega þróun og svo mætti lengi telja. Vandi íslenskunnar er margþættur en eitt af því sem á þarf að halda er sérfræðingar um íslenska málfræði og heyrst hefur að sumir á leið í háskólanám telji íslenska málfræði ekki stuðla að spennandi alþjóðlegum tækifærum. Þennan misskilning þarf að leiðrétta. Íslensk málfræði er nefnilega rammalþjóðleg fræðigrein.

Málfræðingar rannsaka eðli mannlegs máls. Þetta verkefni nálgast þeir frá ýmsum hliðum en oft beinast sjónir okkar að því hvers konar kunnátta verður til í mannshuganum þegar börn tileinka sér móðurmálið. Sumir málfræðingar við HÍ, eins og Sigríður Sigurjónsdóttir, prófessor, og Iris Edda Nowenstein, doktorsnemi, vinna t.d. milliliðalaust með yngstu málhöfunum. Margir málfræðingar leggja svo áherslu á að gera grein fyrir því hvers konar mynstur eru möguleg og ómöguleg í tungumálum heimsins. Málfræðilegar rannsóknarspurningar fjalla þannig oft um eðli mannlegs máls frekar en afmörkuð fyrirbæri í einstökum tungumálum. Þó að málfræðikenningar séu oft settar fram með hliðsjón af einu tungumáli þá breytast þær gjarnan eða eru jafnvel afsannaðar þegar þær eru bornar að staðreyndum í öðrum málum.

Íslenska hefur margvíslega eiginleika sem skipta máli í alþjóðlegum kenningum. Ef til er kenning um að tiltekið mynstur samrýmist ekki málstöðvum heilans en mynstrið finnst í íslensku þá verður að endurskoða kenninguna. Svona tilvik hafa komið nógu oft upp til þess að íslenska er áberandi í málfræði um allan heim. Til marks um þetta er fróðlegt að sjá hversu oft er vitnað í setningafræðinga eins og Höskuld Þráinsson og Halldór Ármann Sigurðsson. Samkvæmt Google Scholar leitarvélinni hefur verið vitnað 3.985 sinnum í Höskuld og 3.578 sinnum í Halldór. Þótt megináherslan í þessum skrifum sé á fyrirbæri í íslensku eru nánast allar þessar tilvitnanir frá erlendum fræðimönnum. Uppgötvanir sem tengjast íslensku geta þannig vakið athygli erlendis og þær gera það oft.

**Opnar leiðir til náms í útlöndum**

Íslensk málfræði opnar einnig leiðir til náms í útlöndum. Þeir sem sækja námskeið í íslenskri málfræði við HÍ komast fljótt að því að flestir kennararnir stunduðu sitt framhaldsnám í öðrum löndum þó að þeir hafi yfirleitt hafið háskólanám sitt á Íslandi. Málfræðikennarar síðustu ára í HÍ lærðu sína málfræði m.a. í Harvard, Cornell, UCLA, University of Massachusetts, University of Pennsylvania, Universität Freiburg og University of Edinburgh. Málfræðistúdentar við HÍ kynnast því fjölbreytilegum hugmyndum úr alþjóðlegri málfræði. Nemendur sem hafa útskrifast úr grunnnámi og meistaranámi í málfræði við HÍ hafa líka farið víða eftir sína útskrift hér heima. Á síðustu árum hafa íslenskir málfræðistúdentar m.a. stundað doktorsnám í málfræði við University of British Columbia, Cornell, University of Connecticut, University of Maryland, University of Pennsylvania og Ghent University. Þessi menntaútrás stafar auðvitað að mestu leyti af því að viðfangsefni á borð við heilann í barni sem er að læra að tala er svo spennandi að það getur vakið óstöðvandi þekkingargreddu hjá stúdentum. Einnig skiptir þó máli að íslenskir málfræðistúdentar eru eftirsóttir í útlöndum vegna þess að íslenska er mikilvæg í fræðunum.

Upprennandi málfræðingar fá líka spennandi tækifæri meðan á námi þeirra í HÍ stendur. Meistaranemarnir Elín Þórsdóttir, Lilja Björk Stefánsdóttir og Dagbjört Guðmundsdóttir eru til dæmis um þessar mundir mikilvægir þátttakendur í alþjóðlegu rannsóknarverkefni sem kannar áhrifin af stafrænu málsambýli íslensku og ensku. Sumir stúdentar eru svo á sérstakri máltækninámsbraut, t.d. Tinna Frímann Jökulsdóttir, Steinunn Valbjörnsdóttir, Kristján Rúnarsson og Starkaður Barkarson, en þau sækja námskeið um málfræði, forritun, gervigreind og fleira. Máltækni er alþjóðlegur þekkingariðnaður sem veltir gríðarstórum upphæðum og þróun á íslenskri máltækni er ein af forsendum þess að íslenska verði gjaldgeng í tæknisamfélagi framtíðarinnar. Ekki þarf mikið ímyndunarafl til að sjá fyrir sér vægi máltæknimenntunar á komandi árum, hvort sem er hér heima eða á alþjóðlegum vettvangi.

Ýmis framtíðarverkefni krefjast þess að hægt verði að leita til sérfræðinga sem hafa þekkingu á íslenskri málfræði. Til eru stúdentar sem hafa áhuga á þessu en sumir virðast hika við að leggja fyrir sig málfræðinám vegna hugmynda um að slíkt loki dyrum að alþjóðasamfélaginu. Svo er þó ekki. Þvert á móti eru fjölbreytileg tækifæri í íslenskri málfræði sem teygja anga sína út um allan heim. Íslensk tunga þarf á því að halda að sérfræðingar framtíðarinnar átti sig á þessu.

**visir.is** Lesa má lengri útgáfu greinarinnar á Vísi




# Trúverðugleiki eða öfgar



**Halldór Kvaran**
stjórnarformaður Fannborgar ehf.

Ástæða er til að fagna því að landeigendur á fyrirhuguðu svæði háspennulínu í Mývatnssveit hafa ákveðið að hefja sig upp úr meðalmennsku þöggunar gagnvart öfgakenndum málflutningi Landverndar og óska eftir aðild að málarekstri samtakanna vegna línulagnar milli Þeistareykja og Húsavíkur. Landeigendur færa trúverðug rök fyrir málstað sínum. Þeir mæla af skynsemi, bera virðingu fyrir náttúru og umhverfi og sýna það í verki.

Hins vegar fæ ég ekki séð skynsemi í öfgum, þráhyggju og kærugleði Landverndar. Dýrmæt náttúran þarf á trúverðugri bandamanni að halda, það segi ég af eigin reynslu sem einn eigenda ferðaþjónustu í Kerlingarfjöllum. Afskipti Landverndar af málum þar eru ekki traustvekjandi en hafa orðið til þess að ég fylgist betur en áður með því hvernig samtökin hegða sér og beita kröftum sínum í öðrum málum, í öðrum héruðum. Flest ber að sama brunni, því miður.

Samfélagið þarf á sterkum innviðum að halda til að ganga sómasamlega og áfallalítið. Öflugt og öruggt dreifikerfi raforku er þar ofarlega á blaði. Landvernd lætur flutningsmál raforku til sín taka og taldi árið 2007 að undirbúningur og framkvæmd mats á umhverfisáhrifum, vegna fyrirhugaðrar iðnaðaruppbyggingar við Húsavík og tilheyrandi línulagnar, væri fullnægjandi og jafnvel til fyrirmyndar. Nú hefur Landvernd snúið við blaðinu, kærir sem mest hún má og setur milljarðaframkvæmdir í uppnám með tilheyrandi tjóni og óvissu, tjóni sem sennilega mun lenda á almenningi á einn eða annan hátt.

**Sinnaskipti**

Forstjóri Landsnets benti á þessi sinnaskipti Landverndar nýlega á fundi Verkfræðingafélags Íslands um undirbúning verklegra framkvæmda. Formaður Landverndar var á fundinum og brást við ummælunum með því að segja að Landvernd nú væri annar og fjölmennari félagsskapur en 2007 og með aðrar áherslur en þá. Hlálegt er að formanninum tekst ekki einu sinni að fylkja eigin félagsmönnum um áherslur og öfgastefnu forystusveitar sinnar. Landvernd hefur til dæmis staðið fyrir undirskriftasöfnun á Vefnum vegna kærumála félagsins. Þar höfðu á dögunum ríflega 2.000 manns skrifað upp á stuðning við málarekstur Landverndar en í samtökunum eru um 5.000 skráðir félagar. Stuðningurinn svarar því einungis til um 40% „heimafólks“ Landverndar sjálfrar! Formenn í slíkri stöðu ættu að skilja hana sem skýr skilaboð um að hugsa sinn gang.

Fyrir liggur að tilteknir landshlutar þurfa á öflugri tengingu við dreifikerfi raforku að halda. Þar skal nefna helst til sögu Norðausturland og þá eru kostirnir að styrkja Byggðalínuna eða leggja línu yfir Sprengisand. Hvorug leiðin er fær fái Landvernd að ráða ferðinni. Samtökin leggjast gegn raflínu um Sprengisand og lögmaður þeirra, sem reyndar er landeigandi í Öxnadal, beitir sér gegn línulögn um lönd sín.

Hvað er þá til ráða? Nú um stundir eru dísilvélar ræstar til að mæta álagstoppum í raforkukerfinu á Norðausturlandi. Að öðrum kosti verður að skammta raforku í sjálfu orkuríkinu Íslandi. Meiri innflutningur olíu til að framleiða raforku á Íslandi, takk fyrir!

Þannig birtast afleiðingar þessa anga öfgastefnunnar í umhverfismálum. Gagnvart okkur, sem rekum ferðaþjónustu á hálendinu, birtast öfgar Landverndar meðal annars í stöðugu andófi samtakanna í seinni tíð gegn bráðnauðsynlegum endurbótum á Kjalvegi.

Viðhorf samtakanna virðast illu heilli hafa áhrif á fjárveitingavaldið og Vegagerðin fær ekki það sem hún þarf til að gera það sem gera þarf. Álagið á samgöngukerfið eykst stöðugt á sama tíma. Hvað gera ökumenn? Þeir krækja fyrir polla og pytti á leið sinni um Kjöl og afleiðingin verður utanvegaakstur í boði þeirra sem þykjast vilja vernda umhverfið. Náttúruvernd í verki eða hvað?

# Það eru girnileg jól framundan í Hafinu

## Allt sjávarfangið sem þú þarft fyrir jólin, áramótin og skötuveisluna








**Opnunartími yfir hátíðarnar:**
Alla virka daga frá 10-18:30
Aðfangadag frá 09-12
Gamlársdag frá 10-14

**JÓLALEIKUR HAFSINS**
**2016**

**Stútfullar búðir af stórum hátíðarhumri. Heimalagaður reyktur og grafinn lax, sósur og ómótstæðileg humarsúpa.**

Allir sem versla í Hafinu geta tekið þátt í jólaleiknum okkar, sett nafnið sitt í pott og unnið til veglegra verðlauna.
Dregið verður 22. desember.

VINNINGAR:

- ★ 150 þúsund króna inneign í verslunum Hafsins.
- ★ Sansaire Sous Vide hitajafnari ásamt kennslu og fiskiveislu.
- ★ Vegleg gjafakarfa frá Hafinu Fiskverslun að andvirði 50 þúsund króna.

Verið velkomin í dýrindis smakk í öllum verslunum okkar vikuna fyrir jól.

Hlíðasmára 8 | Skipholti 70 | Spönginni 13
Sími 554 7200 | hafid@hafid.is | www.hafid.is | við erum á facebook

HAFIÐ
FISKVERSLUN

## Valdís Þóra flaug inn á Evrópumótaröðina í golfi



Magnaður endir á ótrúlegu ári kylfinga Valdís Þóra Jónsdóttir varð í gær fjórði íslenski kylfingurinn sem tryggir sér þátttökurétt á Evrópumótaröðinni í golfi. Það gerði hún með glæsilegri spilamennsku á lokaúrtökumótinu, sem fram fór í Marokkó, en þar spilaði hún á fjórum höggum undir pari í gær og fimmtán höggum alls. Hún hafnaði í öðru sæti á mótinu sjálfu, sem er frábært afrek. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Íslendingar sem hafa komist inn á sterkustu mótaraðir Evrópu

**21. DESEMBER 2016**
**Marrakesh í Marokkó**

**Valdís Þóra Jónsdóttir**
Golfklúbbnum Leyni
27 ára
**2. sæti á -15** (30 komust inn)



**22. DESEMBER 2015**
**Marrakesh í Marokkó**

**Ólafía Þórunn Kristinsdóttir**
Golfklúbbi Reykjavíkur
23 ára
**16. sæti á -4** (30 komust inn)



**16. NÓVEMBER 2006**
**San Rouqe á Spáni**

**Birgir Leifur Hafþórsson**
Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar
30 ára
**24. sæti á -1** (36 komust inn)



**3. NÓVEMBER 2004**
**Tessali á Ítalíu**

**Ólöf María Jónsdóttir**
Golfklúbbnum Keili
28 ára
**30. sæti á +12** (36 komust inn)



# Vildi gera stærri og meiri kröfur til mín

**Sara Björk Gunnarsdóttir hefur átt annasamt ár 2016. Auk afreka hennar með landsliðinu tók hún risastórt skref þegar hún samdi við þýska stórliðið Wolfsburg. Hún segist hafa breyst sem leikmaður með aldrinum og meiri þroska. Sara ætlar sér stóra sigra á nýju ári.**

**FÓTBOLTI** Sara Björk Gunnarsdóttir hefur skipað sér sess meðal bestu knattspyrnukvenna Evrópu. Á árinu sem er að líða samdi hún við þýska stórliðið Wolfsburg, eitt besta félagslið Evrópu, þar sem hún hefur verið byrjunarliðsmaður síðustu vikur og mánuði. Hún var þar að auki lykilleikmaður í frábæru íslensku landsliði sem vann sér þátttökurétt á sínu þriðja Evrópumeistaramóti í röð.

Sara Björk fékk svo þann mikla heiður að vera fyrsta íslenski knattspyrnumaðurinn sem kemst á lista yfir bestu leikmenn Evrópu, þegar Knattspyrnusamband Evrópu tilkynnti tilnefningar til knattspyrnumanns ársins. Var Sara Björk í nítjánda sæti í kvennaflokki en til greina komu allir evrópskir leikmenn sem og þeir sem spila með félagsliðum í Evrópu.

Hún ákvað um mitt þetta ár að ganga að tilboði Wolfsburg eftir fimm ára dvöl hjá Rosengård í Svíþjóð, þar sem hún varð fjórum sinnum Svíþjóðarmeistari. Hún segir sjálf að það hafi verið risastórt skref á ferlinum.

„Ég vildi taka almennilegri áskorun og ákvað að hoppa beint út í djúpu laugina. Samkeppnin er gríðarleg hjá félagi sem þessu, það eru meiri væntingar gerðar til manns og meiri pressa á manni. Þetta var mjög erfitt en ég vildi gera stærri kröfur til mín. Ég var á þeim tímapunkti á mínum ferli þar sem ég þurfti á því að halda,“ segir hún í samtali við Fréttablaðið.

**Þýskur og ferkantaður**
Sara Björk samdi við Wolfsburg í júní en spilaði með Rosengård fram að sumarfríi í Svíþjóð. En þá tók strax við undirbúningstímabil í Þýskalandi fyrir nýtt tímabil sem hófst í lok sumars. Sara Björk fékk því litla hvíld í sumar.

„Ég finn að ég er enn að aðlagast öllu – nýju landi, tungumáli og deild og á enn mikið inni. Ég byrjaði á bekknum í fyrstu leikjunum en hef síðan þá spilað alla leiki og náð að stimpla mig nokkuð vel inn,“ segir hún enn fremur. „Þetta er búið að vera erfitt og krefjandi en um leið afar mikilvægt á mínum ferli.“

Sara Björk kom við sögu í fjórtán leikjum með Wolfsburg í öllum keppnum á þessu ári og hefur skorað í þeim eitt mark. Hún segir að þó svo að álagið sé á köflum mikið sé afar vel hugsað um leikmenn hjá Wolfsburg og fagmannlega að öllu staðið. Þjálfarinn Ralf Kellermann gefur þó leikmönnum lítinn slaka.

„Hann er mjög þýskur – ferkantaður og það má ekkert út af bregða,“ segir hún í léttum dúr. „Hann lætur mann óhikað vita af því ef maður gerir mistök. Það tekur á sjálfstraustið og annaðhvort styrkir eða brýtur niður. Maður þarf bara að vera duglegur að segja sjálfum sér að halda áfram og þekkja sína eigin styrkleika.“

**Út úr þægindarammanum**
Hún segir að samkeppni á milli leikmanna um stöður í liðinu sé ólík öllu því sem hún hefur áður

> Ég vildi taka almennilegri áskorun og ákvað að hoppa beint út í djúpu laugina.
>
> Nafn á viðmælenda ekki punktur

kynnst. Ekki nái allir nýir leikmenn að aðlagast því.

„Þetta heldur manni á tánum. Og ekki bara í leikjum heldur einnig á æfingum. Ef þú átt lélega æfingaviku þá eru líkur á að þú byrjir á bekknum. Samkeppnin var mestu viðbrigðin fyrir mig því hjá Rosengård gat maður átt tvo slaka leiki án þess að manni yrði sérstaklega refsað fyrir það. Þetta ýtir manni út úr ákveðnum þægindaramma og það var ástæðan fyrir því að ég vildi fara til Þýskalands.“

**Hef þroskast helling**
Sara Björk hefur ávallt verið mikill dugnaðarforkur á miðjunni – leikmaður sem vinnur marga bolta með dugnaði og vilja. En hún segist hafa bætt sig á öðrum sviðum líka með tíð og tíma.

„Ég er enn þessi leikmaður sem ég var alltaf. En í dag tel ég að ég sé komin með betri yfirsýn, hef meiri yfirvegun á bolta og er betri spilandi leikmaður. Ég spara hlaupin mín og spara orkuna. Ég tel að ég hafi þroskast heilan helling,“ segir hún.

Hún segist hafa lært af þeim mörgu þjálfurum sem hún hafi haft



Sara Björk hefur staðið sig vel með nýju liði, Wolfsburg í Þýskalandi. Hún fékk langþráð frí yfir hátíðarnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

í gegnum tíðina. Það hafi til dæmis byrjað í Svíþjóð þegar hún þurfti að aðlagast gæðunum þar. En hún hafi líka tekið út ákveðinn þroska með landsliðinu, þar sem þjálfarinn Freyr Alexandersson gerir miklar kröfur til hennar.

„Hann vill að boltinn fari mikið í gegnum mig og ég er best þegar ég fæ að vera mikið með boltann. Þetta er eitthvað sem hann og aðrir þjálfarar hafa bent mér á í gegnum tíðina en svona lagað kemur líka frá manni sjálfum, því maður vill einfaldlega alltaf bæta sig.“

**Vinna titla á nýju ári**
Fram undan er risastórt ár hjá Söru Björk. Ekki síst vegna þátttöku Íslands á EM í Hollandi næsta sumar heldur vill hún einnig vinna stór afrek með Wolfsburg.

„Það eru margir titlar í boði í Þýskalandi sem við ætlum að berjast um. Við fengum sterkan andstæðing í 8-liða úrslitum Meistaradeildarinnar [Evrópumeistara Lyon frá Frakklandi] en viljum ná langt í þeirri keppni líka,“ segir hún.

Sara Björk fékk sem fyrr segir lítið sumarfrí og hefur spilað mikið í haust. Hún ætlar því að nota jólafríið vel. „Ég verð að gæta mín og ætla að hugsa vel um mig. Ég kem svo inn í nýtt ár af miklum krafti.“

eirikur@frettabladid.is



Síminn
Pakki er ekki pakki nema Samsung sé
Flaggskipin í ár, S7 og S7 Edge, fást með frábærum kaupauka, Gear Fit 2 íþróttasnjallúri.
Samsung S7
99.990 kr.
Vatns- og rykvarinn með seiðmagnaða myndavél.
Samsung S7 Edge
119.990 kr.
Stóri bróðir. Jafn klár og S7, bara stærri og stoltari.
Gear Fit 2 íþróttasnjallúr að verðmæti 29.990 kr. fylgir
Samsung S6
69.990 kr.
Tæki sem eldist eins og gott vín.
Samsung orkukubbur að verðmæti 9.990 kr. fylgir
Samsung A3
44.990 kr.
Stílhreinn sími og glæsileg vasaprýði.
32 GB SD minniskort að verðmæti 6.990 kr. fylgir
Samsung J5
29.990 kr.
Nettur og þéttur fyrsti snjallsími. 2016 útgáfan.
Gildir á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um villur og verðbreytingar. Önnur afsláttarkjör gilda ekki með jólatilboðum.
siminn.is/jol

# Litli maðurinn sem gerir stóra hluti

Franski miðjumaðurinn N'Golo Kanté er á góðri leið með að komast í fámennan hóp leikmanna sem hafa unnið ensku úrvalsdeildina tvö ár í röð með tveimur mismunandi félögum. Það er magnað að bera saman árangur liðanna Chelsea og Leicester með og án Kanté.

Óskar Ófeigur Jónsson
ooj@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** N'Golo Kanté er hvorki áberandi innan né utan vallar. Þessi litli franski miðjumaður, ættaður frá Malí, leikur stærra hlutverk í þróun mála í ensku úrvalsdeildinni en margur heldur.

Kanté hefur verið í sigurliði í 74 prósentum leikja sinna á árinu og lið hans hafa verið í toppsætinu í sjö af þeim tíu mánuðum sem enska úrvalsdeildin hefur verið í gangi. N'Golo Kanté er langt frá því að vera frægasta nafnið meðal leikmanna ensku úrvalsdeildarinnar en líklega eru fáir mikilvægari. Tölfræðin sýnir það og sannar.

Samanburður á gengi Chelsea og Leicester City með og án Kanté í leikjum liðanna fyrir jól undanfarin tvö tímabil er eins og spegilmynd. Liðin eru frábær með hann á miðjunni en í tómu tjóni án hans.

### Ein af fyrstu kaupum Conte

Það var frábært skref fyrir Chelsea að fá Antonio Conte til að taka við liðinu en kaupin á N'Golo Kanté í júlí eru jafnvel enn mikilvægari. Það var ekkert skrýtið að ein af fyrstu kaupum Ítalans sem stjóra Chelsea væru Kanté.

Chelsea borgaði Leicester 32 milljónir punda fyrir hann og Kanté skrifaði undir fimm ára samning. Á þessum tímapunkti voru flestir að velta því fyrir sér hvort Leicester tækist að halda markavélunum Jamie Vardy og Riyad Mahrez en áttuðu sig kannski ekki á því að Englandsmeistararnir hefðu þarna látið mikilvægasta leikmann sinn fara.

### Sir Alex með allt á hreinu

Það var þó fullt af spekingum sem áttuðu sig á því mikilvæga en vanmetna starfi sem hann skilaði á miðjunni. Hann var efstur í bæði tæklingum og unnum boltum. Sir Alex Ferguson, sem sjálfur vann Englandsmeistaratitilinn þrettán sinnum, sagði að Kanté hefði verið langbesti leikmaður ensku úrvalsdeildarinnar og það hefur komið enn frekar á daginn eftir að franski miðjumaðurinn flutti sig suður til London.

Englandsmeistarar Leicester City hafa ekki beint staðið undir nafni í ensku úrvalsdeildinni á þessu tímabili enda með aðeins 4 sigra í sautján leikjum og í 15. sæti deildarinnar um jólin.

Fyrir ári var Chelsea, þá einnig í titilvörn, í nánast sömu stöðu. Reyndar með stigi meira en samt í umræddu fimmtánda sæti og með 6 mörk í mínus í markatölu alveg eins og Leicester núna.

Ofurdúóið Jamie Vardy og Riyad Mahrez fengu skiljanlega mikið hrós á síðasta tímabili sem og knattspyrnustjórinn Claudio Ranieri. Þessir þrír eru allir enn á mála hjá Leicester en lítið gengur samt inni á vellinum. Það vantar N'Golo Kanté til að brjóta niður sóknir mótherjanna og koma umræddum sóknarásum liðsins í sína uppáhaldsstöðu sem er að sækja hratt á varnir andstæðinganna.

Kanté gerir fátt betur en að halda stöðu, vinna boltann og breyta vörn í sókn. Hans verk er ekki að búa til mörkin heldur að búa til aðstæðurnar fyrir liðsfélaga sína til að búa til mörkin.

### Frakkar unnu alla leikina

N'Golo Kanté var líka með franska landsliðinu á EM í Frakklandi í sumar. Hann missti reyndar af leiknum á móti Íslandi í 8 liða úrslitunum vegna leikbanns en franska liðið vann alla fjóra leikina sem Kanté spilaði. Kanté var ónotaður varamaður í óvæntu tapi í úrslitaleiknum á móti Portúgal sem var eini tapleikur franska liðsins á mótinu. Hann sat líka á bekknum í markalausu jafntefli við Sviss.

Chelsea er nú með sex stiga forystu en liðið hefur unnið ellefu leiki í röð og spilar eins og meistaralið. Það stefnir því allt í það að N'Golo Kanté vinni titilinn annað árið í röð. Aðeins fimm leikmönnum hefur tekist að vinna Englandsmeistaratitilinn tvö ár í röð með tveimur félögum. Ralph Gaudie (19. öld), Joe Clennell (1914-15) og Len Moorwood (1920-21) náðu því allir fyrir seinni heimsstyrjöld en á síðustu áratugum bættust þeir Eric Cantona (Leeds 1992 og Man. United 1993) og Owen Hargreaves (Man. United 2011 og Man. City 2012) í hópinn.

### Í C-deild fyrir fjórum árum

N'Golo Kanté, þrátt fyrir að vera aðeins 25 ára gamall, hefur lifað tímana tvenna í fótboltanum. Fyrir aðeins fjórum árum spilaði hann með Boulogne í frönsku C-deildinni og lék síðan með Caen í B-deildinni og A-deildinni á næstu tveimur tímabilum á eftir.

Hann varð Englandsmeistari á fyrsta tímabili með Leicester City sem borgaði Caen um sex milljónir punda fyrir hann eða um 900 milljónir íslenskra króna. Það þykir nú ekki mikið fyrir fótboltamann í dag, hvað þá fyrir leikmann sem virðist öllu máli skipta.



N'Golo Kanté fagnar hér Englandsmeistaratitlinum með Leicester City síðasta vor. Hann er mjög líklegur til að fá að handleika þennan bikar aftur í maí á næsta ári en Chelsea-liðið er í frábærri stöðu um mitt mót. NORDICPHOTOS/GETTY



N'Golo Kanté á ferðinni í leik með Chelsea. Hann hefur spilað allar 1.530 mínúturnar í boði hjá Chelsea í ensku úrvalsdeildinni á tímabilinu ásamt markverðinum Thibaut Courtois og varnarmanninum César Azpilicuet. NORDICPHOTOS/GETTY

## Gengi Leicester City og Chelsea með og án N'Golo Kanté

**2015–2016 17 LEIKIR** | **2016–2017 17 LEIKIR**

**N'Golo Kanté með liðunum**

**75%**
**Leiecester City ág. til des. 2015**
**1. sæti** eftir 17 umferðir
11 sigrar
1 tap
Markatala: **+13 (37-24)**
**38 stig af 51**

**84%**
**Chelsea ág. til des. 2016**
**1. sæti** eftir 17 umferðir
14 sigrar
2 töp
Markatala: **+24 (35-11)**
**43 stig af 51**

**N'Golo Kanté ekki með liðunum**

**35%**
**Chelsea ág. til des. 2015**
**15. sæti** eftir 17 umferðir
5 sigrar
9 töp
Markatala: **-6 (21-27)**
**18 stig af 51**

**33%**
**Leicester ág. til des. 2016**
**15. sæti** eftir 17 umferðir
4 sigrar
8 töp
Markatala: **-6 (23-29)**
**17 stig af 51**

# BESTUR ER JÓLALESTUR!






**Vargöld**
**VILDARVERÐ: 2.499.-**
Verð: 3.499.-




**Havana heklbók**
**VILDARVERÐ: 3.999.-**
Verð: 5.499.-




**Máttur matarins - fæða sem forvörn**
**VILDARVERÐ: 4.999.-**
Verð: 6.999.-




**Enginn sá hundinn**
**VILDARVERÐ: 2.999.-**
Verð: 4.299.-

MUNDU EFTIR GJAFAKORTI PENNANS EYMUNDSSON!

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er 22. desember, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

## Merkisatburðir



**1897** Stundarklukka er sett upp í turni **Dómkirkjunnar í Reykjavík.** Klukkan er gjöf frá Thomsen kaupmanni.
**1919** Dómar eru kveðnir upp í Landsyfirrétti í síðasta sinn.
**1945** Ný Ölfusárbrú er tekin í notkun.
**1947** Stjórnarskrá Ítalíu er samþykkt af stjórnlagaþinginu.
**1978** Bandaríski raðmorðinginn John Wayne Gacy er handtekinn í Chicago.
**1987** Ný lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík er staðfest. Hún kemur í stað samþykktar sem gilt hafði í meira en hálfa öld.
**1989** Ion Iliescu verður forseti Rúmeníu.

# Glæný fatalína og tíu ára útskriftarafmæli Hildar

**Nýjasta lína fatahönnuðarins Hildar Yeoman var að koma í sölu en línan var frumsýnd í sumar á Listahátíð við góðar undirtektir. Hildur segir þessa nýju línu vera nokkuð frábrugðna eldri línum en í henni leynast meðal annars kápur, kjólar og hátíðlegt skart.**

Það er alltaf jafn mikil spenna sem fylgir því að taka upp nýju línu að sögn Hildar Yeoman enda liggur mikil vinna að baki nýrri línu. „Það er alltaf mikil tilhlökkun og spenna sem fylgir þessu, ég verð eins og lítill krakki á jólunum þegar ég tek upp sendingar enda er ég þá oft loksins að taka upp draumakjólinn fyrir mig sjálfa. Þetta er gríðarlega mikil vinna, en ég hef mikinn áhuga á því sem ég er að gera og eldmóðurinn drífur mig áfram,“ segir Hildur sem á tíu ára útskriftarafmæli um þessar mundir. Hún lærði fatahönnun í Listaháskóla Íslands. Aðspurð hvað sé það skemmtilegasta við að vera í fatahönnunarbransanum hefur Hildur svör á reiðum höndum. „Fólkið sem er í þessum bransa er svo skemmtilegt, ég er að vinna með mörgum af mínum bestu vinum. Einnig er fjölbreytnin frábær, það eru engir tveir dagar eins.“

Hildur segir nýjustu línu sína vera nokkuð frábrugðna fyrri línum. „Þetta er nýr heimur sem ég er að vinna með, draumaheimurinn. Eins eru þetta ný snið, ný prent og ný efni, svo sem prentuð ullarefni, glimmerefni og plíseruð pils úr pvc-efni svo eitthvað sé nefnt. Svo bjó ég til nýjar týpur af skarti sem henta vel fyrir hátíðarnar,“ segir Hildur um þessa nýju fjölbreyttu línu.

„Þema línunnar var staðurinn á milli svefns og vöku. Transcendence er augnablikið þegar þú stendur á brún ímyndunaraflsins og lygnir aftur augunum og lætur þig líða inn á lendur hins óraunverulega. Bæði fannst mér þetta spennandi ástand til að rannsaka og svo er tíska í mínum huga mikill draumaheimur, svo það lá beint við að ég skoðaði þetta fyrirbæri sem við könnumst svo vel við,“ útskýrir Hildur.

Það sem einkennir nýju línuna er fallegt prent sem Hildur vann með hjálp



Mynstrið var unnið með hjálp seiðkonu. MYND/SAGA SIG

> **Fólkið sem er í þessum bransa er svo skemmtilegt, ég er að vinna með mörgum af mínum bestu vinum.**
>
> Hildur Yeoman



seiðkonu. „Ég fékk aðstoð frá seiðkonu við að búa til seið sem eykur draumfarir og vann mikið af prentum út frá þessum seið,“ segir Hildur, sem hefur áður unnið út frá seið á þennan hátt.

Áhugasömum er bent á að fylgjast með Hildi á Instagram undir notendanafninu hilduryeoman. Þar er Hildur dugleg að birta myndir af þeim margvíslegu verkefnum sem hún tekur sér fyrir hendur.

gudnyhronn@365.is



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristjana Kristjánsdóttir**
frá Hnífsdal,
Grænumörk 2, Selfossi,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands 19. desember. Útförin fer fram frá Selfosskirkju föstudaginn 30. desember kl. 13.30.

**Jens Hjörleifsson**
**Sigríður Jensdóttir** **Bárður Guðmundsson**
**Elísabet Jensdóttir** **Rúnar Hjaltason**
**Hjörleifur Jensson** **Ólöf Jóna Þórarinsdóttir**
**Aðalheiður Jensdóttir** **Halldór Magnússon**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðmundur Indriðason**
frá Lindabrekku,

lést fimmtudaginn 15. desember að dvalarheimilinu Lundi. Útförin fer fram frá Skálholtskirkju föstudaginn 30. desember kl. 14.

**Indriði Guðmundarson** **Ester Gunnarsdóttir**
**Jón Pétur Guðmundsson** **Guðrún Halldóra Hjartardóttir**
**Katrín Gróa Guðmundsdóttir** **Þórarinn V. Guðnason**
**Grímur Guðmundsson** **Guðbjörg Jóhannsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður og afa,

**Guðmundar Jónassonar**
búfræðings,
fyrrverandi útibússtjóra
Kaupfélags Eyfirðinga á Siglufirði.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Sunnuhlíðar, hjúkrunarheimilis aldraðra í Kópavogi, fyrir framúrskarandi umhyggju og aðhlynningu.

**Jónas Guðmundsson** **Anh-Dao Tran**
**Arnfríður Guðmundsdóttir** **Gunnar Rúnar Matthíasson**
**og barnabörn.**



✝

Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Ingibjörg Jónsdóttir**
frá Húsavík í Vestmannaeyjum,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Mörk. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Aðstandendur vilja þakka starfsfólki Sólheima á 3. hæð Mörkinni fyrir alúðlega umönnun.

**Sigríður V. Lesley, Þórunn Ósk Jónsdóttir,**
**Álfheiður Haraldsdóttir,**
**Jón Sigfús Haraldsson,**
**Jóhann Hjálmar Haraldsson,**
**tengdabörn og ömmubörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Hrafnhildur Kjartansdóttir Thors**
hjúkrunarheimilinu Mörk,
Suðurlandsbraut 66, Reykjavík,

lést að heimili sínu þann 18. desember síðastliðinn. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 29. desember kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarstofnanir eða hjúkrunarheimilið Mörk.

**Hrefna Sigurgeirsdóttir** **Guðjón Jónsson**
**Kjartan Sigurgeirsson** **Þórdís G. Bjarnadóttir**
**Jón Sigurgeirsson** **Sigríður Harðardóttir**
**Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir** **Friðrik Hafberg**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ágúst Guðmundur Bjartmars**

lést laugardaginn 17. desember sl. á Dvalarheimilinu í Stykkishólmi. Útförin fer fram frá Stykkishólmskirkju föstudaginn 30. desember kl. 14. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Dvalarheimili aldraðra í Stykkishólmi.

**Petrína Rakel, Kristján, Lárentsínus Helgi**
**og fjölskyldur.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Daníel Baldvin Pétursson**
Eyri, Hvammstanga,

lést mánudaginn 19. desember á Landspítalanum í Fossvogi. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Marsibil Sigríður Eðvaldsdóttir**
**Ársæll Daníelsson** **Dýrunn Hannesdóttir**
**Pétur Daníelsson** **Ágústa Linda Bjarnadóttir**
**Eðvald Daníelsson** **Sigurbjörg Berglind Sölvad.**
**Gústav Jakob Daníelsson** **Guðrún Jóhanna Axelsdóttir**
**og fjölskyldur.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Dóróthea Theódórsdóttir**
frá Hörgsdal á Síðu,

andaðist mánudaginn 19. desember á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Klausturhólum. Útför fer fram frá Prestbakkakirkju fimmtudaginn 29. desember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Velunnarasjóð Klausturhóla 0317-13-771176.

**Börn hinnar látnu.**



JÓLAGJAFIR
acer
-20.000
INTEL i3 OG SSD DISKUR
ACE-NXMPGED058
Ótrúlegt jólatilboð á þessari glæsilegu fartölvu sem kemur með Intel i3 örgjörva og hraðvirkum 128GB SSD diski.
79.995
ÁÐUR 99.995
ASUS
24" FULLHD Á JÓLATILBOÐI
Glæsilegur Asus UltraSlim háskerpuskjár sem getur tengst við flest öll tæki. HDMI og innbyggðir hátalarar.
32.995
ÁÐUR 36.995
ASU-VX248H
RAZER
RAZ-RZ0301220600R3N1
RAZER BLACKWIDOW CHROMA
Vinsælt leikjalyklaborð frá Razer með mekanískum tökkum og sjálfstæðri LED lýsingu undir hverjum takka.
24.995
CHROMA LED
59.995
ÁÐUR 69.995
-10.000
acer
ACE-NXMZUED028
13,3" MEÐ INTEL ÖRGJÖRVA
Glæsileg Acer tölva sem hentar vel í alla helstu tölvuvinnslu heimilisins.
59.995
NÝTT GTX 1060
ASUS
ASU-STRIXGTX1060O6G
GTX1060 LEIKJASKJÁKORT
6GB Asus Strix GTX1060 með þremur viftum og þriggja ára ábyrgð. VR Ready og hljóðlátt.
9.995
ÁÐUR 11.995
ÓTRÚLEGT VERÐ
EPSON
EPS-XP235
ÞRÁÐLAUS HEIMILISPRENTARI
Ótrúlegt jólatilboð á þessum fjölnota heimilisprentara sem prentar, skannar og ljósritar. Einfaldur í notkun.
89.995
NETT SMÁTÖLVA
ASUS
ASU-UN65HM015Z
VIVO MINI SMÁTÖLVA
Örsmá en kraftmikil smátölva með Intel i3 örgjörva, 500GB diski og Intel HD520 skjákorti.
12.995
ÁÐUR 14.995
ÓTRÚLEGT JÓLATILBOÐ
nextbook
NEX-NX785QC8G
8" SPJALDTÖLVA FYRIR BÖRNIN
Vinsæl 8" spjaldtölva fyrir börnin sem geta valið úr þúsundum ókeypis leikja í Google Play store . Ótrúlegt verð.
9.995
FERÐARAFHLAÐA
FSP-PB10400MAH
JÓLAGJÖF FYRIR BATTERÍSLAUSA
Fullkomin gjöf fyrir Pókemon Go spilara og þá sem eru komnir með slaka farsímarafhlöðu.
39.995
AC ROUTER
ASUS
ASU-RTAC68U
HÁGÆÐA AC LJÓSLEIÐARABEINIR
Fullnýttu hraðann í ljósleiðaratengingunni með þessum verðlaunabeini. Foreldrastilling fyrir nettíma.
119.995
NÝR KABYLAKE
i5 MEÐ SSD OG HDD
acer
Nýr Intel i5 7200 Kabylake örgjörvi. Bæði SSD og HDD. 15,6" FullHD skjár og Intel HD520 grafíkkjarni. Frábær kaup fyrir þá sem vilja hraða tölvu og gott vinnupláss.
79.995
LEIKJASTÓLL
noblechairs
NOBLE HÁGÆÐA LEIKJASTÓLL
NOB-NBLPUBLA002
Lúxus leikjastóll með 100% Faux leðri. Sterklega byggður úr gegnheilu stáli með class 4 gaspumpu.
149.995
ÁÐUR 169.995
ASUS
ASU-F556UADM331T
i5 OG 512GB SSD
Hrikalega öflug fartölva með Intel i5 örgjörva, ofurhröðum 512GB SSD og 8GB vinnsluminni. Glæsilega hönnuð með kristaltærum skjá. 20.000 króna afsláttur fyrir jólin.
29.995
FRÁBÆRT VERÐ
nextbook
NEX-NEXT1015BAP
10" SPJALDTÖLVA MEÐ LYKLABORÐI
Stórsniðug spjaldtölva með fjögurra kjarna örgjörva og kristaltærum 10,1" IPS skjá. Lyklaborð og 1TB OneDrive fylgir.
24.995
DOLBY 7.1
CORSAIR
COR-CA9011146EU
VOID LEIKJAHEYRNARTÓL
Háþróuð leikjaheyrnartól með ótrúlegum hljómgæðum og InfoMic tækni sem lætur þig vita allt um hljóðið hjá þér. TrueForm púðar sem mótast að þínum eyrum.
Birt með fyrirvara um myndbrengl og vitleysur.
TÖLVULISTINN
OPIÐ TIL 22
REYKJAVÍK AKUREYRI HÚSAVÍK EGILSSTAÐIR KEFLAVÍK SELFOSS AKRANES
Jólareikningur
EINGREIÐSLA 2. FEBRÚAR
0% vextir, 2% lántökugjald og 199 kr. uppgjörsgjald.

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Suðvestankaldi með éljaveðri, en úrkomulaust norðaustanlands. Talsvert frost um land allt.

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -0° | -6° | -6° |
| ← 4 | ↖ 4 | ↓ 2 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -4° | -0° | -9° |
| ↓ 8 | ↓ 8 | ↓ 6 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -0° | -6° | -4° |
| ↘ 5 | ↙ 11 | ↘ 14 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -2° | -3° | -7° |
| → 24 | ↘ 11 | ↘ 7 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. sæti
6. klaki
8. merki
9. gætinn
11. skst.
12. táknmynd
14. klippur
16. org
17. skjögur
18. arr
20. frú
21. skarpur

**LÓÐRÉTT**
1. ávöxtur
3. skammstöfun
4. sandgrynning
5. sjáðu
7. samleikur
10. kusk
13. nálægt
15. sjá eftir
16. þrá
19. gelt



**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. sess, 6. ís, 8. hak, 9. var, 11. no, 12. ímynd, 14. skæri, 16. óp, 17. níð, 18. sig, 20. fr, 21. klár. **LÓÐRÉTT:** 1. kíví, 3. eh, 4. sandrif, 5. sko, 7. samspil, 10. ryk, 13. nær, 15. iðra, 16. ósk, 19. gá.

### Skák Gunnar Björnsson

Jóhann Hjartarson (2.538) átti leik gegn Helga Ólafssyni (2.454) á Friðriksmótinu í skák fyrir skemmstu.

**Svartur á leik**

**38...g4! 39. Rxg4 Rc7!** Skyndilega er tveir menn hvíts í uppnámi. Jóhann vann skákina skömmu síðar. Jóhann var í banastuði á mótinu og hlaut 10 vinninga í 11 skákum.

**www.skak.is:** Allt um Jólapakkamót Hugins.



### Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | | | | 9 | | | |
| 1 | 3 | 8 | | 4 | 7 | 2 | | |
| | 7 | | | | 1 | | 4 | |
| 6 | 4 | 1 | | | | 3 | | |
| | | 2 | | | | | | |
| 8 | | | | 2 | 5 | | 1 | |
| 7 | 8 | | | 1 | | | 9 | |
| | | | 9 | | | 8 | | |
| 9 | | 4 | 8 | | 2 | | 7 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 9 | | 8 | | 2 | 1 | |
| | 2 | | 7 | | 4 | 3 | | |
| | 3 | | 5 | | | | | 9 |
| 9 | 4 | | | 2 | | | | |
| | | 7 | 3 | 4 | | | | |
| | 6 | | | | | | | |
| 6 | | | 1 | 7 | | 5 | | |
| 4 | | | | | | | | 1 |
| | 5 | | | | | 9 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | 3 | 4 |
| 7 | | 6 | | | | 5 | 1 | |
| | | | | | 1 | | | 7 |
| | 5 | 9 | 4 | | | | | 1 |
| | | | 9 | 3 | | 6 | | |
| | 2 | | | | | | | |
| | | | | 9 | | 7 | 4 | 2 |
| | | 5 | | 6 | | 9 | | |
| 3 | | | 8 | | 7 | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 4 | 5 | 3 | 1 | 9 | 6 | 7 | 8 |
| 9 | 6 | 7 | 2 | 4 | 8 | 1 | 3 | 5 |
| 8 | 1 | 3 | 6 | 5 | 7 | 9 | 2 | 4 |
| 6 | 7 | 9 | 1 | 8 | 2 | 5 | 4 | 3 |
| 1 | 8 | 2 | 4 | 3 | 5 | 7 | 6 | 9 |
| 3 | 5 | 4 | 7 | 9 | 6 | 8 | 1 | 2 |
| 4 | 9 | 1 | 5 | 6 | 3 | 2 | 8 | 7 |
| 7 | 3 | 8 | 9 | 2 | 1 | 4 | 5 | 6 |
| 5 | 2 | 6 | 8 | 7 | 4 | 3 | 9 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 9 | 2 | 7 | 1 | 4 | 8 | 6 | 5 |
| 7 | 8 | 4 | 6 | 5 | 2 | 9 | 1 | 3 |
| 1 | 5 | 6 | 8 | 9 | 3 | 7 | 4 | 2 |
| 2 | 3 | 8 | 9 | 4 | 6 | 5 | 7 | 1 |
| 9 | 6 | 1 | 2 | 7 | 5 | 3 | 8 | 4 |
| 4 | 7 | 5 | 1 | 3 | 8 | 6 | 2 | 9 |
| 8 | 1 | 7 | 3 | 2 | 9 | 4 | 5 | 6 |
| 5 | 2 | 3 | 4 | 6 | 7 | 1 | 9 | 8 |
| 6 | 4 | 9 | 5 | 8 | 1 | 2 | 3 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 5 | 1 | 6 | 7 | 9 | 2 | 8 | 3 |
| 6 | 2 | 3 | 8 | 1 | 4 | 7 | 9 | 5 |
| 7 | 8 | 9 | 5 | 2 | 3 | 1 | 6 | 4 |
| 3 | 6 | 7 | 4 | 9 | 2 | 5 | 1 | 8 |
| 8 | 4 | 2 | 1 | 5 | 6 | 3 | 7 | 9 |
| 9 | 1 | 5 | 3 | 8 | 7 | 4 | 2 | 6 |
| 1 | 3 | 4 | 7 | 6 | 8 | 9 | 5 | 2 |
| 5 | 9 | 6 | 2 | 3 | 1 | 8 | 4 | 7 |
| 2 | 7 | 8 | 9 | 4 | 5 | 6 | 3 | 1 |






## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Tefal 25 ár hjá ORMSSON

# Tefal

## Pottar og pönnur

**20% afsláttur**

**BRAUN** Hárblásarar **20% afsláttur** **BRAUN** Rakvélar **20% afsláttur** **BRAUN** Tannburstar

**Braun bartskeri**
*bt7050*
**Kr. 14.900,-**

**Braun hárblásari**
*hd550*
**Kr. 7.990,-**

**Braun skeggsnyrtir**
*cruz-6*
**Kr. 13.900,-**

**Braun rakvél Sport**
*197-1*
**Kr. 12.900,-**

**Braun hárblásari**
*HD350*
**Kr. 5.490,-**

**Braun Oral-B**
*Vitality Plus*
**Kr. 4.990,-**

**Braun Oral-B**
*Advanced Power*
**Kr. 2.190,-**

**Braun - OralB**
*Disney rafmagnstannbursti*
**Kr. 1.290,-**

## Pioneer

**Hljómtækjastæða**

**kr. 22.900,-**

**PIX-EM-12** - 2 X 30W - CD MP3 og WMA afspilun - FM Útvarp m. 30 stöðva minni - RDS stuðningur - Tengi: USB, Audio-In, Loftnet

**ORMSSON Jóla dagar**

## NIVONA

Alsjálfvirk, afkastamikil og endingagóð kaffivél til heimilisnota.
5 ára reynsla á Íslandi

**kr. 79.900,-**

new NINTENDO 3DS XL

**kr. 39.900,-**

NINTENDO 3DS **LEIKIR**

**MarioParty-Star Rush** | **Pokemon-MOON** | **Pokemon-SUN**

Nýja 3DS tölvan er með nýrri 3D tækni sem eltir augun og nýjum stjórnpinnum. Nú er hægt að færa efni þráðlaust á SDHC kort í tölvunni beint af tölvu í gegnum þráðlaust net.

Wii U **LEIKIR** **frá kr. 4.490,-**

**Color Splash** | **Zelda -twilight princess** | **Just Dance - 2017**

Wii U

**kr. 59.900,-**

Flottur pakki með vinsælum Mario Kart 8 tölvuleik.

## SAMSUNG
**K5505**

THIS IS TV

LED • 1920X1080 • 400 PQI • Nýtt Smart viðmót

**32“ kr. 64.900.- / 40“ kr. 89.900.- / 49“ kr. 119.900,- / 55“ kr. 149.900.-**

## SAMSUNG
**KU6405/6475**

THIS IS TV

UHD • 4K • 8 milljón pixlar • 1500 PQI • Nýtt Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi

**43“ kr. 119.900.- / 49“ kr. 149.900.- / 55“ kr. 179.900.- / 65“ kr. 309.900.-**

## SAMSUNG
**KU6655/6505**

Curved ULTRA HD THIS IS TV

UHD • Curved • 4K • 8 milljón pixlar • 1600 PQI • Nýtt Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi

**43“ kr. 129.900.- / 49“ kr. 159.900.- / 55“ kr. 189.900.- / 65“ kr. 309.900.-**

NÝR VEFUR
**Netverslun**
ORMSSON.IS

**Opnunartímar:**
**22. desember kl. 10-19**
**Þorláksmessa kl. 10-21**
**Aðfangadagur kl. 10-12**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
# ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2016

ORMSSON **Greiðslukjör**
Vaxtalaust í allt að 12 mánuði

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR BYGG** | **ORMSSON** | **PENNINN** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** | **TÆKNIBORG** | **OMNIS** | **BLÓMSTURVELLIR** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

# Börn sem hafa gott aðgengi að bókum og góðar fyrirmyndir eru margfalt líklegri til að lesa

**Brynhildur Þórarinsdóttir veitir Barnabókasetrinu á Akureyri forstöðu og hún þekkir öldu barna- og unglingabókmennta jólabókaflóðsins flestum betur.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Allt of lítið hefur farið fyrir barna- og unglingabókum í umræðunni í kringum jólabókaflóðið í ár. Ein af þeim sem fylgjast þó flestum betur með þessari útgáfu er Brynhildur Þórarinsdóttir, rithöfundur og dósent við kennaradeild Háskólans á Akureyri. Hún veitir Barnabókasetri – rannsóknasetri um barnabókmenntir og lestur barna forstöðu. Brynhildur segir að Barnabókasetrið hafi verið stofnað fyrir bráðum fimm árum og að því standi Háskólinn á Akureyri, Amtsbókasafnið og Minjasafnið á Akureyri, en svo eiga einnig aðild að þessu Rithöfundasambandið og Samtök barna- og unglingabókahöfunda, IBBY og Félag fagfólks á skólasöfnum. „Þetta er batterí sem vinnur að því að auka áhuga á barna lestri og breyta orðræðunni um lestur barna.“

## Á réttri leið

Brynhildur segir að starfsemin hafi gengið ágætlega. „En þetta er eilífðarverkefni og erfitt að því leyti að við erum ekki bara að glíma við að efla áhuga barnanna á lestri, heldur þurfum við að fá fjölskyldurnar til að lesa meira vegna þess að börn einfaldlega endurspegla lestrarvenjurnar heima fyrir. Svo erum við auðvitað að glíma við stóra samfélagslega vandamálið, sem er mun stærra en lestur, og það er sú litla og oft neikvæða athygli sem unga fólkið fær almennt. Lestur barna, og þar með barnabækur, fær sáralitla athygli nema þegar hægt er að slá upp neikvæðum fréttum og fárast yfir stöðunni.

Með því að vera alltaf að fókusa á lestur sem vandamál og að krakkarnir lesi ekki nóg og strákarnir lesi ekki neitt þá erum við að festa okkur í orðræðu sem kemur aldrei til með að skila árangri. Það byrjar enginn unglingsstrákur að lesa við það að honum er sagt að strákar lesi ekki neitt, það bara sannfærir hann um að hann eigi að hunsa lestur. Með þessari neikvæðu nálgun erum við að gleyma því að langstærstur hluti barna og unglinga les bækur, þótt ekki lesi allir daglega. Við tökum þátt í stórri evrópskri rannsókn sem er gerð í hátt í fjörutíu löndum á fjögurra ára fresti og hún sýnir að lestur íslenskra krakka í 10. bekk hefur aukist umtalsvert. Á síðustu tólf árum hafa strákarnir t.d. farið úr 33 prósentum sem lesa aldrei niður í 23 prósent og það er mjög góður árangur. Auðvitað þurfa fleiri strákar að lesa bækur en þetta sýnir okkur að við erum á réttri leið. Það eru þrátt fyrir allt þrír af hverjum fjórum sem lesa sér til gamans.

Það sem maður finnur sem rithöfundur og fræðimaður er þetta gríðarlega mikla starf sem unnið hefur verið af kennurum um allt land á síðustu árum til þess að efla lestur. Kennarar hafa fundið fyrir minnkandi áhuga og það er langt síðan þeir byrjuðu að streitast á móti og reyna að fá krakkana til þess að lesa meira. Þetta hefur skilað heilmiklum árangri og svo auðvitað þessi lestrarátök eins og Ævars vísindamanns og sitthvað fleira.“



Brynhildur Þórarinsdóttir, forstöðukona Barnabókasetursins við Háskólann á Akureyri, segir að afnám virðisauka á bækur væri mikilvægur liður í að bæta aðgengi barna að bókum. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

> **FYRST OG FREMST MEÐ JÁKVÆÐRI HVATNINGU OG ÞVÍ AÐ VERA GÓÐAR FYRIRMYNDIR. LESA FYRIR FRAMAN BÖRNIN, TALA VEL UM BÆKUR OG EKKI TALA BARA UM VANDAMÁLIN.**

## Krakkar hvetja krakka

Ef horft er á jólabókaflóðið sem slíkt þá leynir sér ekki að þessi mikla útgáfa á svo stuttum tíma skapar ákveðið vandamál. Fjölmiðlum gengur illa að sinna því hlutverki sínu að fjalla um bækur og þá gerast hlutir eins og það að barna- og unglingabækur detta of mikið út af radarnum. „Já, það er vandamál hversu litla athygli barna- og unglingabækur fá og þá er oft brugðist við með því að moka nokkrum saman til umfjöllunar í eina opnu eða einn þátt til þess að reyna að ná aðeins utan um þetta. Þar er ekki alltaf dýptinni fyrir að fara.“

Það vantar líka vettvang þar sem krakkarnir sjálfir fá að tjá sig og við höfum aðeins verið að prófa okkur áfram með það á Barnabókasetrinu. Við erum nú þriðja árið í röð með myndbandasamkeppnina Siljuna þar sem krakkar skila inn myndböndum um nýjar bækur og þar fá þau tækifæri til þess að tjá sig með sínum hætti. Það skiptir alveg gríðarlega máli að við notum krakkana til þess að smita aðra krakka af lestrarbakteríunni og að þetta sé ekki alltaf bara við fullorðna fólkið að hamast í þeim. Að þau sjái aðra krakka lesa og þetta verði þannig spennandi tómstundagaman.“

## Fyrir yngstu börnin

Brynhildur segir að það sé fullt af flottum barna- og unglingabókum þessi jólin og það ættu allir að geta fundið eitthvað fyrir sína krakka að lesa.




„Ef við byrjum á litlu krökkunum þá eru spennandi íslenskar bækur. Fyrstu árin eftir hrun lét útgáfa íslenskra myndabóka fyrir yngstu börnin soldið á sjá en þetta er að lagast.

➡


HÁTÍÐARKALKÚNN
Þú færð úrval af girnilegum hátíðarmat í Iceland
1899 kr. kg
LJÚFFENGUR KALKÚNN FRÁ HOLDA (FERSKUR, TAKMARKAÐ MAGN).
Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.
OPIÐ TIL KL. 16 Á AÐFANGADAG 24. DES.
ÖÐRUVÍSI AÐALRÉTTIR Á VEISLUBORÐIÐ
Önd
Hreindýrafile
Krónhjörtur
Andabringa
Kalkúnabringa
Jólareikningur Netgíró
Þú borgar jólainnkaupin 1. febrúar 2017
Netgíró
Kynntu þér jólareikning Netgíró á www.netgiro.is
Þú borgar aðeins 195 kr. tilkynningar- og greiðslugjald (ef fjárhæð er yfir 3.000 kr., annars 0 kr.) og 3,95% lántökugjald.
Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.
OPIÐ 24 TÍMA
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN ICELAND, ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA
Iceland




Ég vil nefna sérstaklega Bergrúnu Írisi Sævarsdóttur með tvær mjög áhugaverðar bækur, annars vegar er það Búðarferðin sem hún vinnur með Ósk Ólafsdóttur. Hún er mjög skemmtileg, bæði sagan og persónan Blær sem við vitum ekki hvort er stelpa eða strákur, það skiptir yngsta aldurinn engu máli. Hins vegar er það svo Besta bílabókin sem maður dregur út eins og harmóníku og þá verður hún að þessari fínu risastóru bílabraut. Svo fylgja bílar, kallar og verkfæri og alls konar skemmtilegt. Þetta er á mörkum þess að vera bók eða leikfang en sem slík er hún líka tilvalin til þess að kveikja áhuga.

Svo finnst mér líka spennandi og skemmtilega óvænt að Stefán Máni er með Prinsessubók en það er oft merkilega stutt á milli sakamálasagna og barnabókmennta. Svo staldraði ég líka við Bókina hans Breka, sem er skemmtileg fígúra sem langar til þess að vera sögupersóna í bók. Eins er nú ekki hægt að tala um þessar bækur án þess að minnast á Sigrúnu Eldjárn og hennar framlag í gegnum árin. Hún á alltaf nokkrar bækur í hverju flóði, nú er það stelpa sem er sönn ofurhetja. Svo er Kuggur hennar alltaf jafn vinsæll hjá yngstu krökkunum. En fjöldinn er hins vegar í þýddu bókunum í þessum flokki og þar eru ýmsar fallegar og skemmtilegar bækur eins og Bangsi litli í sumarsól, risastór og flott bók. Þannig að það er af ýmsu að taka fyrir minnstu bókaormana.“




## Yngstu lesendurnir

Brynhildur segir að það sé hins vegar alls ekki eins gott úrval fyrir þessi nýlæsu börn, á aldrinum sex til átta ára. „Þau eru orðin læs en ráða ekki við mikinn texta. Þarna vantar efni. Bókabeitukonur sinna þessum hópi með bókum eins og Amma óþekka og Afi sterki sem eru svona hæfilega langar, en þar fyrir utan er helst að finna þýddar kiljur. Ég get t.d. nefnt Binnu B. Bjarna og Skúla skelfi sem þykja mjög skemmtileg. Þessar kiljur eru margar hverjar fínar en það dugar ekki til. Ég er sjálf með sjö ára stelpu og er satt best að segja soldið í vanda með að finna handa henni lesefni.




Þetta er vandamál þar sem þetta er mikilvægur aldur og þau vilja líka fá bækur sem líta út fyrir að vera alvöru. Þetta þurfa að vera fallegar og hæfilega myndskreyttar bækur og það má hafa í huga að þau ráða ekki við þær bækur sem eru ætlaðar aðeins eldri krökkum. Þarna eru þau hvað mest opin og móttækileg og það þarf að nýta það.

## Úrval fyrir eldri krakka

Fyrir aðeins eldri krakka þá verð ég að fá að nefna fyrst þýddar bækur því bækurnar hans Davids Walliams eru alveg dásamlegar. Öllum finnst hann jafn skemmtilegur og þar er ný bók sem heitir Vonda frænkan og ég bíð spennt eftir að lesa hana.

En svo er auðvitað Þín eigin hrollvekja, þessi bókaflokkur hans Ævars hefur slegið í gegn og á það alveg skilið. Þetta er ekta hrollvekja og það þarf helst að lesa hana með þeim yngstu. Það eru vampírur, draugar og uppvakningar þannig að það er ekki alltaf hægt að lesa hana fyrir háttinn. En bókin hans Þorgríms sem gerist á EM í sumar er líka áhugaverð. Svo eru líka bækur sem henta sérstaklega vel fyrir þá sem eru að nálgast unglingsárin en það eru Pabbi prófessor, eftir Gunnar Helgason, en fyrri bókin Mamma klikk var virkilega fín. Það er svo frábært með Gunnar að hann er ekki bara fyndinn og vinsæll heldur er líka bit í bókunum hans. Þetta eru bækur sem fá börnin til að hugsa og hann hreyfir við málum sem fáir eða engir aðrir eru að nefna. En svo vil ég líka nefna Doddi: Bók sannleikans, eftir Hildi Knútsdóttur og Þórdísi Gísladóttur. Þetta eru virkilega fyndnar og skemmtilegar bækur.







En svo er líka gaman að sjá að teiknimyndasögurnar eru að koma aftur. Gormur, Svalur og Valur, Lukku-Láki og fleiri skemmtilegar bækur sem er frábært að sjá aftur í hillunum. Teiknimyndasögur eru svo frábær leið til þess að fá krakka til þess að fá áhuga á lestri. Eins er gaman að sjá Goðheimabækurnar sem brúa bilið á milli teiknimyndasögunnar og norræna arfsins. Og talandi um arfinn þá eru tvær spennandi bækur þar. Annars vegar bók Bjarka Karlssonar Sögur úr norrænni goðafræði og svo Úlfur og Edda eftir Kristínu Rögnu Gunnarsdóttur. Það er bæði skemmtilegt og mikilvægt að það sé verið að vinna með þennan arf.“

## Fróðleikur og ungmenni

Brynhildur segir að það sé líka mikilvægt að skoða bækur sem heyra undir fræði og almennt efni og að þar sé hún sérstaklega ánægð með fótboltabækurnar hans Illuga Jökulssonar. „Það er frábært að þar sé verið að sinna bæði fótboltakonum og -körlum. Svo eru líka margir krakkar sem hafa gaman af því að grúska frekar en að lesa sögur og þá má benda á Íslandsbók barnanna sem er sérdeilis falleg bók, bókina hans Vísinda-Villa Skynjun og skynvillur, Stjörnuskoðun fyrir alla fjölskylduna eftir Sævar Helga Bragason og fleira skemmtilegt.“




Brynhildur segir að það séu of fáar bækur í jólabókaflóðinu sem séu sérstaklega ætlaðar ungmennum en engu að síður virðist þeim vera að fjölga svona hægt og rólega á milli ára. „Þar eru fantasíurnar í miklum meirihluta en það eru miklar tískusveiflur í þessum flokki og einhverra hluta vegna eru allir að gefa út fantasíur núna. Þær eru reyndar margar virkilega fínar eins og sögurnar hennar Hildar Knútsdóttur, hryllingssögur sem við sáum í myndbandasamkeppninni okkar að eru mjög vinsælar. Í fyrra var það Vetrarfrí og núna er það Vetrarhörkur. Svo er það auðvitað líka Ragnheiður Eyjólfsdóttir, Emil Hjörvar Petersen, Þorgrímur Kári Snævarr og margir með fínar fantasíur. Svo heldur Davíð Þór Jónsson áfram með Mórúnu sem er mjög flott söguhetja.




En það er lítið sem ekkert raunsæi fyrir ungmenni og því má ég til með að nefna eina þýdda bók sem heitir Annað land. Þar segir frá fjórtán ára strák sem hefur flúið vegna borgarastyrjaldar og þetta gefur ákveðna hugmynd um það sem margir hafa upplifað og krakkarnir eru jafnvel að kynnast í skólanum með nýjum bekkjarfélögum.“

## VSK-vandinn

Heilt yfir finnst Brynhildi að þróunin sé að tosast í rétta átt og bókaútgáfan merkilega spræk miðað við það umhverfi sem henni er búið. „Ég mundi vilja sjá fleiri ungmennabækur og bækur fyrir þessi nýlæsu en þetta er viðkvæmur bransi. Allt helst þetta í hendur; útgáfa, lestur, árangur í lesskilningi, verðlagning bóka, aðstæður höfunda o.s.frv. Allt er þetta nátengt.“

En áttu ráð um það hvernig er helst að fá börn til þess að lesa meira? „Fyrst og fremst með jákvæðri hvatningu og því að vera góðar fyrirmyndir. Lesa fyrir framan börnin, tala vel um bækur og ekki tala bara um vandamálin. Minna krakkana á hvað þetta er skemmtilegt. Lestur á að vera afþreying og maður á að njóta þess að lesa. Númer eitt, tvö og þrjú er þó auðvitað að halda að þeim bókum. Jólin eru kjörið tækifæri til þess. Það sem við sem samfélag getum svo gert er að hafa skólasöfnin í lagi. Við höfum svelt skólasöfnin alveg síðan 2008 þegar sem mest gekk á. Söfnin hafa ekki rétt sinn hlut síðan og það er oft mikil bið eftir vinsælustu bókunum og ástandið er einfaldlega ekki nógu gott sem er mikil synd. Þessi samdráttur á skólasöfnunum nemur þúsundum eða tugum þúsunda eintaka í sölu á ári og það munar auðvitað gríðarlega um það fyrir útgefendur og höfunda.

Virðisaukaskatturinn er svo auðvitað alveg sérstakt vandamál. Hann vegur þungt. Það yrði mjög stór aðgerð til þess að bæta aðgengi barna að bókum að afnema virðisaukaskattinn af bókum. Það sýna allar rannsóknir að ef börn hafa gott aðgengi að bókum og bækur fyrir framan sig þá eru þau margfalt líklegri til þess að lesa og njóta lestrar. Fleiri bækur – meiri lestur.“

markhönnun ehf

# nettó



# Nautakjötsveislan bíður í Nettó

**Beef Wellington**
Tilbúið í ofninn eftir afþýðingu.
Hágæða vara - Kjötbankinn.
**5.948 KR/KG**
Áður: 6.998 kr/kg

15%

KJÖTBANKINN – FERSKLEIKI – FAGMENNSKA



**Nautalundir**
frá Nyja-Sjálandi, 1,8 - 2,2 kg.
**3.998 KR/KG**



**Nauta T-bone steik**
1 stk.
**3.993 KR/KG**
Áður: 4.698 kr/kg



20%

**Nautalundir**
Danish Crown 1,2 - 1,5 kg.
**3.438 KR/KG**
Áður: 4.298 kr/kg



**Nautamjaðmasteik**
Roastbeef 600 - 800 gr.
**2.998 KR/KG**

HUMARSALAN

## Humar er ómissandi á veisluborðið!



**Hátíðarsúpa Humarsölunnar,**
850 ml
**1.298 KR/PK**



40%

**Humar**
án skeljar 800 gr. poki.
**2.999 KR/PK**
Áður: 4.998 kr/pk



**HS Skelbrot**
blandað - 1 kg
**3.469 KR/KG**
Áður: 3.898 kr/kg



**Humar VIP**
millistærð 800 gr.
**5.898 KR/PK**

**www.netto.is | Tilboðin gilda 21. – 24. desember 2016**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

# Lítil trú á mannlegt eðli

**BÆKUR**

**Eyland**

★★★☆☆

**Sigríður Hagalín Björnsdóttir**
**Útgefandi:** Benedikt
**Kápa:** Jón Ásgeir
**Prentun:** Bookwell, Finnlandi
**Fjöldi síðna:** 247

Það er skemmtilegt að fá hreinræktaða íslenska dystópíu með pólitískum vísunum og vangaveltum inn í íslenskan samtíma í jólabókaflóðinu í ár. Eyland eftir Sigríði Hagalín Björnsdóttur sver sig í ætt við dystópískar bókmenntir þar sem dimm framtíðarsýn er dregin upp og óneitanlega kemur upp í hugann hin magnaða bók Vegurinn eftir bandaríska rithöfundinn Cormac McCarthy.

Tilvísunin í orð Johns Donne, sótt í upphaf Hverjum klukkan glymur eftir Hemingway, herðir einnig á þessum bandarísku bókmenntatengslum Eylands. En Sigríður virðist sækja innblástur nokkuð í vesturátt, í sprengikraft og afdráttarleysi bandarískra bókmennta. Það er líka ágætt að hafa í huga að þar er á ferðinni meitlaður stíll og afdráttarlaus frásagnarháttur sem getur tekið langað tíma að þróa, þroska og fullkomna.

Eyland segir frá íslenska blaðamanninum Hjalta og spænskættaða fiðluleikaranum Maríu og börnunum hennar tveimur. Í upphafi sögunnar slitnar upp úr sambandi þeirra en það virðist blikna í ljósi þess að Ísland einangrast í einni svipan frá umheiminum. Engin fjarskipti, engar ferðir og enginn sem heldur út til þess að huga að umheiminum snýr aftur.

Frekari framvindu er rétt að eftirláta lesendum en þetta er frábær hugmynd. Það þarf ákveðið hugrekki til þess að byggja sína fyrstu bók utan um svona stóra hugmynd sem gefur höfundi kost á að skoða margháttaðar spurningar sem varða land og þjóð en fyrst og fremst mannlegt eðli. Spurningar sem varpað er fram og jafnvel svarað í beinum tengslum við sitthvað af því sem hefur verið fyrirferðarmikið í almennri umræðu í íslensku samfélagi um nokkurt skeið, m.a. varðandi þjóðernishyggju, innflytjendur, matvælaöryggi, samskipti við umheiminn og þannig mætti áfram telja.

Svörin sem höfundur gefur sér eru




# Þessi væga ógleði sem

**BÆKUR**

**Allt fer**

★★★★☆

**Steinar Bragi**
**Útgefandi:** Mál og menning 2016
**Fjöldi síðna:** 351

Smásagnasafnið Allt fer eftir Steinar Braga inniheldur nítján smásögur, ólíkar að efni og formi en allar kirfilega merktar höfundi sínum, hugmyndaauðgi hans og stíltilþrifum. Sameiginlegt eiga þær einnig að undir niðri kraumar óhugnaðurinn, einsemdin og einskisvirði lífsins, hvort sem er í ást eða ástleysi. Það er sama hversu langt er ferðast, alltaf dragnast mannskepnan með sjálfa sig í farteskinu og hvorki flakk um fjarlæg lönd, sálfarir né aðrar tilfæringar til að forðast sjálfan sig koma að nokkru gagni. Klisjan sem lýsir þessari bók best er auðvitað ‘maðurinn er alltaf einn’, en eins ofnotuð og hún er skulum við í lengstu lög forðast hana.

Söguvið sagnanna flakkar víða, bæði í tíma og rúmi. Hér eru nokkuð ýkjulausar lýsingar á lífsbaráttu ungra Reykvíkinga samtímans í bland við hreinræktuð ævintýri á ókunnum slóðum, hrollvekju frá óskilgreindum stað og tíma, játningar barnaníðings, samfélag í rassi Sigmundar Davíðs, daglegt líf í asísku munkaklaustri, örlagaríkar draumfarir, kynóra, drykkjuskap, ofbeldi og illmennsku, svo ekki sé nú minnst á ógæfuna sem ástinni fylgir. Öllu þessu lýsir Steinar Bragi á sinn sérstæða hátt, samræður eru langar og oft fræðilegar, það er ein leiðin til að forðast að tala um það sem máli skiptir, það eru sögur inni í sögum inni í sögum og raunsæi og fantasía blandast fullkomlega eðlilega saman, þótt tal um töfraraunsæið latín-ameríska sé kannski ekki beint viðeigandi. Steinar Bragi hefur nefnilega skapað sitt eigið töfraraunsæi, eða réttara væri að kalla það yfirskilvitlegt raunsæi, þar sem mörk þess sem er raunverulegt og þess óraunverulega mást út án þess að töfrar komi nokkuð við þá sögu, eins og lesendum Kötu ætti að vera í fersku minni. Að mörgu leyti



í anda dystópíu McCarthys og trúin á mannlegt eðli eða mannlega samstöðu og siðferði getur ekki talist mikil. Án þess að ætla að andmæla þessari vantrú höfundar þá hefur það því miður þær afleiðingar í þessu tilviki að persónurnar verða helst til tvívíðar. Fólk er gott eða vont og of stutt þar á milli. Það er helst til erfitt að finna til samkenndar með tvívíðum persónum og þess vegna verður helst til djúpt á bæði spennunni og því að textinn krefji mann til þess að




skoða sjálfan sig í samhengi við verkið. Ánægjulega undantekningu er þó að finna í persónusköpuninni á Margréti, dóttur Maríu, sem er gott dæmi um það hvernig ekkert er einsleitt og allt breytingum í háð í lífi okkar og hegðan.

Eyland er vel skrifuð saga og faglega unninn. Stíllinn hreinn og öruggur og málfarið virkilega skemmtilegt. Það má segja að Sigríður fari öruggum höndum um tungumálið, allt er það slétt og fellt, en bandaríski sprengikrafturinn er þó ekki til staðar. Vandinn liggur ekki síst í að á milli kafla er alltaf farið á milli aðalpersóna og reyndar einnig flakkað í tíma og þessar skiptingar verða helst til leiðigjarnar. Þær missa marks vegna þess að þær koma dálítið í veg fyrir að lesandinn nái að fylgja eftir þroska eða öllu heldur þróun persónanna. Þróun sem þarf að eiga sér stað í skrefum frekar en stökkum til þess að teljast trúverðug. Þetta kemur þó ekki í veg fyrir að Eyland er ágætis lesning og sem fyrsta bók verður þetta að teljast virkilega vel gert. Það er því sannarlega ástæða til þess að hvetja Sigríði til þess að halda áfram á höfundarbrautinni, þangað á hún svo sannarlega erindi.

**Magnús Guðmundsson**

**NIÐURSTAÐA:** Virkilega vel skrifuð skáldsaga en með helst til tvívíðum persónum. Mikið er færst í fang í frásagnarhætti.

# kallast líf manns

hentar smásagnaformið betur fyrir þetta sérstaka raunsæi og Steinar Bragi hefur það fullkomlega á valdi sínu.

Lengd sagnanna er afskaplega misjöfn, sumar örstuttar enda kallaðar innskot, aðrar óralangar og í sumum tilfellum hefði að skaðlausu mátt skerpa pínulítið með styttingum. Engin þeirra er leiðinleg, allar opna þær leiðir inn í nýja sýn á lífsbaráttuna og sumar eru svolítið eins og spark í magann; svona erum við þá skrambi lítilmótleg inn við beinið. Samt þykir manni á einhvern hátt vænt um allar þessar mismislukkuðu persónur, við þekkjum sjálf okkur í þeim og stöndum með þeim, jafnvel í illverkunum. Þær eru bara svo fjandi mannlegar.

Hver saga er heill heimur út af fyrir sig, hér er enginn sagnasveigur á ferðinni, og áhrifamest að lesa þær ekki allar í belg og biðu, heldur taka sér hlé á milli og virkilega leyfa þeim að síast inn. Það leynast heilu heimarnir undir yfirborði hverrar sögu og margar þeirra er gott að lesa aftur til að átta sig á þeim öllum. Allt fer er því kjörið lestrarefni fyrir þá sem lesa bara eina bók á ári; hér eru viðfangsefni fjöldans alls af skáldsögum þjöppuð saman í neytendavænar pakkningar, sem geta þó reynst Pandórubox þegar inn í sögurnar er komið og lesandinn á sér einskis ills von. Helvíti vel gert.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Geipigott smásagnasafn sem fer með lesandann langt út fyrir þægindarammann.




















Hymnodia fer ávallt sínar leiðir í túlkun. Hver man ekki eftir því þegar kórinn söng stjórnarskrána? MYND/DANÍEL STARRASON

# Sálmurinn góðkunni Heims um ból sunginn sjöraddað

**Á jólatónleikum Hymnodiu í Akureyrarkirkju í kvöld verður sköpuð kyrrlát stemning, þar sem slökkt verður á raflýsingu, ekkert talað og engar þagnir hafðar milli laga. Óvenjulegt það.**

Eyþór Ingi Jónsson er organisti í Akureyrarkirkju og líka kórstjóri Hymnodiu sem heldur árvissa jólatónleika í kirkjunni í kvöld klukkan 21. Þar flytur kórinn hugljúfa og hátíðlega tónlist, engar þagnir verða teknar né talað orð sagt. Eyþór Ingi segir það hefðbundinn stíl hjá kórnum að syngja án afláts. „Við höfum alltaf gert það. Þá komum við fleiri lögum að!“ segir hann glaðlega.

Fleira er hefðbundið við tónleika kvöldsins hjá Hymnodiu, til dæmis dagsetningin, að sögn Eyþórs Inga. „Við erum alltaf með tónleikana 22. desember. Það er svo margt í boði fyrir jólin, glaðlegir tónleikar og jólasveinafjör, en við viljum að fólk upplifi ró og rökkur og því verða ljósin dempuð í kirkjunni og tónlistin hátíðleg.“

Tvö ný lög verða frumflutt að sögn Eyþórs Inga. Þau eru eftir Michael Jón Clarke og Sigurð Flosason. Auk þess verða góðkunnir jólasálmar sungnir, ensk endurreisnarlög, gömul þýsk og norræn jólalög og tvö lög sem alltaf eru sungin á jólatónleikunum, Það aldin út er sprungið og Heims um ból, það síðarnefnda í sjö radda hátíðarútsetningu. Eyþór Ingi er spurður frekar út hana.

„Ég hef ekki heyrt þessa sjö radda útsetningu á Heims um ból hér á landi nema í flutningi Hymnodiu en hún hefur hljómað á öllum okkar jólatónleikum og er á diskinum okkar. Ég heyrði hana Svíþjóð en hún er eftir Þjóðverja,“ útskýrir hann.

Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir sellóleikari verður sérlegur gestur tónleikanna. Það hefur hún ekki verið áður. „Við höfum ávallt verið með gesti en alltaf nýja og nýja. Höfum boðið til okkar dúóum, einsöngvurum, einleikurum og kórum og nú er það hún Steinunn. Hún er frá Akureyri en er búsett í París og hefur vakið mikla eftirtekt og aðdáun fyrir fagran sellóleik. Hún er komin heim til að halda jól og við vorum með æfingu á mánudaginn. Ég er líka að fara að hitta hana í dag, því við ætlum að spila svolítið saman tvö. Eitthvað ævagamalt. Það er hennar stíll og hentar mínu áhugasviði líka,“ segir Eyþór sem hlakkar til kvöldsins.

„Mér þykir rosalega vænt um fyrirkomulagið á tónleikunum, hátíðleikann, kyrrðina og svo það að ná alltaf að frumflytja eitthvað nýtt og líka að vera með lög sem allir þekkja en kannski í nýjum útsetningum. Þessir jólatónleikar hafa alltaf verið vel sóttir hjá okkur og ég vona að svo verði einnig nú.“

gun@frettabladid.is



Parísardaman Steinunn Arnbjörg ætlar að halda jólin á heimaslóðum fyrir norðan. MYND/DANIELE BASINI

**ÞAÐ ER SVO MARGT Í BOÐI FYRIR JÓLIN, GLAÐLEGIR TÓNLEIKAR OG JÓLASVEINAFJÖR, EN VIÐ VILJUM AÐ FÓLK UPPLIFI RÓ OG RÖKKUR OG ÞVÍ VERÐA LJÓSIN DEMPUÐ Í KIRKJUNNI OG TÓNLISTIN HÁTÍÐLEG.**

## UM STEINUNNI ARNBJÖRGU SELLÓLEIKARA

**Steinunn Arnbjörg nam sellóleik við TA og TR hjá Gunnari Kvaran. Eftir það hélt hún til framhaldsnáms í Frakklandi og lauk prófi í barokksellóleik frá Parísarkonservatoríinu með láði vorið 2006. Hún hefur starfað í Frakklandi og leikið þar með mörgum virtum barokkhópum og hljómsveitum en einnig hinum íslensku Nordic Affect, Barokkbandinu Brák og fleirum.**

**Hún fremur líka einleikstónleika og stofnaði barokkhópinn Corpo di Strumenti ásamt Mathurin Matharel og Brice Sailly. Hópurinn leggur áherslu á flutning tónlistar frá mörkum endurreisnar og barokks, eða hvorum megin við aldamótin 1600.**

# DORMA
Láttu drauminn rætast

**OPIÐ TIL 22°°**

# Notalegar og hlýjar jólagjafir
Komdu í Dorma



**DORMA HOME** sængurföt
Mjúk og falleg „striped" sængurföt.
50% bómull og 50% poliester

**Fullt verð: 6.490 kr.**

Aðeins **4.900 kr.**



Jólatilboð
**20%**
**AFSLÁTTUR**
Tilboðsverð frá 9.520 kr.
Fullt verð 11.900 kr.

## SÆNGURFÖT FRÁ NORDICFORM
Mikið úrval af vönduð sængurfötum úr 100% bómullarefni.
Fáanleg 140x200 cm. Einnig tvíbreið 200x220 cm.




Ilmur mánaðarins
**25%**
**AFSLÁTTUR**

Lækkað verð á Yankee




**ÓTRÚLEGT jólatilboð**
**Dúnsæng + dúnkoddi**

## TVENNUTILBOÐ
Dúnsæng og dúnkoddi

Sæng 140x200 cm. 85% smáfiður
og 15% hvítur andadúnn. 100% bómullarver.
Fullt verð: 9.900 kr
Koddi 50x70 cm. 70% smáfiður
og 30% hvítur andadúnn. 100% bómullarver.
Fullt verð: 4.900 kr.

**Fullt verð samtals: 14.800 kr.**

Aðeins **9.900 kr.**

## HINIR MARGRÓMUÐU
Memory Foam heilsuinniskór



Inniskór sem laga sig að fætinum
og dreifa þyngd jafnt um allt
fótasvæðið. **Ný og endurbætt útgáfa!**

| 1 par | 2 pör | 3 pör |
|---|---|---|
| **3.900 KR.** | **6.900 KR.** | **9.900 KR.** |
| | 3.450 parið | 3.300 parið |

## Dorma líka á Zzzmáratorgi
**Þú finnur Dormaverslanir á fjórum stöðum – Holtagörðum, Akureyri, Ísafirði og á Smáratorgi.**




**JÓLAOPNUN**
21. til 23. des. 10°°–22°°
Aðfangadagur 10°°–13°° | **www.dorma.is**
*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

DORMA
Láttu drauminn rætast

# BÍÓ



Fólkið er að mestu svo þunnt að eftirminnilegasti karakter myndarinnar reynist vera vélmenni, sem Alan Tudyk ljær hressilega rödd sína. NORDICPHOTOS/GETTY

## Fjörug og flott „aðdáendamynd“

**Rogue One: A Star Wars Story**

★★★☆☆

**Leikstjóri:** Gareth Edwards
**Framleiðendur:** Kathleen Kennedy, Simon Emanuel, Allison Shearmur
Handrit: Chris Weitz, Tony Gilroy
**Tónlist:** Michael Giacchino
**Leikarar:** Felicity Jones, Diego Luna, Ben Mendelsohn

Hér áður fyrr þurftu Star Wars-aðdáendur að bíða í áraraðir á milli mynda. Eftir að Disney eignaði sér vörumerkið var strax séð til þess að breyta því og megum við núna búast við einni mynd á ári um ókomna tíð. En á meðan varan er í lagi er lítið út á það að setja, sérstaklega þegar lagt er upp úr því að víkka út þennan umfangsmikla og lokkandi kvikmyndaheim.

Rogue One er fyrsta „sjálfstæða“ eintakið í þessari seríu og í henni er tekin meiri áhætta en þeirri síðustu, The Force Awakens. Í þeirri mynd voru gömlu, sígildu hráefnin tekin og hnoðað í stóran nostalgíugraut. Að þessu sinni er hvorki einblínt á Jediriddara né Skywalker-fjölskylduna og stríðsmyndafílingurinn hefur allan forgang. Rogue One er forsaga og gerist skömmu fyrir atburði upprunalegu myndarinnar frá 1977, A New Hope. Hér segir frá hópi uppreisnarmanna sem komast yfir teikningar fyrsta Helstirnisins og þurfa að koma þeim í réttar hendur. Aðdáendur vita allir hvernig sú saga spilast út.




Þetta er auðvitað gildran sem hægt er að lenda í með forsögur og getur verið erfitt að trekkja upp spennu þegar við vitum í raun hvernig myndin endar. Þá kemur það niður á skemmtanagildinu og hvort persónurnar nýju skilji eitthvað eftir eða ekki. Rogue One stenst fyrri kröfuna ágætlega en ekki alveg þá seinni.

Leikhópur myndarinnar er bæði skotheldur og skemmtilega fjölbreyttur, þó persónusköpuninni (og þar með dramanu) sé eitthvað ábótavant. Lykilteymið fær ekki alveg það svigrúm sem þarf til að áhorfandinn tengist því og hverfa ýmsar aukapersónur algjörlega í bakgrunninn. Fólkið er að mestu svo þunnt að eftirminnilegasti karakter myndarinnar reynist vera vélmenni, sem Alan Tudyk ljær rödd sína hressilega. Felicity Jones hefur hins vegar mikla útgeislun í einvíðu aðalhlutverki. Mads Mikkelsen kemur líka sterkur inn og er leitt að við sjáum ekki meira af honum. Annars dúkkar gamli góði Svarthöfði upp í örlítilli gestarullu, ekkert meira.

Hvað útlit snertir er lítið til að setja út á. Sviðsmyndir og allt umhverfi er grípandi (Hjörleifshöfðinn okkar tekur sig þarna sérlega vel út í upphafssenunum) og tökustíllinn er mátulega grófur, með litlausa áferð sem rammar inn rétta stríðsmyndatóninn. Brellurnar eru almennt góðar, með nokkrum undantekningum, til dæmis þegar kemur að tölvugerðri endursköpun á leikaranum Peter Cushing. Tónlistin eftir Michael Giacchino er sæmileg en hreyfir mest við þegar sígildir tónar John Williams lauma sér inn.

Það vantar alla spennu og mætti vera meiri sál og kraftur í frásögninni. Í heildina er þetta furðu tómleg en flott aukasaga sem leiðir þó ágætlega inn í upprunalegu klassíkina. Leikstjórinn Gareth Edwards heldur keyrslunni þéttri. Fyrri helmingurinn er í rólegri kantinum en það er ekki fyrr en í lokaþriðjungnum sem orkan hrekkur í gang til fulls. Leikstjórinn mótar líka einhverjar flottustu orrustusenur sem hafa sést í seríunni. En Rogue One er fyrst og fremst gerð fyrir aðdáendur – af aðdáanda. Ekki er hægt að segja að hún eigi mikið erindi til fólks sem er ekki á meðal þeirra. **Tómas Valgeirsson**

**NIÐURSTAÐA:** Persónurnar eru heldur flatar og vantar alla spennu, en sjónarspilið stendur fyrir sínu og myndin stækkar Stjörnustríðsheiminn prýðilega.

## Frumsýningar



**THE GREAT WALL**
Spennutryllir
Leikarar: Matt Damon, Willem Dafoe, Pedro Pascal, Andy Lau, Numan Acar, Tian Jing, Eddie Peng
Frumsýnd: 30. desember 2016
IMDb: 5,6



**COLLATERAL BEAUTY**
Drama
Leikarar: Will Smith, Keira Knightley, Kate Winslet, Naomie Harris, Edward Norton, Helen Mirren, Michael Peña, Toshiko Onizawa, Enrique Murciano, Kylie Rogers
Frumsýnd: 30. desember 2016
IMDb: 5,9
Rotten Tomatoes: 14%



**MONSTER TRUCKS**
Fjölskyldumynd
Leikarar: Lucas Till, Jane Levy, Amy Ryan, Rob Lowe, Thomas Lennon, Barry Pepper, Danny Glover, Frank Whaley, Samara Weaving, Holt McCallany, Chelah Horsdal, Aliyah O'Brien
Frumsýnd: 6. janúar 2017
IMDb: 7,9





ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
NÝ DOLCE GUSTO KAFFIVÉL
Movenza
Movenza frá Dolce Gusto sækir innblástur í sjálfa kaffibaunina. Glæsileg og framandi hönnun mætir gæða kaffilögun Dolce Gusto vélanna.
Öllum sjálfvirkum vélum fylgir 24 hylkja standur og 3 pakkar af kaffi að andvirði 8.680 kr.
OPNAST OG LOKAST SJÁLFVIRKT
STILLANLEGT VATNSMAGN MEÐ SNERTITÖKKUM
KAFFI Í ATVINNUGÆÐUM
15 BARS MAX
ILMANDI OG FERSKT
YFIR 30 TEGUNDIR AF KAFFI
TILBOÐ
24.995
VERÐ ÁÐUR 34.995
DēLonghi
Ilmandi Lavazza baunir fylgja!
DeLonghi ESAM4000
1,8 L Espresso kaffivél með kaffikvörn. Býr til gufu fyrir flóaða mjólk og heita drykki. Cappucino System.
VERÐ
54.995
FRÁBÆRT VERÐ
KAI
KAI ABS0310
Hágæða, þriggja hnífa Pure Komachi 2 sett með Non-Stick húð. KAI hefur framleitt hnífa í Japan í yfir 100 ár.
TILBOÐ
7.995
VERÐ ÁÐUR 11.995
TONI&GUY
Toni&Guy TGDR5367
1700w Professional hárblásari. 2 hitastillingar og 3 hraðastillingar. Cool shot tækni. 3 m kapall.
VERÐ
8.495
FRÁBÆRT VERÐ
MELISSA
Melissa 16180086
300W Smoothie blandari með 0,5L glerkönnu til að drekka úr. Ryðfríir stál hnífar. Auðvelt að taka í sundur og þrífa.
VERÐ
4.995
FRÁBÆRT VERÐ
Ariete
Ariete 187
Belgískt vöfflujárn með viðloðunar-fríu yfirborði. Ljós fyrir bökunartíma. Auðvelt að þrífa. Má geyma upprétt.
TILBOÐ
4.995
VERÐ ÁÐUR 5.995
MELISSA
Melissa 16310178
Súkkulaði fondue pottur sem bræðir allt að 600 ml. Keramik pottur, auðvelt að taka í sundur og hreinsa. Úrval fylgihluta fylgja með í kaupunum. Frábært í veisluna.
VERÐ
3.995
FRÁBÆRT VERÐ
SEVERIN
Severin EZ7404
Ísgerðarvél sem hentar fyrir alla ísgerð. Rjómaís, ávaxtaís og jógúrtís. Endalausir möguleikar.
TILBOÐ
7.995
VERÐ ÁÐUR 9.995
MELISSA
Melissa 16120009
Kaffikvörn með stálhnífum. Tekur 50 gr.
VERÐ
3.995
FRÁBÆRT VERÐ
wilfa
Karafla og 2 glös fylgja.
Wilfa PB1200S
2,5 hestafla Raw Fuel blandari með ofhitavörn. 1,5L Tritan plast kanna með gúmmíhandfangi. 3 stillingar.Stiglaus hraði og púls. 7 ryðfríir stál hnífar. Gúmmítappar . 10 ára ábyrgð.
VERÐ
24.995
FRÁBÆRT VERÐ
LIGHTAIR
Air purification for life
Lightair LAIFSU2
Evolution lofthreinsitæki með jónatækni. Getur komið í veg fyrir inflúensu og vírus smit. Eyðir ryki og lykt. Minnkar frjókorna-, katta-, og dýraofnæmi. Hreinsar allt að 50m2 rými. Hljóðlaust. Einfalt að þrífa - filterslaust. Hægt að hafa á borði eða gólfi.
VERÐ
39.995
FRÁBÆRT VERÐ
PHILIPS
Philips HD4467
2000w heilsugrill með hitastilli og lausum grillplötum. Hægt er að nota grillið lokað, hálf opið eða full opið. Riffluðar grillplötur. Hægt að geyma upprétt.
TILBOÐ
13.995
VERÐ ÁÐUR 18.995
Ariete
Ariete 2765
2 í 1 handryksuga með skafti. Öflug 18 volta rafhlaða sem skilar 30 mínútna notkun á fullri hleðslu. Tekur 0,8l af ryki. HEPA filter. Túrbó bursti.
VERÐ
14.995
FRÁBÆRT VERÐ
Dantax
Dantax M23LEG
800w örbylgjuofn með 1000W grilli. 23L. 5 stillingar. Afþýðing samkvæmt þyngd. 27 sm glerdiskur. Stállitaður.
VERÐ
14.995
FRÁBÆRT VERÐ
OPIÐ TIL 22 Í KVÖLD OG TIL 23 Á ÞORLÁKSMESSU
Heimilistæki ht.is
7 VERSLANIR UM LAND ALLT
HAFNARGÖTU 90 REYKJANESBÆ S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 SELFOSSI S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A HÚSAVÍK S: 464 1600 • GLERÁRTORGI AKUREYRI S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 EGILSSTÖÐUM S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 AKRANESI S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK S: 569 1500







# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 22. DESEMBER 2016

### Tónlist

**Hvað?** The KEXMas Show
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Kex Hostel, Skúlagötu
Jólakvöld Kex verður haldið hátíðlegt í kvöld. Í boði er m.a. eggjapúns, jólabjór, jólamatseðill Sæmundar í sparifötunum, möndlur, tólgarkertaljós og síðast en ekki síst jólatónleikar húsbandsins á Kex, The KEXMas Show. Húsbandið skipa þau Andri Ólafsson, Magnús Magnússon, Salka Sól Eyfeld, Snorri Helgason, Valdimar Guðmundsson og Örn Eldjárn. Meðlimir húsbandsins hafa getið sér gott orð í hljómsveitum á borð við Moses Hightower, Ylju, Valdimar, Tilbury, AmabAdamA, Snorra Helgason o.s.frv. Á lagaprógramminu verða sígræn íslensk jólalög í bland við nokkur erlend og má þar nefna „Líða fer að jólum“, „Fyrir jól“, „Little Christmas“ og fleiri góð. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Jól með Jóhönnu
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Grundarfjarðarkirkja
Jóhanna Guðrún heldur tónleika í Grundarfjarðarkirkju í dag. Með henni í för verður gítarleikarinn Davíð Sigurgeirsson og munu þau taka uppáhaldsjólalögin sín í nýjum útsetningum.

**Hvað?** Croon og Swoon
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gaukurinn, Tryggvagötu
Croon og Swoon eru söngvarinn Daníel Hjálmtýsson og gítarleikarinn Benjamín Náttmörður Árnason. Þessir drengir spila jólalög og hafa bætt við sig slatta af fólki frá því í fyrra en með þeim núna eru Pétur Daníel Pétursson, Pétur Sigurðsson og Andrea Gylfadóttir.

**Hvað?** President Bongo & The Emotional Carpenters & Sonic Deception
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu
Sonic Deception og fleiri spila á Húrra í kvöld. 1.500 krónur inn.

**Hvað?** Hátíðartónleikar Eyþórs Inga
**Hvenær?** 20.00 og 22.00
**Hvar?** Dalvíkurkirkja
Eyþór er án efa einn af okkar fremstu söngvarum í dag. Hann hefur einnig getið sér gott orð fyrir að vera mögnuð eftirherma. Hér er á ferðinni létt, hugljúf og jólaleg kvöldstund þar sem Eyþór kemur fram einn síns liðs, með píanóið, gítarinn og röddina að vopni. Sérstakir gestir eru kórar úr heimabyggð á hverjum stað fyrir sig. Þar sem Eyþór verður á heimaslóðum í kvöld verða sérstakir aukatónleikar klukkan 22.00.

**Hvað?** Þorláksmessutónleikar Árstíða 2016
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Fríkirkjan í Reykjavík
Sem fyrr verða leikin frumsamin lög í bland við sérvalið jóla- og hátíðaefni, og í þetta skiptið verða einnig leikin lög af nýútkominni plötu sem Árstíðir gáfu út í samstarfi við hollensku stórsöngkonuna Anneke Van Giersbergen. Platan sem fékk heitið „Verloren Verleden“ (ísl. þýð. „gleymd fortíð“) inniheldur að mestu leyti gömul verk, klassísk og þjóðleg, í nýrri útsetningu Árstíða. Lag Þorkels Sigurbjörnssonar við sálminn „Heyr himna smiður“ var einnig sungið inn á plötuna, en margir muna eflaust eftir vinsælu myndbandi af Árstíðum flytja lagið á lestarstöð í Þýskalandi árið 2013.

**Hvað?** Anna Mjöll og Svanhildur
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg, Klapparstíg
Efnisskráin er fjölbreytt en Anna Mjöll mun m.a. flytja sígild lög og jólalög sem þekkt eru í flutningi Ellu Fitzgerald, Astrud Gilberto, Söruh Vaughan, Billie Holiday, Marilyn Monroe og fleiri slíkra. Líka er Anna Mjöll þekkt fyrir að segja einstakar skemmtisögur á milli atriða, sem jafnan vekja mikla lukku. Hin eina sanna Svanhildur Jakobsdóttir söngkona verður með henni þetta kvöld og tekur pottþétt Þú ert minn súkkulað'ís. Miðaverð 3.500 krónur.



**Gísli Pálmi verður ásamt Gervisykri á Tivoli bar í kvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Hvað?** Mozart við kertaljós
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Garðakirkja
Kammerhópurinn Camerarctica heldur sína árlegu kertaljósatónleika í kirkjum nú rétt fyrir jólin. Hópurinn hefur leikið ljúfa tónlist eftir Mozart við kertaljós í tuttugu og fjögur ár og þykir mörgum ómissandi að koma úr miðri jólaösinni inn í kyrrðina og kertaljósin í rökkrinu. Hópinn skipa að þessu sinni þau Ármann Helgason klarínettuleikari, Hallfríður Ólafsdóttir flautuleikari, Hildigunnur Halldórsdóttir fiðluleikari, Bryndís Pálsdóttir fiðluleikari, Svava Bernharðsdóttir víóluleikari og Sigurður Halldórsson sellóleikari. Á efnisskránni er Divertimento fyrir strengi, kvartett fyrir klarínettu og strengi og kvartett fyrir flautu og strengi.

**Hvað?** Jónas Sig og Ritvélar framtíðarinnar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Hard Rock Café, Lækjargötu
Á tónleikunum verður hægt að kaupa „best of“ plötu sem inniheldur öll vinsælustu lög Jónasar ásamt lifandi upptökum og áður óútgefnu efni, en sú plata kom út í sumar og hefur bara fengist á tónleikum hljómsveitarinnar. Miðaverð 3.500 krónur.

**Hvað?** Beðið/Brimslóð – Bára Gísladóttir & Bjarni Frímann Bjarnason
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Beðið/Brimslóð er tvöfaldur útgáfufögnuður Báru Gísladóttur í Mengi. Beðið er verk fyrir Yamaha CP-70M rafpíanó sem gefið var út á bók í byrjun desember. Brimslóð er verk fyrir kontrabassa og rafhljóð sem gefið var út á rafrænu formi síðastliðið sumar. Miðaverð 2.000 krónur.

**Hvað?** Jóla-Útgáfutónleikar Mercy Buckets
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Dillon, Laugavegi
Hard-boogie-core bandið Mercy Buckets gefur út sína aðra plötu, Svarta drottningin, í dag. Efnt er til hardcore-veislu á Dillon af því tilefni og það er frítt inn.

**Hvað?** Gísli Pálmi og Gervisykur
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Tivoli bar, Hafnarstræti
Gísli Pálmi og Gervisykur spila á svokölluðu Candy Floss kvöldi sem fer reglulega fram á Tivoli bar. Frítt inn.

### Viðburðir

**Hvað?** Steve-O
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Háskólabíói
Brjálæðingurinn Steve-O, sem er hvað þekktastur fyrir Jackassþættina og -myndirnar, er mættur til landsins og verður með uppistand í Háskólabíói í kvöld. Hann er auðvitað uppfullur af sprenghlægilegum sögum enda búinn að bralla ýmislegt á ferli sínum sem sturlaður náungi. Einnig eru alltaf einhver áhættuatriði hluti af sýningunni hans enda elska allir að sjá hann meiða sig á fáránlegan máta. Miðaverð 8.900 krónur.

**Hvað?** Menningarkvöld
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Paloma, Naustunum
Á menningarkvöldi Paloma þessa vikuna mæta Sjón, Skarpi, Gefjun, JFDR og Gunnar Jóns með hámenninguna. Ljóðskáldið Skarpi les ljóð og líklega Sjón líka og Gefjun. JFRD eða Jófríður Ákadóttir verður með tónlistaratriði á milli upplestra og Gunnar Jónsson les litlar sögur. Teitur Magnússon kynnir.

**Hvað?** Jólasýning Svansins
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Tjarnarbíó, Tjarnargötu
Tveimur dögum fyrir jól ætlar spunahópurinn Svanurinn að halda jólasýningu. Það verður spuni og alls konar grín sem er sérstaklega hannað til þess að gleyma jólastressinu og leiða hugann að hinum sanna anda jólanna. Svanurinn er spunahópur sem var stofnaður fyrir þremur árum og samanstendur af sjö metnaðarfullum spunaleikurum úr röðum Improv Ísland. Meðlimir Svansins hafa leikið fjöldann allan af spunasýningum, jafnt sem hópur og sem meðlimir í sýningarhóp Improv Ísland. Þetta er annað árið í röð sem Svanurinn stendur fyrir jólasýningu. Í fyrra voru þeir félagar með litla sýningu á Bar 11, en í ár verður öllu tjaldað til, stærra rými, stærra show og jafnvel örlítið stærri svanir. Miðaverð er 2.000 krónur.



## *Hátíð í bæ*

# *Gleðileg jól*

**OPIÐ 8-22 OG 10-12 Á AÐFANGADAG**
**BREIDD / GRANDI / AKUREYRI / SELFOSS**

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.



*Harðir pakkar með notagildi!*

## SKOÐAÐU JÓLAGJAFA-HANDBÓKINA Á BYKO.IS

## *Lifandi jólatré*

**FRÁBÆRT VERÐ**

| | VERÐ |
|---|---|
| **NORMANNSÞINUR** | |
| 151 - 175 cm | 4.295 kr. |
| 176 - 200 cm | 5.995 kr. |
| 201 - 225 cm | 7.395 kr. |
| **BLÁGRENI** | |
| 100 - 150 cm | 5.495 kr. |
| 151 - 200 cm | 10.375 kr. |
| 201 - 250 cm | 13.495 kr. |
| **ÍSLENSK FURA** | |
| 100 - 150 cm | 5.775 kr. |
| 151 - 200 cm | 8.975 kr. |

### *Sölustaðir*

**TIMBURVERSLUN BREIDD**

*FIM* 8-22
*ÞORLÁKSM.* 8-22
*AÐFANGAD.* LOKAÐ

**SELFOSS**

*FIM* 8-22
*ÞORLÁKSM.* 8-22
*AÐFANGAD.* 10-12



byko.is

*Sérvalið tré í stofuna til þín*

BYKO
SKREYTUM SAMAN

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur



**2**

## NATIONAL LAMPOON´S CHRISTMAS VACATION

Sprenghlægileg mynd um Clark Griswold sem dýrkar jólin meira en allt annað en ýmislegt getur farið úrskeiðis þegar stórfjölskyldan er mætt á svæðið! Alvöru jólamynd með Chevy Chase í aðalhlutverki.

FJÖLBREYTT
FIMMTUDAGSKVÖLD
Fáðu þér áskrift á 365.is
365



**2**

## LETHAL WEAPON

Spennandi framhaldsþáttur, byggður á hinum vinsælu Lethal Weapons myndum sem slógu rækilega í gegn á níunda og tíunda áratugnum og fjalla um tvo lögreglumenn sem eru mjög ólíkir í leik og starfi.

**2**

## MURDER

LOKAÞÁTTUR

Bresk sakamálaþáttaröð í fjórum hlutum. Í hverjum hluta er fjallað um sama málið en frá ólíkum sjónarhornum. Með hverri sögunni færumst við nær sannleikanum.



## I GIVE IT A YEAR

Turtildúfurnar Nat og Josh eru nýgift og hamingjusöm þrátt fyrir að vinir og vandamenn hafi ekki mikla trú á ráðahagnum.



**3**

## ANGIE TRIBECA

1. ÞÁTTUR

Angie Tribeca starfar í sérstakri deild innan lögreglunnar sem sérhæfir sig í sérlega óhugnanlegum sakamálum sem oftar en ekki eru óhefðbundin lögreglumál.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is

## STÖÐ 2

**07.00** Jóladagatal Afa
**07.05** The Simpsons
**07.30** Kalli kanína og félagar
**07.50** Tommi og Jenni
**08.10** The Middle
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** Jamie's 30 Minute Meals
**10.45** The World's Strictest Parents
**11.45** Grantchester
**12.35** Nágrannar
**12.55** Jamie's Best Ever Christmas
**13.45** Christmas In Conway
**15.20** Angels Sing
**16.45** Jóladagatal Afa
**16.52** Bold and the Beautiful
**17.16** Nágrannar
**17.42** Ellen Skemmtilegur spjallþáttur með hinni einu og sönnu Ellen DeGeneres sem fær til sín góða gesti og slær á létta strengi. Þættirnir eru með þeim vinælustu í sinni röð um allan heim enda hefur Ellen einstakt lag á gestum sínum nær að skapa einstakt andrúmsloft í salnum sem skilar sér beint til áhorfenda sem sitja heima í stofu
**18.30** Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.55** Íþróttir
**19.05** Fréttir Stöðvar 2
**19.20** The New Girl
**19.50** National Lampoon's Christmas Vacation Alvörujólamynd þar sem Chevy Chase leikur fjölskylduföðirinn Clark Griswold en það eina sem hann dýrkar meira en ferðalög með fjölskyldunni er að halda jólin hátíðleg í faðmi hennar. En það getur stundum verið erfitt þegar foreldrarnir, tengdaforeldrarnir og hræðilegasti svili í heimi koma í heimsókn.
**21.35** Lethal Weapon
**22.25** Murder
**23.30** Borgarstjórinn Ný gamanþáttasería sem skarta einvala liði leikara og fjalla um daglegt líf borgarstjórans í Reykjavík og fólksins í Ráðhúsinu sem er ekki alltaf á eitt sátt með störf borgarstjórans.
**00.00** Rizzoli & Isles
**00.40** The Young Pope
**01.40** The Young Pope
**02.40** Thelma and Louise
**04.45** Kept Woman

## STÖÐ 2 SPORT

**07.50** Þýski boltinn
**09.30** Premier League
**11.15** Premier League
**12.55** Premier League
**14.40** Messan
**16.10** Spænski boltinn
**17.55** Spænsku mörkin
**18.20** Þýski boltinn
**20.00** Premier League World
**20.30** NFL Gameday
**21.00** Domino's deild karla
**22.40** Körfuboltakvöld
**00.25** UFC Unleashed

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.50** Þýski boltinn
**09.30** Premier League
**11.15** Premier League
**12.55** Premier League
**14.40** Messan
**16.10** Spænski boltinn
**17.55** Spænsku mörkin
**18.20** Þýski boltinn
**20.00** Premier League World
**20.30** NFL Gameday
**21.00** Domino's deild karla
**22.40** Körfuboltakvöld
**00.25** UFC Unleashed

## STÖÐ 3

**17.10** Mike and Molly
**17.35** Married
**18.00** Modern Family
**18.25** The Big Bang Theory
**18.50** New Girl
**19.15** Tekinn
**19.40** Veistu hver ég var?
**20.15** Secret World of Lego
**21.05** Angie Tribeca
**21.30** Vicious
**22.00** Klovn
**22.30** The New Adventures of Old Christine
**22.55** Gilmore Girls
**23.40** Tekinn
**00.05** Veistu hver ég var?
**00.40** Secret World of Lego
**01.30** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Víkingurinn Viggó
**07.13** Kormákur
**07.25** Strumparnir
**07.47** Mæja býfluga
**08.00** Mörgæsirnar
**08.23** Doddi litli og Eyrnastór
**08.36** Könnuðurinn Dóra
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Lalli
**09.55** Rasmus Klumpur og félagar
**10.00** Ævintýri Tinna
**10.25** Hvellur keppnisbíll
**10.37** Stóri og Litli
**10.49** Gulla og grænjaxlarnir
**11.00** Víkingurinn Viggó
**11.11** Kormákur
**11.23** Strumparnir
**11.45** Mæja býfluga
**12.00** Mörgæsirnar
**12.23** Doddi litli og Eyrnastór
**12.36** Könnuðurinn Dóra
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Lalli
**13.55** Rasmus Klumpur og félagar
**14.00** Ævintýri Tinna
**14.25** Hvellur keppnisbíll
**14.37** Stóri og Litli
**14.49** Gulla og grænjaxlarnir
**15.00** Víkingurinn Viggó
**15.11** Kormákur
**15.23** Strumparnir
**15.45** Mæja býfluga
**16.00** Mörgæsirnar
**16.23** Doddi litli og Eyrnastór
**16.36** Könnuðurinn Dóra
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Lalli
**17.55** Rasmus Klumpur og félagar
**18.00** Ævintýri Tinna
**18.25** Hvellur keppnisbíll
**18.37** Stóri og Litli
**18.49** Gulla og grænjaxlarnir
**19.00** Lotta í Skarkalagötu



Könnuðurinn Dóra
kl. 08.36, 12.36 og 16.36

## GOLFSTÖÐIN

**08.30** Wells Fargo Championship
**13.25** PGA Tour - Highlights
**14.20** Golfing World
**15.10** Cambria Portland Classic
**17.45** The Players Championship
**19.45** BMW PGA Championship

## BÍÓSTÖÐIN

**11.45** American Graffiti
**13.35** Sassy Pants
**15.00** Admission
**16.45** American Graffiti
**18.40** Sassy Pants Gamanmynd frá árinu 2012 sem fjallar um Bethany, 18 ára stúlku sem ákveður að flytja til föður síns til þess að losna undan yfirgangi móður sinnar.
**20.10** Admission
**22.00** I Give It A Year Rómantísk gamanmynd frá 2013 með Rose Byrne, Anna Faris, Rafe Spall, Simon Baker, Stephen Merchant, Minnie Driver og Jason Flemyng í aðalhlutverkum. Turtildúfurnar Nat og Josh eru nýgift og hamingjusöm þrátt fyrir að vinir og vandamenn hafi ekki mikla trú á ráðahagnum. Ekki líður á löngu þar til brestir eru komnir í sambandið og þau þurfa að taka stórar ákvarðanir. Skemmtileg mynd frá framleiðendum Love Actually og Bridget Jones's Diary.
**23.40** Sea of Love
**01.30** Cloud Atlas
**04.20** I Give It A Year

## RÚV

**08.00** KrakkaRÚV
**10.17** Jólasveinarnir í Dimmuborgum
**10.38** Stundarkorn - Dofri dvergur
**10.55** Góð jól
**11.00** Amma glæpon
**12.05** Jólaþáttur Nigellu
**13.05** Ljósmóðirin – Jólaþáttur
**14.20** Attenborough níræður
**15.10** Wimbledon
**16.45** Melissa og Joey
**17.05** Eldað með Ebbu - jól
**17.35** Táknmálsfréttir
**17.45** KrakkaRÚV
**17.46** Jóladagatalið - Sáttmálinn
**18.12** Jóladagatalið - Leyndarmál Absalons
**18.45** Góð jól
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.40** Kastljós
**20.25** Frú Brown undirbýr jólin
**21.00** Versalir
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.25** Lögregluvaktin
**23.10** The Graduate
**00.50** Kastljós
**01.30** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** America's Funniest
**08.20** The Grinder
**08.45** Grandfathered
**09.05** Life In Pieces
**09.30** The Muppets
**09.50** Parks & Recreation
**10.15** 30 Rock
**10.40** Síminn + Spotify
**11.50** Bride for Christmas
**13.20** Dr. Phil
**14.00** American Housewife
**14.20** Survivor
**15.05** The Voice Ísland
**16.35** The Tonight Show
**17.15** The Late Late Show
**17.55** Dr. Phil
**18.35** Everybody Loves Raymond
**19.00** King of Queens
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** The Odd Couple
**20.15** Man With a Plan
**20.35** Speechless
**21.00** Keeping Mum
**22.40** Runaway Bride
**00.35** Sex & the City
**01.00** Dan in Real Life
**02.40** Are You Here
**04.35** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin



REVLON BLÁSTURSBURSTI
Ný sending komin!
Með jónatækni
VERÐ... 7.995
WURM KRUKKA MEÐ RÖRI
VERÐ... 495
ÍSLENSKA PÖNNUKÖKUPANNAN
ÞESSI GAMLA GÓÐA
VERÐ... 10.995
EVA SOLO ELDHÚSÁHÖLD
4 STK SETT
VERÐ... 8.995
ARIETE VÖFFLUJÁRN
EKTA BELGÍSKAR VÖFFLUR
VERÐ ÁÐUR...5.995
TILBOÐ .........4.995
JÓLABÚÐIN ÞÍN
byggtogbúið
KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS
ARIETE PIZZAOFN
Ekta pizza á örfáum mínútum!
VERÐ ÁÐUR.... 15.995
JÓLATILBOÐ ... 12.995
Fissler Paris POTTASETT 5 stk
Fissler
Fissler. Perfect every time.
Fissler gæði
VERÐ ÁÐUR....44.995
TILBOÐ ..........29.995
Zassenhaus OSTAHNÍFAR
VERÐ... 2.995
ROSENDAHL GLÖS Í ÚRVALI
GLÖS 30 CL 4 STK Í KASSA
VERÐ... 3.995
BJÓRGLÖS 2 STK Í KASSA
VERÐ... 3.995
Melissa
SOUS VIDE TÆKI
Fyrir nákvæmari eldamennsku
VERÐ.... 17.995
Kai PureKomachi2 3STK HNÍFASETT
Magnað jólatilboð
VERÐ ÁÐUR...11.985
TILBOÐ ...........7.995
GRUNWERG HNÍFAPARASETT
24 STK SETT
VERÐ... 9.995
RAUÐVÍNSGLÖS BORDEAUX 2 STK
VERÐ... 3.995
HVÍTVÍNSGLÖS BORDEAUX 2 STK
VERÐ... 3.995
GRUNWERG HNÍFABLOKK
VERÐ... 6.495
WMF KERAMIK PÖNNUR
24sm og 28sm
VERÐ.... 15.995
DOLCE GUSTO PICCOLO KAFFIVÉLAR
50% AFSLÁTTUR
NESCAFÉ Dolce Gusto
VERÐ ÁÐUR...9.995
TILBOÐ .... 4.995
ROSENDAHL KARAFLA OG TVÖ GLÖS
VERÐ...... 4.995
EVA TRIO SÓSUPOTTUR
1,1 LÍTER
VERÐ ÁÐUR....14.995
TILBOÐ ............9.995
KJÚKLINGA-STANDUR
VERÐ ÁÐUR...6.995
TILBOÐ .........5.995
GEORGE FOREMAN HEILSUGRILL
*ENTERTAINING
64sm² grillflötur
Allt að 42% minni fita
VERÐ ÁÐUR...22.995
TILBOÐ .........18.995
Losanlegar plötur

markhönnun ehf

netto

# GEFÐU BÓK Í JÓLAGJÖF

*Úrvalið er hjá okkur*




**VÍSINDABÓK VILLA SKYNJUN OG SKYNVILLUR**
**3.704 KR**




**SVARTALOGN**
**4.549 KR**




**ÞÍN EIGIN HROLLVEKJA**
**2.879 KR**




**PETSAMO**
**4.199 KR**




**HENRI OG HETJURNAR**
**3.359 KR**




**BLÓMIÐ**
**4.549 KR**




**ELSKU DRAUMA MÍN**
**4.499 KR**




**ALLT FER**
**4.689 KR**

**Tilboðin gilda 22. – 24. desember 2016**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.




STJÖRNUSKOÐUN
**3.834 KR**




PABBI PRÓFESSOR
**2.879 KR**




ÍSLANDSBÓK BARNANNA
**2.924 KR**




13 DAGAR
**4.619 KR**




NÓTTIN SEM ÖLLU BREYTTI
**4.199 KR**




SOFÐU ÁST MÍN
**4.409 KR**




PASSÍUSÁLMARNIR
**4.549 KR**




STRÍÐIÐ MIKLA 1914-1918
**9.599 KR**




HESTVÍK
**4.157 KR**




VERJANDINN
**4.549 KR**



Magnús ásamt barnabörnunum Söru Björk Arnarsdóttur og Kristni Jökli Kristinssyni. MYND/VILHELM GUNNARSSON

# Byrjaði allt með einni jólaseríu frá Ameríku

**Við Melabraut á Seltjarnarnesi stendur upplýst jólahús. Þar býr Magnús Sigurðsson rafvirkjameistari og fjölskylda hans. Á hverju ári prýðir hann húsið og garðinn með þúsundum ljósapera.**

Magnús Sigurðsson hefur skreytt húsið að utan seinustu tvo áratugi. „Þetta hefur nú bara verið að þróast alltaf meira og meira í 20 ár. Þetta byrjaði á að ein vinkona mín sem er flugfreyja gaf mér marglita jólaseríu sem hún hafði keypt úti í Ameríku fyrir að hjálpa henni eitthvað með rafmagnið heima hjá henni. Mér fannst þessi sería svo rosalega flott, hún var svo skær og fín og ég setti hana utan um útihurðina. Það var nú eiginlega það eina sem ég gerði það árið en svona byrjaði þetta. Svo þróaðist þetta og ég fór að gera við gamlar seríur sem voru ónýtar. Svo vill maður alltaf meira og meira,“ segir Magnús og hlær.

Hús Magnúsar vekur lukku hjá öllum þeim sem eiga leið hjá. Nágrannar hans eru líka sáttir. „Já, nágrannarnir eru voða ánægðir. Einhvern tímann var ég eitthvað seinn að setja upp seríur, það var mikið að gera í vinnunni og veðrið ekki alveg að gera sig, og þá kom ein nágrannakonan yfir því hún hélt bara að jólin ætluðu ekkert að koma.“

Það tekur vissulega töluverðan tíma að skreyta húsið og lóðina en Magnús dreifir þessu á nokkra daga. „Ég reyni að vera búinn að setja eitthvað aðeins upp fyrstu helgina í aðventu. Svo er maður bara að dunda sér við þetta þegar tækifæri gefst, á kvöldin þegar það er gott veður og um helgarnar fram að jólum. En þetta eru svona fjórir fimm góðir dagar.“

Magnús hefur ekki tölu á hversu margar seríur eru á húsinu og í garðinum. „Þetta eru einhver nokkur þúsund. Átta, níu þúsund myndi ég halda,“ áætlar Magnús sem kaupir jólaskrautið í Ameríku. „Það munar slatta á verði og oft eru þetta skemmtilegri ljós.“

Þó að hús Magnúsar sé skreytt hátt og lágt væri hann alveg til í að skreyta það meira. „Ég sagði við konuna í gær, þegar við vorum að koma heim úr jólaboði, að mér fyndist þetta nú eitthvað hálflítið. Hún leit bara á mig og ég held hún hafi ekki alveg verið sammála mér sko,“ segir Magnús og hlær.

„Maður þarf að gera smá áhlaup bara,“ segir Magnús aðspurður hvernig sé svo að taka seríurnar niður eftir jólin. „Sonur minn er mjög duglegur að hjálpa mér, við tökum kannski ca. helgi í að taka niður og hrúga öllu inn í skúr.“

**ÉG SAGÐI VIÐ KONUNA Í GÆR, ÞEGAR VIÐ VORUM AÐ KOMA HEIM ÚR JÓLABOÐI, AÐ MÉR FYNDIST ÞETTA NÚ EITTHVAÐ HÁLFLÍTIÐ.**

gudnyhronn@365.is



Magnús kaupir jólaskrautið helst í Ameríku.



Magnús beið spenntur eftir jólasnjónum í seinustu viku.



„Grýlukerta“-seríurnar sem hanga á þakkantinum eru í ákveðnu uppáhaldi hjá Magnúsi.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# OPIÐ Í DAG

# 10-21

## VERIÐ VELKOMIN

STARFSFÓLK BÓNUS

LÁGT VERÐ

ALLA DAGA



BÓNUS

**OPNUNARTÍMI**

| | |
|---|---|
| 23. DES. FÖSTUDAGUR | 10-22 |
| 24. DES. LAUGARDAGUR | 10-14 |



Kolfinna Kristínardóttir með glæsilega jólaförðun þar sem rauðar varir eru í aðalhlutverki.



Helga farðaði augun áður en hún bar meik og hyljara á húðina.



Svona lítur förðunin út áður en augnhárin og varaliturinn eru sett á.



Augnhárin frá Lilly Lashes fullkomna augnförðunina.

# Fullkomnaði förðunina með rauðum varalit

**Helga Karólína Karlsdóttir,** eigandi verslunarinnar Coolcos, er á því að glamúrinn eigi að vera í fyrirrúmi þegar kemur að jólaförðuninni. Rauður varalitur og gerviaugnhár setja punktinn yfir i-ið.

Ég ákvað að gera mjög hefðbundna og einfalda förðun sem flestir gætu gert," segir Helga Karólína um jólaförðunina sem hún framkallaði fyrir lesendur. Meðfylgjandi eru skref fyrir skref leiðbeiningar og upplýsingar um þær vörur sem Helga notaði á fyrirsætuna Kolfinnu Kristínardóttur.

„Ég byrjaði á því að undirbúa húðina vel því falleg húð er lykillinn að fallegri förðun. Ég hreinsaði húðina með Makeup Eraser, bar á hana gott rakakrem og augngelið No Old Bags Allowed frá Anatomicals," segir Helga um fyrstu skrefin.

„Ég farðaði svo augabrúnirnar og augun á meðan kremið smaug inn í húðina. Ég byrja alltaf á að móta augabrúnirnar þar sem þær undirstrika augnsvæðið og þá finnst mér betra að farða augun, ég notaði Flawless Brow pallettuna í það og greiddi þær. Í þessa förðun notaði ég pallettuna Nude Tude frá The Balm á augun. Ég byrjaði á því að fara með ljósbrúna matta litinn Sultry við augnhárarót og blandaði upp á við, að augnbeininu. Síðan fór ég með dökkbrúna litinn Sleek og notaði hann að augnhárarót og blandaði upp að miðju. Til að fá smá mýkt í augnförðunina notaði ég brúna sanseraða litinn Seductive og blandaði í miðjuna á litunum tveim. Undir augun setti ég ljósbrúna litinn bara að miðju," útskýrir Helga. Hún lagði áherslu á að augnförðunin væri tiltölulega létt.



Helga Karólína kennir lesendum réttu förðunartrixin.

**RAUÐAR VARIR SETJA ALLTAF GLÆSIBRAG Á JÓLAFÖRÐUNINA.**

Næsta skref var svo að strjúka yfir húðina undir augunum. Svo setti Helga góðan farðagrunn á húðina og því næst hyljara. „Ég nota alltaf hyljarann fyrst og síðan farða. Ég notaði Full Coverage Concealer 01 frá Dark Blond, hann setti ég undir augun, kringum nef og á rauð svæði. Síðan notaði ég farðann All Day Moist sem er rakagefandi farði frá danska merkinu Dark Blond, hann er án allra aukefna og ilmefna, hann gefur ljómandi og fallega áferð. Þar sem við viljum fá góða endingu á þessa hátíðarförðun skellti ég smá af steinefnapúðrinu frá Dark Blond létt yfir allt andlit. Síðan skyggði ég andlitið með skyggingarpúðrinu Bahama Mama, setti fallega highlighterinn Mary Lou Manizer ofan á kinnbein, á nefbroddinn, og rétt efst á varir. Highlighterinn setur alveg punktinn yfir i-ið. Því næst setti ég á matta kinnalitinn Argyle frá the Balm."

Helga setti svo stórglæsileg augnhár á fyrirsætuna. „Þetta eru augnhárin Tease úr Luxury-línunni frá Lilly Lashes. Svo bar ég maskarann frá Dark Blond á augnhárin og að lokum setti ég „eyedustið" No money, no honey í augnkrókana og undir augun, að miðju."

Til að fullkomna förðunina setti Helga rauðan varalit á Kolfinnu. „Rauðar varir setja alltaf glæsibrag á jólaförðunina. Ég notaði varablýantinn Spiced og varalitinn Adoring úr Meet Matt(e) Hughes-línunni, hann verður alveg mattur og helst á allt kvöldið."

Helga mælir svo með að áhugasamir fylgist með þeim í Coolcos á samfélagsmiðlum undir notandanafninu coolcosiceland. Þar mun Helga sýna réttu handtökin þannig að allir ættu að geta tekið vel farðaðir á móti jólunum. **gudnyhronn@365.is**








Brot af þeim vörum sem Helga notaði í jólaförðunina.

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

# PAKKAJÓL
## HÚSASMIÐJUNNAR

Borvél 550W Vnr. 5245599
**5.995kr**
~~9.495kr~~

Kaffivél Vnr. 1840171
**12.530kr**
~~17.900kr~~
Russell Hobbs

Jakki dömu Vnr. 5852678-83
**4.499kr**
~~5.999kr~~
TRUENORTH

# 20-30% afsláttur

af **ÖLLUM** rafmagnsverkfærum, smáraftækjum, búsáhöldum og True North fatnaði

Pottur 16 cm Vnr. 2006401
**2.624kr**
~~3.499kr~~
BEKA

Brauðrist Vnr. 21840180
**10.843kr**
~~15.490kr~~
Russell Hobbs

Eldhúshnífar Vnr. 2007431
**7.490kr**
~~9.990kr~~

Hleðsluborvél, 54 fylgihlutir
Vnr. 5246785
**24.995kr**
~~32.995kr~~
HITACHI
Inspire the Next

Opið til
**22:00**
**Skútuvogi**
Alla daga til jóla
Sjá alla afgreiðslutíma á **husa.is**

**Byggjum á betra verði**

www.husa.is

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.



Svona ber Berglind jólaísinn fram. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Pistasíuísinn er algerlega ómissandi

**Berglind Ólafsdóttir**, konan á bak við matarbloggið Krydd & krásir, er alltaf með gómsætan pistasíuís í eftirrétt á aðfangadag. Ísinn er ómissandi partur af jólunum á hennar heimili en uppskriftin góða kemur úr gömlu blaði.

Þessi uppskrift er komin frá móður minni heitinni, hún fann hana í einhverju gömlu blaði og ég man eftir að við breyttum henni saman og löguðum að okkar smekk fyrir margt löngu. Síðan þá er þessi ís algerlega ómissandi eftirréttur á aðfangadag," segir bloggarinn Berglind Ólafsdóttir. „Þetta er líklega eini rétturinn sem ekki hefur verið skipt út á aðfangadag – enda þykir okkur þessi eftirréttur sá allra besti.

Sjálf ber ég hitann og þungann af matseldinni, en nýt dyggrar aðstoðar allra fjölskyldumeðlima," segir Berglind spurð út í hver sjái um matseldina á hennar heimili á jólunum. „Svo er tengdasonur minn mikill snillingur í eldhúsinu og spilar hann sífellt stærri og skemmtilegri rullu í jólamatseldinni," segir hún.

Berglind er metnaðarfull þegar kemur að jólamatnum. „Þegar kemur að jólamatnum þá gerum við einfalda hluti óþarflega en skemmtilega flókna og erum með tvo, þrjá aðalrétti á aðfangadag, bara til að allir fái örugglega sitt uppáhald. Á síðustu árum höfum við verið djarfari en áður við val á forrétt og aðalréttum. Humar og villtar gæsir spila yfirleitt stórt hlutverk á matseðli hins djarfa hluta fjölskyldunnar, en hamborgarhryggur fyrir þá íhaldssömu og stundum hnetusteik eða annar grænmetisréttur þegar mágur minn er á landinu. Í ár verður líklega hreindýr, hamborgarhryggur og grænmetisréttur í aðalrétt."






**Fjölskyldan hvetur hana áfram**

Berglind hefur bloggað um mat í rúm þrjú ár. „Þá lét ég undan þrýstingi yngri dóttur minnar og byrjaði að blogga. Ég nýt dyggrar aðstoðar og hvatningar frá fjölskyldunni. Bloggið heldur mér á tánum bæði hvað varðar nýjungar í matargerð en fær mig líka til að læra fleiri tæknitrix sem er bónus sem ég kann vel að meta," útskýrir Berglind sem deilir hér með lesendum uppskrift að pistasíuísnum umtalaða. „Ísuppskriftin er einföld og á allra færi að gera. Það má þess vegna skella í ísinn á Þorláksmessu og frysta hann þar til á aðfangadagskvöld."

gudnyhronn@365.is

Berglind kveðst vera jólabarn og njóta þessa árstíma í botn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**ÞETTA ER LÍKLEGA EINI RÉTTURINN SEM EKKI HEFUR VERIÐ SKIPT ÚT Á AÐFANGADAG.**

## PISTASÍUÍS

- 6 eggjarauður
- 100 g sykur
- 1 tsk. vanilludropar (mikilvægt að nota góða dropa – heimagerðir eru bestir)
- 60 g pistasíuhnetukjarnar, smátt skornir
- ½ l rjómi

Þeytið eggjarauður og sykur mjög vel saman, bætið vanilludropunum saman við. Léttþeytið rjómann. Bætið rjóma og hnetum varlega saman við eggjahræruna. Frystið í djúpu formi í a.m.k. sólarhring.

## HEIT SÚKKULAÐISÓSA

- 3 mars-súkkulaðistykki
- 100 g suðusúkkulaði
- 1 dl rjómi

Brjótið súkkulaðið í smáa bita og setjið í pott, hellið rjómanum yfir. Bræðið saman við vægan hita. Hrærið reglulega í pottinum en það tekur svolítinn tíma fyrir súkkulaðið að bráðna allt saman og samlagast vel.

Berglind mælir með að skreyta ísinn með smátt skornum pistasíuhnetukjörnum og granateplakjörnum eða jarðarberjum áður en hann er borinn fram.

markhönnun ehf

netto

# JÓLABÓKIN FÆST HJÁ OKKUR

KRAFLA - SPIL
**8.498 KR**




Orðaleikur fyrir tvo til fjóra leikmenn sem reynir á orðaforða, hugmyndaflug og herkænsku




STÓRA BÓKIN UM VILLIBRÁÐ
**6.699 KR**




HOLLT NESTI
**2.599 KR**




FÓLK Á FJÖLLUM
**4.549 KR**




ELDHÚS GRÆNKERANS
**4.689 KR**




ÚTKALL KRAFTAVERK UNDIR JÖKLI
**4.199 KR**




HÚH! ÍSLAND Á EM 2016
**2.599 KR**




ÍSLENSK KNATTSPYRNA 2016
**4.959 KR**




VONDA FRÆNKAN
**2.924 KR**




LADDI
**4.199 KR**

**www.netto.is | Tilboðin gilda 22. - 24. desember**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

# Jólakjóllinn er kominn í hús

Heilsugúrúinn og fagurkerinn **Hildur Sif Hauksdóttir** er komin með jóladressið. Eftir dágóða leit fann hún hinn fullkomna jólakjól sem mun vera afar þægilegur og smart.



Hildur Sif Hauksdóttir heldur úti heilsusíðunni healthbyhildur á Instagram. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hildur Sif kveðst vera með mínímalískan stíl og leggja mikla áherslu á þægindi þegar hún kaupir sér föt. „Þægindi eru lykilatriði á aðfangadag ef maður á að endast í dressinu fram á kvöld,“ segir Hildur, sem mun klæðast kjól frá Samsøe & Samsøe um jólin. „Ég fann þennan rosa flotta kjól í Karakter í Smáralindinni. Hann er klassískur í sniðinu og mjög þægilegur.“

Hildur kaupir sér ávallt nýtt dress fyrir jólin. „Já, það hefur verið ákveðin hefð að kaupa sér eitthvað fínt fyrir jólin til að gera kvöldið extra sérstakt. Eftirminnilegasta dress sem ég hef klæðst á aðfangadag er sérsaumaður gullkjóll sem amma mín saumaði á mig og systur mína þegar við vorum litlar, mér þykir rosa vænt um þann kjól.“

Aðspurð út í bestu tískujólagjöf sem hún hefur fengið kemur gervipels úr Topshop fyrst upp í huga Hildar. „Ég fékk hann frá kærastanum mínum fyrir nokkrum árum. Ein af mest notuðu flíkum sem ég á og ég nota hann allan ársins hring. Einnig eru sólgleraugu frá Valentino í miklu uppáhaldi, þau gaf ég sjálfri mér fyrir einu ári síðan.“

Hvað er svo á óskalistanum hjá fagurkeranum Hildi? „Svartur Fallabella-bakpoki frá Stellu McCartney, skórnir Nike Air Max 95 premium, Organic Tonic maski frá Mario Badescu og svo er ég líka mjög ástfangin af úlpunni Hofsjökli í sérstakri útgáfu frá 66°Norður. Þetta er eitthvað af því sem er á óskalistanum mínum þessa stundina.“

gudnyhronn@365.is



Kjóllinn sem Hildur mun klæðast á jólunum.

Brot af því sem er á óskalista Hildar þessa stundina.






macron



Blikkljós með klemmu fylgir öllum hlaupabuxum og -jökkum í desember.

LÁTTU SJÁ ÞIG

Macron er ört vaxandi íþróttamerki með höfuðstöðvar í Bologna á Ítalíu. Vandaður og litríkur fatnaður fyrir alla aldurshópa.

Macron Store Reykjavík er opin 12-18 alla virka daga og 11-14 á laugardögum.

Macron.is | Macron Store Reykjavík | Grensásvegi 16

ELLINGSEN

100 ÁRA

25%

VIÐ LJÚKUM 100 ÁRA AFMÆLI OKKAR MEÐ 25% AFSLÆTTI TIL ÁRAMÓTA.

OPNUNARTÍMI TIL JÓLA

ÞRIÐJUDAG–FIMMTUDAG 10–20 / ÞORLÁKSMESSA 10–21 / AÐFANGADAG 10–12

ELLINGSEN

FISKISLÓÐ 1
REYKJAVÍK
580-8500

SÍÐAN 1916
ELLINGSEN.IS

TRYGGVABRAUT 1-3
AKUREYRI
580-8550

# METSÖLULISTI EYMUNDSSON

## VIKAN 14.12.16 – 20.12.16




**1** Petsamo
Arnaldur Indriðason




**2** Aflausn
Yrsa Sigurðardóttir




**3** Þín eigin hrollvekja
Ævar Þór Benediktsson




**4** Heiða
Steinunn Sigurðardóttir




**5** Ör
Auður Ava Ólafsdóttir




**6** Stjörnuskoðun
Sævar Helgi Bragason




**7** Tvísaga
Ásdís Halla Bragadóttir




**8** Pabbi prófessor
Gunnar Helgason




**9** Vögguvísurnar okkar
Ýmsir




**10** Svartigaldur
Stefán Máni

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Penninn Eymundsson



**Svanurinn ætlar að koma fólkinu í jólagírinn með blöndu af spuna og fyrirfram æfðu efni.** MYND/GUÐMUNDUR EINAR

# Berskjaldaðir á sviði í tilefni jólanna

Um jólin tíðkast að skella sér á tónleika og nánast hver einasti tónlistarmaður á landinu er með einhvers konar jólatónleika í desember. Nú er hægt að breyta út af vananum og skella sér á jólaspuna – en spunahópurinn **Svanurinn** heldur jólasýningu í Tjarnarbíói í kvöld.

Við erum spunahópur sem er búinn að sýna spunasýningar með Improv Ísland og sérhæfum okkur í því. En þessi sýning er jólasýning vegna þess að við ætlum að bæta við „elementum“ sem eru ekki spuni – þannig að þetta verður að hluta spunashow og að einhverjum hluta til atriði sem við erum búnir að æfa og eru hönnuð til að koma fólki í jólaskapið. Það er rosa langt fyrir utan þægindarammann okkar að plana grínið fyrir fram, þannig að þetta ætti að verða ansi áhugaverð tilraun,“ segir Guðmundur Felixson, einn spunameistaranna úr spunahópnum Svaninum aðspurður hvernig jólaspuni sé öðruvísi en annar spuni.

*Hvernig ætlið þið út fyrir þægindarammann?* „Sumum finnst mjög óþægilegt að hugsa til þess að fara upp á svið og spinna en mér hefur alltaf fundist það mjög þægileg tilhugsun því að ef það er ekkert fyndið þá getur maður alltaf sagt að þetta hafi nú ekkert verið ákveðið fyrir fram og hafi aldrei verið ætlunin að þetta hafi endilega átt að vera fyndið – þannig að við stöndum svolítið berskjaldaðir, er það ekki hinn sanni andi jólanna?

En neinei, svo eiga nú þessi atriði sem eru ekki spuni ekki endilega neitt að vera fyndin, heldur falleg og skemmtileg – við ætlum að syngja og bara gera þetta almennilega.“

Í fyrra hélt hópurinn sína fyrstu jólasýningu og var hún haldin á Bar 11, þá töluvert minni í sniðum en í ár, en núna fer hún fram í Tjarnarbíói.

*Munuð þið nota þetta aukna rými í aukaskammt af sprelli?* „Já við erum náttúrulega vanir að sýna í pínulitlu rými í Þjóðleikhúskjallaranum. Það er töluvert mikið umstang í kringum þetta núna, við erum búnir að vera að vinna tæknivinnuna núna síðustu daga og það tekur alveg töluvert lengri tíma en maður er vanur vegna þess að það er ekkert hægt að ljósahanna spunasýningu, en við getum ljósahannað aðeins núna. Þannig að já, við erum að nýta okkur alla vega tæknibúnaðinn í Tjarnarbíói til að gera dálítið show.“

*Má þá búast við miklum tæknibrellum, til dæmis að þið verðið með einhvern hangandi í vír? Það myndi auðvitað gagnast í uppsetningu á til dæmis Jólasögu Dickens eða það gæti mætt engill í Tjarnarbíó.* „Nei, reyndar ekki, en við ætluðum að gera það. Við báðum Tjarnarbíó um leyfi fyrir að hengja einn af leikurunum upp í vír, en það reyndist of flókið þannig að í staðinn munum við nota mjög frumstæða tækni sem kallast á mannamáli vinnulyfta – það verður áhugavert að sjá hvað kemur út úr því.“

Ásamt Guðmundi eru í Svaninum sex aðrir liðsmenn – Adolf Smári Unnarsson, Auðunn Lúthersson, Máni Arnarson, Pálmi Freyr Hauksson, Ólafur Ásgeirsson og Guðmundur Einar. Hópurinn var stofnaður fyrir þremur árum en þeir strákarnir koma allir úr hópnum Improv Ísland. Það er hægt að tryggja sér miða á sýninguna á Miði.is. **stefanthor@frettabladid.is**



**Guðmundur Felixson spunaleikari.**

**ÞETTA VERÐUR AÐ HLUTA TIL SPUNASHOW OG AÐ EINHVERJUM HLUTA TIL ATRIÐI SEM VIÐ ERUM BÚNIR AÐ ÆFA OG ERU HÖNNUÐ TIL AÐ KOMA FÓLKI Í JÓLASKAPIÐ.**

## HVAÐ ER SPUNASÝNING?

Spunasýning er sýning þar sem leikararnir byrja með ekki neitt í höndunum. Oft fá þeir orð frá áhorfendum úr salnum og byrja að leika út frá þeim en til eru margar tegundir af sýningum og aðferðum við að spinna. Það sem er heillandi við spunann er óvissan og þær sprenghlægilegu aðstæður sem geta komið upp.

Frægasta dæmið um spuna er kannski þáttaröðin Whose Line Is It Anyway? en einnig hefur leikið efni eins og ameríska útgáfan af The Office verið byggð upp út frá leikurum úr improvi sem spinna þættina fyrir fram út frá ákveðinni beinagrind.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




Geysir Skólavörðustíg 7 & 16 & Kringlan, Reykjavík. Hafnarstræti, Akureyri. Geysir, Haukadalur. Sími 519 6000 — geysir.com.

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 Vísir
Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

Bakþankar

Tómasar Þórs Þórðarsonar



# Gleðileg tuðarajól

Sælla er að gefa en þiggja var einhvern tíma sagt. Undir þeim formerkjum hefði maður haldið að gaman væri að fara og kaupa eitthvað fallegt sem þú gefur svo öðrum og bíður spenntur eftir brosinu á andliti viðkomandi. Það virðist þó ekki vera alveg satt ef marka má stemninguna á jólagjafarúnti Íslendinga.

Ég tók strauið í vikunni og kláraði innkaup á flestöllum gjöfum sem ég læt af hendi þessi jólin. Ég hef líklega aldrei dottið úr meiri jólafíling en eftir þann bíltúr. Og er ég nú ekkert jólabarn fyrir.

Sjálfur skal ég viðurkenna að sem mjög reiður bílstjóri var biluð umferðin og ökulag margra ykkar sem eruð að lesa þetta að fara óstjórnlega í taugarnar á mér. Þið heyrið mig ekki öskra á ykkur í gegnum rúðuna en Guð minn góður hvað þið eruð mörg fyrir mér.

Það var inni í verslunarkjörnunum og búðunum sjálfum sem ég fékk ógeð. Það tók á sums staðar að sjá grey afgreiðslufólkið sem stendur vaktina svo klukkustundum skiptir að afgreiða fleiri þúsundir Íslendinga og fá öskur og tuð í andlitið yfir minnstu hlutum. Það er fátt ósanngjarnara en að taka jólastressið út á einhverjum sem er að reyna að hjálpa þér.

Það er einhver almesti misskilningur sögunnar að viðskiptavinurinn hafi alltaf rétt fyrir sér. Þetta er setning sem hljómar vel en er algjört kjaftæði. Ef viðskiptavinurinn hefði alltaf rétt fyrir sér væri hann að vinna í búðinni eða jafnvel eigandi hennar. Sá sem er að afgreiða þig veit meira um vöruna og búðina og er að reyna að hjálpa þér. Segðu bara takk og gleðileg jól. Þetta er jú hátíð ljóss og friðar – ekki tuðs og öskra.

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland




